Bændablaðið

7. tölublað 2026 • Fimmtudagur 16. apríl • Blað nr. 700 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is

**Umferðaröryggi** Fréttir af umferðarslysum eru tíðar en árangur hefur þó náðst við að fækka þeim. 6



**Sláturfélag Suðurlands** Félagið skilaði besta rekstrarári í sögu félagsins 2025. 22



**Indriði G. Þorsteinsson** Öld liðin frá fæðingu skáldsins. 50





VERÐLAUNABÆNDUR Í Gunnbjarnarholti hefur átt sér stað stórfelld uppbygging í mjólkurframleiðslu, sjálfstæðri mjólkurvinnslu undir merkjum Hreppamjólkur, auk þess sem þar er rekið verktaka- og þjónustufyrirtæki fyrir íslenskan landbúnað. Hjónin Arnar Bjarni Eiríksson og Berglind Bjarnadóttir hlutu landbúnaðarverðlaunin 2026 á Búnaðarþingi. Þau segja frá búi sínu og uppbyggingarstarfinu í miðopnu blaðsins í dag. Mynd / Þröstur Helgason

## Hormússund í lykilhlutverki

**Ró hefur ríkt á matvælamarkaði heimsins á undanförnum árum en fallvaltleiki matvælakerfanna afhjúpaðist við lokun sundsins.**

Sárafá skip fara nú um sundið sem skilur að Persaflóann og Ómanflóa. Um þriðjungur áburðar sem notaður er til ræktunar um helmings allra matvæla heimsins fer um sundið sem Íranir lokuðu um síðustu mánaðamót í kjölfar árásar Bandaríkjamanna og Ísraela. Lokunin hefur áhrif á áburðarverð til lengri eða skemmri tíma nú þegar nýtt ræktunartímabil er að hefjast um allt norðurhvel.

Áburðargeirinn hefur ólíkt olíugeiranum engar alþjóðlegar samræmdar birgðir. Alþjóðamatvælastofnunin (FAO) hefur varað við að áframhaldandi átök geti valdið meira hungri í heiminum en nokkurn tímann hefur áður sést. Lokunin afhjúpar fallvaltleika matvælakerfa heimsins.

Ráðstefna um frjálsar og öruggar siglingar sem Evrópuleiðtogar leiða með Emmanuel Macron Frakklandsforseta og Keir Starmer, forsætisráðherra Bretlands, í fararbroddi fer fram á morgun. Forseti Írans segir Evrópulönd geta leikið lykilhlutverk í friðarviðræðum. /eks

*– Sjá nánar bls. 18*

# Stuðningur við rannsóknir mun minni á Íslandi

**Samkvæmt skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá síðasta ári rann mun lægra hlutfall af heildarstuðningi við landbúnað til almennrar þjónustu við landbúnað á Íslandi en í öðrum Evrópulöndum á árunum 2022–2024.**

OECD skilgreinir þennan flokk stuðnings sem General Services Support Estimate (GSSE) – sem er utan við beinan framleiðslustuðning – og í gögnunum sést að þetta hlutfall var 3,9% á Íslandi samanborið við um 4,7% í Noregi, um 12,9% í Evrópusambandinu, 12,6% í Bretlandi, 25,2% í Kanada og 12% í Bandaríkjunum.

### Lágt hlutfall til þekkingar- og nýsköpunarstarfa

Í gögnunum sést einnig að hlutfallið sem fer til þekkingar- og nýsköpunarstarfa landbúnaðarins (knowledge and innovation system), innan þessa GSSE-flokks, er einnig mun lægra hér á landi á þessu árabili, eða um 11%. Þetta hlutfall er meira en 50% í Noregi og Evrópusambandinu. Á Íslandi fer langstærsti hluturinn af GSSE-stuðningnum í eftirlit og stjórnun (inspection and control), eða um 67%.

Í skýrslu OECD eru einnig upplýsingar um stöðu mála fyrir árin 2000–2002, á starfstíma Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem var svo lagður niður á árinu 2020 eftir að Matvælasjóður var stofnaður. Þá var hlutfall GSSE af heildarstuðningi við landbúnað 7,4% og vægi þekkingar- og nýsköpunarverkefna innan GSSE rúmlega 45%.

### Um tíu prósent til frumframleiðenda

Með stofnun Matvælasjóðs voru Framleiðnisjóður landbúnaðarins og AVS – rannsóknasjóður í sjávarútvegi lagðir niður og fjármagn þeirra lagt inn í hinn nýja sjóð, enda var honum ætlað að taka við hlutverkum þeirra beggja.

Á þeim fimm árum sem Matvælasjóður hefur starfað og úthlutað styrkjum, hefur um þriðjungur farið til landbúnaðarverkefna – eða um milljarður króna. Af þeim hluta hafa frumframleiðendur í landbúnaði fengið um tíu prósent.

Fyrirtæki og stofnanir í verkefnum sem tengjast landbúnaði hafa fengið langmest og stór hluti alls stuðnings við landbúnað hefur farið til höfuðborgarsvæðisins.

Það heildarfjármagn sem hefur komið til úthlutunar ár hvert hefur haldist nálægt þeim 500 milljónum sem lagðar voru inn í hinn nýstofnaða sjóð, en hann er fjármagnaður beint í gegnum fjárlög. Fjármunir til Framleiðnisjóðs voru hins vegar að mestu ákvarðaðir í gegnum rammasamning búvörusamninga á milli ríkis og Bændasamtaka Íslands.

### Stuðningur til starfandi bænda

Þegar Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, er spurð um þróun þessara mála segir hún að samtökin leggi áherslu á að stuðningur við landbúnað renni í sem mestum mæli til starfandi bænda. „Þar er landbúnaðinum mikilvægt að það sé lifandi og öflugt nýsköpunarumhverfi í íslenskri matvælaframleiðslu. Það má hins vegar ræða það og þarf að ræða það í hvaða mæli við stýrum fjármununum, það eru tilteknar grunnrannsóknir sem við vitum að eiga erfitt uppdráttar í samkeppnissjóðum og þar þarf að finna lausn við hæfi.

Framlög til Framleiðnisjóðs voru í búvörusamningum á sínum tíma og það kemur vel til greina af okkar hálfu að taka sambærilegt fyrirkomulag upp aftur,“ segir hún. /smh

*- Sjá nánar á síðum 20–22*

CLAAS FENDT KUHN JCB
VÉLFANG
Kverneland Schäffer STRAUTMANN



Hér má sjá ær á Nýja-Sjálandi, en samkvæmt upplýsingum hefur heildsalan Danól flutt inn lambakjöt þaðan. Mynd / Andrea Lightfoot - Unsplash

# Nýsjálenskt lambakjöt á Íslandi

**Heildsalan Danól er handhafi WTO intnflutningskvóta á lambakjöti og hefur flutt inn nálægt átján tonnum á árinu. Stjörnugrís ehf. hefur séð um að selja vörurnar og dreifa á markað.**

Í samtali segir Geir Gunnar Geirsson, forstjóri Stjörnugríss, að tæplega helmingurinn af þessum átján tonnum sé seldur. Hann bendir á að þetta sé sáralítið hlutfall af heildarsölu lambakjöts á Íslandi og furðar sig á þeirri gagnrýni sem þessi viðskipti hafa fengið en Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, birti ádrepu um málið í Morgunblaðinu á mánudag.

„Það eru boðnir út tollkvótar í lambakjöti eins og öllu öðru kjöti,“ segir Geir Gunnar. „Hingað streymir inn svínakjöt, nautakjöt, kjúklingur, ostar og egg. Það er ekki talið í átján tonnum, heldur í þúsunda tonna tali á hverju einasta ári og það virðist enginn hafa áhyggjur af því. Í svínakjöti er hátt í þrjátíu prósent sem er flutt inn, en ég held að innflutningurinn á lambakjötinu nái ekki einni prósentu,“ segir hann. Samkvæmt gögnum um innflutning og framleiðslu árið 2025 má sjá að innlend framleiðsla á kindakjöti var 7.811 tonn á meðan innflutningur var 16 tonn, eða rúmlega 0,2 prósent.

### Eftirspurn eftir sumum vöðvum

Á hverju ári eru boðnir út WTO og ESB tollkvótar og geta handhafar flutt vörur inn tollfrjálst upp að fyrir fram skilgreindu magni. „Ef það er ekki næg eftirspurn þá er kvótanum úthlutað,“ bendir Geir Gunnar á. „Eins ef þú býður eitthvert málamiðlagjald getur vel verið að þú lendir í því að fá hundrað tonna kvóta af lambakjöti, eins og gerðist hjá okkur á sínum tíma,“ segir Geir Gunnar, en Stjörnugrís prufaði að flytja inn lítið magn af lambakjöti fyrir nokkrum árum, en því hafi verið sjálfhætt.

„Við leggjum enga sérstaka áherslu á þetta og það þýðir lítið að selja þetta í búðir. Hins vegar verður á tímabilum skortur á ákveðnum vöðvum og því skapast einhver eftirspurn eftir því.“ Hann segir innflutningsaðila ekki hafa nýtt sér innflutningskvótann á lambakjöti nema í mjög litlu mæli, en síðast var boðin út um 350 tonna innflutningsheimild til 12 mánaða.

### Herjar allt á hvort annað

Geir Gunnar gagnrýnir hversu mikið er flutt inn af hvers kyns kjöti, en allt hafi þetta áhrif á hvort annað. Eins hafi tollskráin ekki verið uppfærð í áranna rás eða fylgt vísitölu þannig að innflutningur á fullum tollum umfram úthlutaða tollkvóta geti borgað sig í mörgum tilfellum. „Því er lítill hvati hérna innanlands til að framkvæma eða auka framleiðslu, þar sem aukinni eftirspurn er mætt með innflutningi á fullum tollum.

Framleiðsla lambakjöts hefur dregist saman af mörgum ástæðum, til að mynda vegna aukins framboðs á ódýrari kjöttegundum,“ segir Geir Gunnar og vísar þá meðal annars til innflutts kjúklings, svínakjöts og nautakjöts. Neytendur leiti því frekar í hagstæðari vöru þegar hún er í boði. „Allt herjar þetta hvort á annað með einum eða öðrum hætti.“

Aðspurður segir hann Stjörnugrís flytja inn svínakjöt eftir að hafa staðið fyrir utan innflutninginn um árabil. „Við auglýstum okkur sem eina svínakjötsframleiðandann sem væri bara með íslenskt kjöt, en svo áttuðum við okkur á því þegar fram liðu stundir að við þyrftum annaðhvort að vera með eða að verða undir í samkeppni. Það eru allir að flytja inn einfaldlega vegna þess að menn geta ekki staðið fyrir utan þetta ef þeir ætla að vera samkeppnisfærir í þessum bransa,“ segir hann. */ál*

# Nauðsynlegt að samningsmarkmið liggi skýrt fyrir

## – segir í umsögnum um tillögu að þjóðaratkvæðagreiðslu

**Bændasamtök Íslands (BÍ) segja í umsögn, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu (ESB), að óvissan vegna mögulegra aðildarviðræðna sé landbúnaðinum ákaflega skaðleg, þar sem hún hafi kælandi áhrif á fjárfestingar í landbúnaði – einkum ef þær dragist á langinn.**

Telja þau að ef aðildarviðræður hefjist, lengist tímabil óvissu um mörg ár. Neikvæðar afleiðingar þessarar óvissu verði meðal annars þær að framleiðnivöxtur í landbúnaði dragist aftur úr öðrum þjóðum, dragist fjárfesting saman, sem óhjákvæmilega leiði af sér verri samkeppnishæfni til lengri tíma fyrir innlendan landbúnað.



Bændasamtök Íslands telja nauðsynlegt að samningsmarkmið Íslands liggi skýrt fyrir áður en að þjóðin gengur til kosninga. Mynd / smh

### Engar athugasemdir við þjóðaratkvæðagreiðsluna

Áréttað er í umsögn BÍ að ekki séu gerðar athugasemdir varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort farið verði í aðildarviðræður við Evrópusambandið eða ekki.

Stjórnvöldum sé bæði rétt og skylt að afla umboðs þjóðarinnar við slíkar aðstæður. Hins vegar verði að gæta að form- og efnisskilyrðum slíkrar atkvæðagreiðslu ásamt undirbúningi þannig að kjósendur geti tekið upplýsta ákvörðun.

### Engin markmið í landbúnaðarkafla

Í umsögninni segir að stuðningskerfi landbúnaðar í ESB sé í grundvallaratriðum gjörólíkt íslensku stuðningskerfi, sem grundvallist á samningum milli bænda og stjórnvalda. Niðurstaða aðlögunar að svo ólíku kerfi gæti orðið gjörólíkur innlendur landbúnaður frá því sem nú er. Brottfall markaðsverndar myndi þýða mikið tekjutap fyrir bændur hér á landi verði niðurstaðan í líkingu við reynslu Finna árið 1995.

Segja þau enn fremur að þau sjónarmið sem komu fram í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar árið 2009 – og vörðuðu landbúnað – hafi verið mótsagnakennd og torskilin. Samningsmarkmiðum í landbúnaðarkafla hafi aldrei verið skilað inn í fyrri aðildarviðræðum.

### Forsendur þurfi að liggja fyrir

BÍ telja því nauðsynlegt að samningsmarkmið Íslands liggi skýrt fyrir áður en þjóðin gengur til kosninga. Þá þurfi að liggja fyrir hvort að ríkisstjórnin hyggist hefja aðlögun að grunnreglum ESB áður en seinni atkvæðagreiðsla fari fram. Öðruvísi sé ekki hægt að taka upplýsta ákvörðun um afleiðingar valkosta þjóðaratkvæðagreiðslunnar, í takti við viðmið Feneyjarnefndar Evrópuráðsins um þjóðaratkvæðagreiðslur.

Benda samtökin á að árið 2011 hafi Bændasamtökin ályktað um lágmarksviðmið í aðildarviðræðum. Þessi ályktun sé í fullu gildi af hálfu Bændasamtaka Íslands, enda hefur Búnaðarþing ekki tekið nýja ákvörðun. Þessar varnarlínur geti nýst utanríkismálanefnd sem grundvöllur að skýrum og árangursríkum samningsmarkmiðum fyrir íslenskan landbúnað. Bændasamtök Íslands beina því til utanríkismálanefndar að afar mikilvægt sé að þau viðmið sem þingið setur séu skiljanleg almenningi. Samningsmarkmið þurfa að liggja fyrir og vera skýr áður en kemur til atkvæðagreiðslu. Þannig sé unnt að taka upplýsta afstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu.

### Villandi spurning

Að mati BÍ er spurning þingsályktunartillögunnar og forsendur hennar bæði óskýrar og villandi með þeim afleiðingum að kjósendur geti ekki tekið upplýsta ákvörðun. Villandi sé að tala um „áframhaldandi viðræður“ þar sem Ísland hafi ekki stöðu umsóknarríkis hjá ESB samkvæmt gögnum sambandsins. Sams konar athugasemd kom fram í umsögn Landskjörstjórnar.

Til að hefja viðræður þyrfti Ísland að sækja um aðild að nýju og þar af leiðandi sé spurningin villandi. Slíkt gangi gegn alþjóðlegum viðmiðum um góða framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna og vísa samtökin til viðmiða Feneyjarnefndar Evrópuráðsins í því sambandi.

### Upplýst ákvörðun kjósenda

Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) skiluðu inn umsögn þar sem einnig er lögð áhersla á að ítarlegar upplýsingar um samningsmarkmið, hagsmuni og áherslur stjórnvalda í aðildarviðræðunum þurfi að liggja fyrir.

Ef halda eigi þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja skuli umsóknarferlið að nýju, þurfi að liggja algjörlega ljóst fyrir til hvers það umboð nær, verði umboð veitt á annað borð. „Slíkar upplýsingar eru forsenda upplýstrar og lýðræðislegrar umræðu. Án þessa eðlilega undanfara er ómögulegt fyrir kjósendur að taka upplýsta ákvörðun um hvort fara eigi í umsóknarferlið að nýju eður ei, enda áhrif niðurstöðunnar þá óljós,“ segir í umsögn SAFL.

### Uppfærð samningsmarkmið í víðtæku samráði

Í greinargerð með tillögunni til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu kemur fram um meginhagsmuni og samningsmarkmið í viðræðum við Evrópusambandið að umfangsmikil vinna við mótun samningsmarkmiða Íslands hafi farið fram í undirbúningi fyrir og í tengslum við aðildarviðræðurnar 2010–2013. Þar var tilgreint að meðal grundvallarhagsmuna Íslands væri að „tryggja öflugan íslenskan landbúnað á grundvelli fæðuöryggis og matvælaöryggis“.

„Ákveði þjóðin að halda áfram viðræðum um aðild að ESB myndu stjórnvöld vinna uppfærð samningsmarkmið í víðtæku innlendu samráði sem síðan yrðu lögð fyrir Alþingi í sérstakri skýrslu. Þann tíma sem viðræður hafa legið niðri hafa bæði átt sér stað breytingar innanlands og á hinu alþjóðlega sviði sem taka þyrfti tillit til við mótun endurskoðaðra samningsmarkmiða. Þær áherslur sem mótaðar voru í tengslum við upphaflegar viðræður yrðu þó hafðar til hliðsjónar,“ segir enn fremur í greinargerðinni. */smh*




## Hvað segja bændur?

# Tæp fjörutíu prósent telja áframhaldandi búskap ekki tryggðan

**Niðurstöður könnunar sýna að skiptar skoðanir eru meðal bænda um það hvort áframhaldandi búskapur sé tryggður á býlum þeirra þegar þeir hætta sjálfir búskap.**

38,5% svarenda segjast ósammála þeirri fullyrðingu, á meðan ríflega þriðjungur tekur undir hana með einum eða öðrum hætti.

Samkvæmt niðurstöðunum eru 16,59% svarenda sammála því að áframhaldandi búskapur sé tryggður á þeirra býli þegar þeir hætta, og 18,83% segjast nokkuð sammála.

Á hinn bóginn segja 27,58% svarenda að þau séu ósammála því að tryggt sé að búskapur haldi áfram á býlinu eftir að þau hætta og 10,09% eru því nokkuð ósammála. Þá vekur athygli að 26,91% svarenda eru óviss um það hvort búskapur sé tryggur þegar þeir hætta. Niðurstöðurnar sýna þannig að töluverður hluti svarenda annaðhvort efast um eða telur óljóst hvort næsta kynslóð taki við búskapnum. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Bændablaðsins meðal félagsmanna í Bændasamtökumn Íslands. Svör bárust frá 446 félagsmönnum, sem eru 20,8%. */þh*




Styrkir til skóg-ræktar
Milljón plöntur
Nýmörk er sjóður á vegum verslunarinnar sem styrkir skógræktarverkefni einstaklinga og félagasamtaka um land allt.
Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.
Upplýsingar um styrki og ræfrænt umsóknar-eyðublað er að finna á Nymork.is
Nýmörk
POKASJÓÐUR
NÝMÖRK ER VERKEFNI POKASJÓÐS SEM HEFUR FRÁ ÁRINU 1996 VEITT MEIRA EN 3.000 MILLJÓNUM TIL GÓÐRA MÁLEFNA.



Í nýju frumvarpi er ætlunin að skýra stöðu vindorku innan rammaáætlunar. Mynd / smh

Vindorka:

# Nýting útilokuð á verndarsvæðum

**Í frumvarpi sem Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra mælti fyrir á dögunum er lagt til að nýting vindorku verði útilokuð á svæðum sem hafa verið friðlýst eða njóta sérstakrar verndar, svo sem á Ramsar-svæðum, svæðum á heimsminjaskrá UNESCO og B-hluta náttúruminjaskrár.**

Frumvarpinu er ætlað að skýra stöðu vindorku innan rammaáætlunar og tryggja viðeigandi verndun náttúruverðmæta sem Alþingi hefur verndað.

### Lýtur að mestu sömu lögmálum og aðrir orkukostir

Vindorkunýting mun þó í meginatriðum lúta sömu lögmálum innan rammaáætlunar og aðrir orkukostir. Verkefnisstjórn verður hins vegar gert að horfa sérstaklega til ákveðinna viðbótarþátta, eins og formlegrar afstöðu sveitarfélaga, atvinnuþróunar í viðkvæmum byggðum og til raforkuöryggis og samlegðar við uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Annar þáttur frumvarpsins snýr að verndarflokki rammaáætlunar. Í greinargerð með frumvarpinu segir að markmiðið sé að tryggja að þau svæði sem talin eru svo verðmæt í eðli sínu að rétt sé að flokka þau í verndarflokk áætlunarinnar sæti ítarlegri skoðun með það fyrir augum að fyrsti kostur verði að friðlýsa þau á grundvelli almennra friðlýsingarflokka náttúruverndarlaga, frekar en einungis gegn orkuvinnslu.

### Skýrar leikreglur um vindorkuna

Í tilkynningu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins er haft eftir Jóhanni Páli að löngu sé tímabært að skapa skýrari leikreglur um vindorkuna.

„Fallið hefur verið alfarið frá áformum sem uppi voru áður en núverandi ríkisstjórn tók við um sérstaka flýtimeðferð vindorkugarða í nafni orkuskipta og kolefnishlutleysis. Í staðinn leggjum við til að vindurinn verði felldur með ótvíræðum hætti undir rammaáætlun, vindorkunýting verði bönnuð á viðkvæmum náttúrusvæðum en að afstaða sveitarfélaga og sjónarmið um atvinnu- og byggðaþróun og styrkingu flutningskerfis raforku vegi þungt við mat á vindorkukostum.

Samhliða þessu komum við verndarhlið rammaáætlunar í betri skorður. Staðreyndin er sú að engin svæði í verndarflokki rammaáætlunar hafa verið friðlýst með lögformlega réttum og bindandi hætti síðan lögin tóku gildi. Við leggjum til nýja nálgun: að eftir ítarlegt ferli rammaáætlunar sé verndað á grundvelli viðeigandi friðlýsingarflokka náttúruverndarlaga fremur en einvörðungu gegn orkuvinnslu," segir Jóhann Páll.

*/smh*




# Beðið útgáfu reglugerðar um eyrnamerki í sauðfé

## – Samstarfi um endurskoðun lauk í árslok 2025

**Á deildarfundi sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands (BÍ) á Búnaðarþingi í mars, vakti Eyjólfur Ingvi Bjarnason, formaður deildarinnar, athygli á því að enn væri unnið að útgáfu nýrrar merkingarreglugerðar búfjár, þar sem skerpt er á skilgreiningu örmerkja fyrir sauðfé. Undanþága um endurnýtingu slíkra merkja rann út 1. nóvember síðastliðinn.**

Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að merkingamálin séu í hálfgerðri biðstöðu eins og er. „Verið er að vinna að útgáfu nýrrar merkingarreglugerðar, en þangað til að hún kemur út þá gildir sú gamla."



Bæði venjuleg eyrnamerki og eyrnamerki með örmerkjum verða gild. Mynd / smh

### Nota má venjuleg eyrnamerki og eyrnamerki með örmerkjum

„Endurnýting á eyrnamerkjum var bönnuð frá og með síðasta hausti og sú ákvörðun er búin að vera þekkt lengi. Það stendur ekki til að taka upp örmerki í staðinn, það er misskilningur. Eyrnamerki koma til með að vera áfram í gildi, bæði venjuleg eyrnamerki og eyrnamerki með örmerkjum.

Starfshópur um endurskoðun merkingarreglugerðar hefur að mestu lokið störfum og er nú verið að vinna verkið áfram í ráðuneytinu. Það að endurnýting á merkjum sé bönnuð er krafa frá Evrópusambandinu. Við fengum undanþágu til þess að leyfa endurnýtingu til hausts 2025," segir Sigurbjörg og bendir á að krafan um bann við endurnýtingunni hafi komið frá Eftirlitsstofnun EFTA.

### Ekkert frést af útgáfunni

Eyjólfur segir að málið hafi verið lengi í gangi í stjórnsýslunni. „Síðastliðin tvö ár hefur verið unnin vinna þvert á búgreinar innan BÍ ásamt Matvælastofnun og ráðneytinu um endurskoðun á reglugerð um merkingar búfjár. Sú vinna var klár í lok árs 2025 en ekkert hefur enn heyrst af því hvenær eigi að ljúka vinnunni og auglýsa nýja reglugerð.

Þeir bændur sem hafa notað örmerki í sínum búskap hafa fengið flögurnar til baka gegnum árin og getað endurnýtt þær í ný merki árið eftir.

Í endurskoðaðri reglugerð er ekki gert ráð fyrir endurnotkun merkja, en ekki verið svarað hvort gefin sé aðlögun í tiltekin ár. Týpur örflagna eru mismunandi og þeir sem lengst hafa notað merkin eiga lager af merkjum sem hægt væri að nota í einhver ár. Langflestir sem kæmu nýir inn færu væntanlega í merki sem eru einnota," segir Eyjólfur.

Hann bætir við að vinnan hafi fyrst og fremst snúist um að skerpa á regluverki varðandi gerð talnakóða í örmerki.

„Um það gilda engar reglur í dag og í raun ekkert sem kemur í veg fyrir að sama 15 stafa talnaruna komi í fleiri en einum grip. Slíkt er ólíklegt en hefur gerst að ég best veit. En notkun þeirra verður valfrjáls."

Samkvæmt upplýsingum sem fengust úr atvinnuvegaráðuneytinu er vinna enn í gangi vegna þessa máls og ekki liggur fyrir hvenær von sé á niðurstöðu.

*/smh*



Gera ráð fyrir því að dreifikostnaður margra ylræktarbænda í dreifbýli verði lægri eftir breytingarnar á framkvæmd raforkulaga. Mynd / Bbl

# Leiðrétting dreifikostnaðar raforku í dreifbýli

## – Gera má ráð fyrir að reikningur ylræktarbænda lækki

**Með fyrirhuguðum breytingum á reglugerð um framkvæmd raforkulaga má gera ráð fyrir að rafmagnskostnaður fyrirtækja í dreifbýli geti lækkað talsvert.**

Í gildandi reglum eru skilyrði fyrir samþykkt sérstakrar dreifbýlisgjaldskrár sem dreifiveitum er heimilt að sækja um til Raforkueftirlitsins á svæðum þar sem kostnaður vegna dreifingar er sannanlega hærri en í þéttbýli. Til að ákveða hvaða svæði teljast til dreifbýlis hefur hingað til verið horft til talna frá Hagstofu Íslands um íbúafjölda og fjarlægðir milli húsa. Á þessum svæðum hafa fyrirtæki, og garðyrkjubændur í ylrækt til dæmis, þurft að greiða hærri dreifikostnað raforku, jafnvel þótt raunverulegur kostnaður við að dreifa rafmagni til þeirra sé ekki endilega hærri en í þéttbýlinu.

### Krafa um að sýna fram á kostnaðarauka

Með breytingunni er lagt til að horfið verði frá föstum tölulegum viðmiðum, en í staðinn verði tekin upp krafa um að dreifiveitur sýni fram á sannanlegan kostnaðarauka ef þær vilja beita dreifbýlisgjaldskrá.

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, segir að eins og málið blasi við honum muni dreifiveitur þurfa að rökstyðja ástæðu þess að nota eigi dreifbýlistaxta en ekki almennan taxta á hverjum stað fyrir sig.

### Lækkun á dreifikostnaði

Hann telur að þetta muni breyta stöðu ylræktarinnar, þar sem sumir þeirra noti raforku á við heilu bæjarfélögin og með einn tengipunkt sem gerir þá að ákaflega heppilegum viðskiptavinum.

Því megi gera ráð fyrir því að margir ylræktarbændur í dreifbýli færist á almennan taxta, sem ætti að þýða lækkun á dreifikostnaði fyrir viðkomandi bændur.

*/smh*


FRANZEFOSS
MINERALS
Dolomit Mg-kalk er hagkvæmur kalkgjafi
– 3.500 kr/t afsláttur til þeirra sem kaupa Yara áburð
Fagleg þjónusta
– Tökum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður
Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is
Verðskrá 2026
Upplýsingar á yara.is
og hjá söluráðgjöfum.

**Bændablaðið**

**Ritstjóri:** Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Blaðamenn:** Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is
Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
**Vefur blaðsins:** www.bbl.is − Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
**Upplag:** 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

# Úr takti við tímann

Ný atvinnustefna ríkisstjórnarinnar er úr takti við tímann í mikilvægum atriðum. Með henni verður bakslag í umhverfis- og náttúruverndarmálum með þeirri ofuráherslu sem lögð er á að virkja enn frekar náttúruauðlindir landsins til þess að framleiða rafmagn handa gagnaverum alþjóðlegra tæknirisa. Hún er sömuleiðis þröngsýn og takmarkandi að því leyti að í henni er lögð megináhersla á að lykilfærni framtíðarinnar sé á sviði raunvísinda, tæknigreina, verkfræði og stærðfræði eða svokallaðra STEM-greina. Hlutfall háskólanemenda í þessum fögum á enn að hækka en það hefur hækkað á síðustu árum á sama tíma og hlutfall nemenda í félagsvísindum, menntavísindum og þó sérstaklega hugvísindum hefur lækkað. Sýnin á íslenskt atvinnulíf er auk þess þröng og virðist um fram allt markast af því að vera viðbragð við tímabundnu ástandi. Hún hefði þvert á móti þurft að fela í sér skýra, vekjandi og skapandi framtíðarsýn. Skoðum þetta aðeins nánar.

Eins og fram hefur komið í ritstjórnargreinum blaðsins á undanförnum mánuðum er ljóst að með því að framleiða græna orku hér á landi og selja hana til gagnavera alþjóðlegra tæknirisa verða Íslendingar af þeim arði sem skapast við nýtingu orkunnar, ekki ósvipað og þegar orka hefur verið seld alþjóðlegum stóriðjuverum allt frá miðri síðustu öld. Atvinnustefna sem gerir ráð fyrir því að Íslendingar haldi áfram að framleiða og selja frá sér sína dýrmætu orku með þessum hætti er í raun ótæk af þeirri ástæðu að hún sýnir ekki lágmarksviðleitni til þess að hefja okkur upp úr fari hrávöruframleiðandans. Atvinnustefna af þessu tagi fer stystu leið að takmarki sínu og tekur ekkert tillit til náttúruverndarsjónarmiða sem hafa mótast í ítarlegri samfélagslegri og pólitískri umræðu um einkum og sér í lagi virkjanamál á síðustu áratugum.

Þar að auki er atvinnustefnan vanhugsuð í þessum efnum vegna þess að ríkisstjórnin virðist svo áhugasöm um að laða að erlend gagnaver til að nýta grænu orkuna okkar að hún gleymir að gera ráð fyrir uppbyggingu á okkar eigin gervigreindarlíkönum. Á þetta bendir Björgmundur Örn Guðmundsson ráðgjafi í grein í Vísi nýlega: „Að laða að erlend gagnaver til að nýta grænu orkuna okkar, án þess að krefjast þess að gífurlegt reikniafl verði eftir fyrir íslenskt atvinnulíf til að þjálfa okkar eigin gervigreind, gerir okkur að engu öðru en einfaldri rafhlöðu fyrir erlenda tæknirisa,“ segir Björgmundur og varar við því að ef ekki verði byggðir upp íslenskir innviðir til að hýsa og keyra okkar eigin gervigreindarlíkön „gefum við stafrænt fullveldi okkar eftir til Bandaríkjanna og fórnum í leiðinni öllu gagnaöryggi og persónuvernd“.

Það gæti nefnilega verið réttlætanlegt að virkja meira ef orkan yrði notuð í það að byggja upp nauðsynlega innviði hér á landi. Og í því sambandi er sömuleiðis mikilvægt að hugað sé að því að byggja upp þekkingarlega innviði og menntun sem svara þeim áskorunum sem gervigreindin færir okkur í raun og veru. Þær verða ekki leystar eingöngu með eflingu STEM-greina. Gervigreindin leysir raunar fólk af því tagi af í síauknum mæli, eins og Björgmundur bendir á í grein sinni: „Að leggja blinda áherslu á að framleiða fleiri forritara í dag er eins og að hvetja fólk til að læra tengiskrift árið 2000. Gervigreindin forritar, greinir gögn og leysir stærðfræðijöfnur hraðar og betur en manneskjur. Á nýjum vinnumarkaði eru „mjúku málin“ orðin að hörðustu færninni. Við þurfum ekki fleiri hefðbundna forritara, við þurfum fólk sem býr yfir kerfishugsun, gagnrýni og getu til að samræma aðgerðir gervigreindar.“

Mikilvægasta atvinnustefnan til langrar framtíðar myndi með öðrum orðum felast í endurreisn íslensks menntakerfis, allt frá leikskóla til háskóla. Sömuleiðis þyrfti að ráðast í algera endurskoðun og uppbyggingu á styrkjum til rannsókna á öllum sviðum vísinda og fræða. Í nýrri atvinnustefnu þyrfti að mæta kröfum framtíðar með sjálfbærum hætti, án þess að skerða möguleika komandi kynslóða, með heildstæðri nálgun við umhverfi, efnahag og samfélag. Að auki þyrfti að stórefla fjárfestingartrú ríkis og einkaaðila á grunnatvinnuvegum í landinu, svo sem matvælaframleiðslu og ferðamannaiðnaði, og síðast en ekki síst á menningarlegum og lýðræðislegum innviðum. Slík bylting á samfélaginu myndi ekki aðeins snúast um að viðhalda velmegun heldur einnig upplýsingu, lýðræðislegu jafnvægi, öryggi og viðnámi við hugmyndum sem sagan hefur kennt okkur að eru heiminum hættulegar en hafa nú náð tökum á sumum stærstu og áhrifaríkustu ríkjum heims.

*Þröstur Helgason*

Einstök tækni fyrir þig

DeLaval




Bústólpi
VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

# Árangur í umferðaröryggismálum

**Miðað við fréttaflutning undanfarinna ára má áætla að Ísland sé á slæmum stað þegar kemur að umferðaröryggismálum, en oft líður stuttur tími milli frétta um alvarlegt umferðaslys eða banaslys. Árið 2024 létust þrettán í umferðinni og árið 2025 létust tíu í umferðarslysum. Þetta kann að virðast mikil aukning miðað við að árið 2014 létust aðeins fjórir. Sé horft lengra aftur í tímann í samhengi við aukna umferð og mannfjölda má hins vegar segja að þróunin sé í rétta átt.**

Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri hjá Samgöngustofu, segir í samtali að umferðaröryggismál varði okkur öll, því að enginn viti hver sé næstur. Hún tekur undir að banaslys hafi fengið mikla umræðu í fjölmiðlum undanfarin ár, en þróunin í umferðaöryggismálum sjáist best þegar talin eru bæði banaslys og alvarleg slys.

„Þó svo að banaslysin séu auðvitað allt of mörg þá eru þetta litlar tölur,“ segir Þórhildur. „Það þarf ekki að muna nema einu eða tveimur slysum til eða frá til að fjölga eða fækka umtalsvert hlutfallslega í þeirri tölu. Núna á síðasta ári var það í fyrsta skipti síðan 2020 þar sem samanlagður fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferðinni fór undir 200. Það er erfitt að segja að þetta hafi verið mjög gott ár, en það var skárra en árin á undan.“

Samkvæmt útreikningum Samgöngustofu voru látnir og alvarlega slasaðir á hverja 100.000 íbúa á síðasta ári 49. Sé horft áratug aftur í tímann fór þessi tala hæst upp í 71 árið 2016 og lægst niður í 44 árið 2020.



Þó svo að banaslys í umferðinni séu allt of mörg má segja að Ísland sé á betri stað en áður ef fjöldinn er skoðaður í samhengi við aukna umferð á vegunum. Myndin er tekin í morgunumferðinni við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar í mars. Mynd / ál

### Alltaf nýjar áskoranir

„Árið 2015 tókum við eftir mikilli aukningu vetrarslysa meðal ferðamanna sem tengist að öllum líkindum kynningu á Íslandi sem áfangastað fyrir ferðamenn allt árið, sem hafði áhrif á umferðaröryggi. Það er alls ekki hægt að alhæfa um að erlendir ferðamenn séu líklegri til að lenda í slysum, en fólk sem kemur hingað utan frá er ekki vant því að keyra í hálku. Árið 2019 gekk býsna vel í umferðaröryggismálum, en það er ekki augljóst hvers vegna slysatíðnin var minni þá. Þetta var fyrir Covid, en á sama tíma vorum við að glíma við margar af þeim sömu áskorunum sem valda slysum í dag, eins og snjallsímanotkun og rafmagnshlaupahjól.

Ef við skoðum bara fjölda látinna árið 2000 samanborið við daginn í dag og horfum til fjölgunar íbúa og ferðamanna sem hefur orðið á tímabilinu má segja að það sé árangur í sjálfu sér að tekist hafi að halda í horfinu,“ segir Þórhildur. Samkvæmt lauslegum útreikningum megi búast við því að allt að 38 þúsund ferðamenn séu á landinu á hverjum degi ársins, sem sé nálægt 10 prósent af íbúafjölda, en upplýsingar vanti um akstur þeirra.

„Í alþjóðlegum samanburði er aðeins horft til látinna í umferðinni, þar sem skilgreiningin á alvarlegum slysum getur verið mismunandi. Á síðustu fimm árum hefur Ísland verið á meðal topp fimm landanna í Evrópu, með Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Bretlandi, þar sem fæstir látast í umferðinni miðað við höfðatölu. Evrópa stendur sig best í heiminum þegar kemur að umferðaröryggismálum og því má segja að við séum í hópi þeirra bestu í alþjóðlegum samanburði,“ segir Þórhildur.

### Reynt að læra af banaslysum

Hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er alltaf farið mjög ítarlega í orsakir banaslysa í umferðinni á Íslandi. Afurðin úr þeirri vinnu eru skýrslur þar sem komið er með tillögur að því sem má gera betur til að bæta öryggi. Þeim er beint til Vegagerðarinnar, Umferðarstofu, ráðuneyta, stofnana og annarra hlutaðeigandi aðila. Hlutverk rannsóknarnefndarinnar er ekki að leita sönnunargagna til að sækja til saka ef mögulegt lögbrot hefur verið orsakaþáttur slyssins og er lögreglu og dómstólum óheimilt að nota gögn frá RNSA.

Helgi Þ. Kristjánsson, rannsóknarstjóri hjá RNSA, segir í samtali að áhersla stofnunarinnar sé ekki að rannsaka alvarleg umferðarslys sem ekki eru banaslys, þó svo að þau gætu sannarlega gefið góðar upplýsingar til að bæta öryggi. Því geti hann ekki svarað um þróunina nema þegar um ræðir banaslys. Skilgreiningin á banaslysi er þegar það leiðir af sér andlát innan þrjátíu daga.

„Þegar slysin verða skoðum við þrjá þætti. Það er umhverfið, ökutækið og ökumanninn. Við skoðum hvað gerist fyrir slys, hvað gerist í slysinu og hvað gerist eftir slysið,“ segir Helgi. Starfsmenn RNSA eru alltaf á bakvakt og eru kallaðir til við hvert banaslys í umferðinni eða í alvarlegri slys sem eru talin líkleg til að leiða af sér andlát.

### Horft meira en öld aftur í tímann

Helgi segir að Óli H. Þórðarson, fyrrverandi formaður Umferðaráðs, hafi unnið svokallaða banaslysaskrá þar sem hann tók saman banaslys í umferðinni frá árinu 1915 til 2014. RNSA hefur uppfært þessa skrá alla tíð síðan þá. Bendir Helgi á að meðaltal fjölda banaslysa á þeim 107 árum sem gögnin ná yfir sé 15 á ári, sem sé ekki mikið meira en á hverju ári í dag. Fyrstu 50 árin hafi banaslys á hverju ári hins vegar verið örfá, sem skýri að hluta til af hverju meðaltali er svona lágt.

„Síðan gerist það að það eru háar tölur á 40 ára tímabili, það er frá 1966 til 2005, eða að jafnaði 23 til 24 sem látast á hverju ári,“ segir Helgi. „Þá eru fjögur ár þar sem meira en þrjátíu manns hafa látist á ári í umferðinni. Árið 1975 létust 33 og árið 1977 létust 37 sem er það mesta sem við höfum fengið yfir okkur á einu ári. Árið 2000 létust 32 og árið 2006 voru það 31,“ segir Helgi. Á nokkurra ára tímabili um og eftir aldamótin hafi fjöldi banaslysa verið í kringum 30 manns á hverju ári. Þá hafi fjöldinn dottið niður árið 2007 og fyrir utan fimm ár síðan þá hafi fjöldi látinna í umferðinni verið um eða undir tíu á hverju ári.

„Árið 2014 létust fjórir í umferðinni, sem hafði ekki gerst síðan 1939,“ segir Helgi. „Árið 2024 byrjaði skelfilega, en þá fengum við metfjölda látinna í janúar. Þá er áhugavert að sjá að árið 2018 létust átján manns í umferðinni og 2019 létust sex. Það var ekkert stórkostlegt sem gerðist þarna á milli og þetta var fyrir Covid. Þá hafði Covid faraldurinn ekki mikil áhrif á fjölda látinna í umferðinni þrátt fyrir að umferðin hafi minnkað mjög mikið.“

### Ekki í takt við mannfjöldaaukningu

Helgi bendir á að álagið á vegakerfið hafi aukist á undanförnum árum vegna fólksfjölgunar, aukins fjölda ferðamanna og vegna tilfærslu þungaflutninga af sjó yfir á land. Allt þetta hafi áhrif á slit veganna og Helgi segir að í sumum banaslysum hafi verið vísbendingar um að ástand vegarins hafi verið áhrifaþáttur. Með auknum umferðarþunga aukist jafnframt hættan í umferðinni sérstaklega á þeim vegum sem eru með tvær óaðskildar akreinar.

„Ef við horfum á að frá 2010 hefur verið 22 prósent mannfjöldaaukning á Íslandi og fjöldi ferðamanna á hverju ári eru einhverjar milljónir virðist fjöldi látinna í umferðinni vera í ótrúlega miklu jafnvægi og fyrir utan þessi fjögur ár, 2015 til 2018, er þetta búið að vera mun minna en fyrstu árin eftir aldamót,“ segir Helgi.

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is** Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
**Heimilisfang:** Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



**Dýrafjörðurinn skartaði sínum fegursta vetrarham þann 4. apríl síðastliðinn. Vinstra megin við miðju sést Kaldbakur, hæsta fjall Vestfjarða. Toppur hans er í 998 metra hæð yfir sjávarmál. Myndin er tekin í Ytri-Húsum á Núpi, skammt frá þeim stað þar sem áður var rekinn héraðsskóli.**
Mynd / ál

# Upplýst umræða um matarútgjöld heimila

**Vinkill** | Margrét Gísladóttir
margret@safl.is

Umræða um matvælaverð á Íslandi er gjarnan fyrirferðarmikil og snýst oft um samanburð á krónutöluverði milli landa. Slíkur samanburður segir þó aðeins hálfa söguna og hagfræðilega séð skiptir meira máli hversu stór hluti ráðstöfunartekna heimila fer í mat en hvað varan kostar í krónum talið. Það hlutfall er lykilmælikvarði á raunverulegt aðgengi fólks að mat og þar með lífskjör.

Þegar horft er á hlutdeild matar í heildarútgjöldum heimila kemur í ljós að Ísland stendur nokkuð vel í samanburði við lönd Evrópusambandsins. Þegar hlutfallið er hátt merkir það einfaldlega að matur og drykkur er dýr í samanburði við tekjur og þegar það er lágt er því öfugt farið.

Samkvæmt nýjustu gögnum frá Eurostat (fyrir árið 2024) verja íslensk heimili um 12,9% af heildarútgjöldum sínum í mat og óáfenga drykki. Hlutfallið er nú sem áður undir meðaltali ESB, sem er um 13,2%. Líkt og fyrr er Ísland á svipuðu róli og Norðurlöndin innan ESB þar sem hlutfallið er 13,1% í Svíþjóð, 12,7% í Finnlandi og 11,8% í Danmörku. Áfram er hlutfallið hæst í Rúmeníu (23,1%) og lægst í Lúxemborg (9,3%), sem endurspeglar lífskjör.

### Mikilvægi í ESB-umræðu

Þetta þýðir að þó svo að við Íslendingar förum ekki varhluta af því að verðlag á mat á Íslandi sé með því hæsta í Evrópu, þá er staðan sú að matarútgjöld leggjast svipað þungt á íslensk heimili og á hinum Norðurlöndunum. Það skýrist meðal annars af því að tekjur skipta sköpum í heildarmyndinni, þ.e. eftir því sem tekjur hækka, lækkar hlutfall útgjalda sem fer í nauðsynjar eins og mat. Þess vegna eru hæstu hlutföllin í löndum á borð við Rúmeníu og Slóvakíu, þar sem heimili verja allt að 20–23% ráðstöfunartekna sinna í mat, þó svo verðlag þar sé langt um lægra en hér á landi. Þessi staðreynd er lykilatriði í umræðu um matvælaverð á Íslandi og ekki síður í umræðunni um mögulega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Talsmenn ESB-aðildar hafa oft bent á að aukinn innflutningur og afnám tolla gæti lækkað matvælaverð til neytenda. Hins vegar sýna evrópskar tölur að lægra verð tryggir ekki sjálfkrafa lægra útgjaldahlutfall. Í mörgum löndum þar sem matur er ódýrari í krónum talið er hlutfall matarútgjalda einmitt hærra. Ástæðan er einföld: tekjur eru lægri. Þetta undirstrikar að lífskjör ráðast af samspili verðs og launa – ekki öðru hvoru einu og sér.

### Horfa þarf á heildarmyndina

Þá þarf einnig að horfa til þess hvað mótar verðlag á Íslandi. Þar vega þættir eins og launakostnaður, flutningskostnaður, smæð markaðarins og dreifingarkerfi þungt. Þessir þættir verða áfram áskorun, hvort sem við erum innan ESB eða ekki.

Auk þess snýr málið að fleiru en verði. Innlend matvælaframleiðsla gegnir mikilvægu hlutverki í byggðamálum og fæðuöryggi. Evrópa hefur á síðustu árum í auknum mæli rætt mikilvægi þess að tryggja stöðugt aðgengi að mat, sérstaklega í ljósi alþjóðlegra áfalla. Í því samhengi er spurningin ekki aðeins hvað matur kostar, heldur líka hvaðan hann kemur og hvernig aðgengi að honum er tryggt þegar upp koma áföll. Í þeirri heildarmynd flækist nokkuð ESB-umræðan.

Hún snýst ekki aðeins um lægra verð í búðinni, heldur um jafnvægi milli neytendahagsmuna, framleiðslu og fæðuöryggis til lengri tíma. Nálgast þarf umræðuna af yfirvegun og í réttu samhengi hlutanna því að öðrum kosti munum við búa við óraunhæfar væntingar um grasið hinum megin við lækinn.

*Höfundur er framkvæmdastjóri SAFL.*

# Jarmað, hneggjað, baulað ...

Sjálfvirknivæðing og gervigreind hefur breytt störfum í landbúnaði eins og annars staðar í samfélaginu. Framleiðniaukning hefur til að mynda verið mikil á kúabúum eins og sjá má í viðtali við hjónin í Gunnbjarnarholti á Skeiðum í blaðinu í dag. Þessi þróun mun halda áfram og stigmagnast á næstu árum. Róbótar munu í auknum mæli sinna endurtekningarsömum störfum og gervigreindarlíkön eru auðvitað þegar farin að sinna ýmiss konar greiningarvinnu, forritun, lögfræðivinnu, skrifstofuvinnu og áfram mætti telja.

Áhrifin af þessu munu þó væntanlega ekki vera aðeins á framleiðni, sem mun aukast, heldur munu störf bæði breytast og hverfa. Störf fólks munu að einhverju leyti snúast um eitthvað annað en þau hafa gert, eins og til dæmis kúabænda sem geta einbeitt sér að velferð kúa sinna á meðan róbótinn sér um að mjólka. En hlýtur störfum ekki líka að fækka? Hvaða áhrif mun það hafa á þörf fyrir vinnuafl? Og mun fólk vinna styttri vinnudag?

Gera má ráð fyrir að áhrifin af gervigreindinni séu enn aðeins að litlu leyti komin fram. En ef þau fækka störfum og auka jafnframt framleiðni þá þýðir það ekki aðeins að róttæk breyting verði á vinnumarkaðnum heldur einnig á hinu opinbera, ríkisrekstrinum sjálfum. Líklegt er að sækja þurfi nýjar skatttekjur á sama tíma og störfum fækkar og þjónusta við borgara þarf að aukast. Æ fleira fólk gæti farið fyrr á eftirlaun sem skapar enn meira álag á lífeyriskerfið. Og áhrifin á þjónustu sem hið opinbera veitir er ófyrirséð, til dæmis innan heilbrigðiskerfisins.

Miðað við það hversu hratt gervigreindarlausnir þróast þessa dagana er ljóst að breytingar eru handan við hornið. Þær verða á næstu mánuðum, misserum, árum. Eftir áratug gæti samfélagið verið algerlega breytt, ekki bara vinna fólks heldur daglegt líf, virkni kerfanna sem við höfum byggt upp og þannig mætti áfram telja. Spurningin er hvort við séum búin undir þessar breytingar.

Í þessu ljósi vekur það óneitanlega talsverða athygli að nýkynnt atvinnustefna ríkisstjórnarinnar segir afar fátt um gervigreindina og áhrif hennar á störf fólks næstu tíu árin, vinnumarkaðinn yfirleitt og hvað þá kerfi hins opinbera og efnahaginn. Á bak við þessa atvinnustefnu virðist ekki vera teljanleg greining á þessum nýja veruleika sem blasir við okkur öllum. Ein af 35 aðgerðum sem taldar eru upp í áætlun sem fylgir atvinnustefnunni snýr beinlínis að gervigreindinni og þar er lögð áhersla á að auka framleiðni, verðmætasköpun og betri opinbera þjónustu. Leggja á 1,1 milljarð króna í uppbyggingu reikniinnviða og vélbúnaðar.

Vonandi eru einhverjir innan í hinu opinbera kerfi að vinna einhvers konar greiningu á því hvernig gervigreind muni breyta samfélagi okkar á næstu mánuðum og misserum. Það er ekki bara spurning um framleiðniaukningu og alþjóðlega samkeppnisstöðu landsins heldur einnig um þróun samfélagsgerðarinnar sjálfrar.

**Pistill formanns** | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

# Óvissan er eitur

Eins og margoft hefur komið fram á þessum vettvangi sem öðrum, þá hafa Bændasamtök Íslands ekki sett sig upp á móti því að kosið sé um aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þvert á móti teljum við að stjórnvöldum sé bæði rétt og skylt að afla umboðs þjóðarinnar við slíkar aðstæður.

Að því sögðu þá verður umgjörð kosninganna og umræðunnar að vera til þess fallin að kjósendur geti tekið upplýsta ákvörðun. Í ítarlegri umsögn Bændasamtakanna um þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæðagreiðsluna er farið ofan í kjölinn á þeim helstu álitamálum sem upp hafa komið við greiningu okkar á málinu og er ómögulegt fyrir mig að gera því öllu skil hér.

Ég vil hins vegar vekja athygli á einu atriði sem ég held að hafi ekki fengið þá athygli og umræðu sem það á skilið. Þá staðreynd að ef samþykkt verður að hefja aðildarviðræður verður óvissan slík um rekstrarumhverfi landbúnaðarins að erfitt verður að réttlæta neina fjárfestingu í greininni aðra en brýnasta viðhald. Vilji og geta til fjárfestingar byggir á fyrirsjáanleika og nú þegar alger óvissa er um það hvaða landbúnaðarkerfi verður hér næstu áratugi er ljóst að hvatar til fjárfestingar í greininni eru nær engir.

Í raun hófst þetta óvissutímabil þegar ríkisstjórnin ákvað að kosið yrði í haust, en gera verður ráð fyrir að ríkisstjórninni takist að koma þingsályktunartillögunni í gegnum þingið.

Neikvæðar afleiðingar þessarar óvissu eru meðal annars þær að framleiðnivöxtur í landbúnaði dregst aftur úr öðrum þjóðum ef fjárfesting dregst saman, sem óhjákvæmilega leiðir af sér verri samkeppnishæfni til lengri tíma fyrir innlendan landbúnað gagnvart erlendum. Þessar afleiðingar ágerast eftir því sem aðildarferlið dregst á langinn, en hafa ber í huga að til lengri tíma hefur fjárfesting í landbúnaði verið minni en skyldi.

Og hvað munu bændur þurfa að takast á við þessa óvissu lengi? Um það er mjög erfitt að spá, en ljóst er að sá tími verður mældur í misserum og árum, en ekki mánuðum.

Aðildarviðræður við önnur EFTA-ríki í upphafi tíunda áratugarins tóku styttri tíma en viðræður við mörg önnur ríki. Þannig gekk Finnland inn í Evrópusambandið 31 mánuði eftir að aðildarumsókn var send inn. Viðræður Svía tóku lengri tíma en viðræður Finna, eða sem nemur tæpu ári.

Í tilviki Íslands verður að bera endanlegan samning undir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu, auk þess sem samþykkja verður breytingu á stjórnarskránni á tveimur þingum með alþingiskosningum á milli.

Þetta er langur tími sem okkur er ætlað að bíða í algerri óvissu þar til einhver mynd kemst á framtíðarskipulag landbúnaðar á Íslandi og starfsskilyrði bænda. Þessi óvissa mun vissulega hafa áhrif á fleiri atvinnugreinar, en ég efast um að áhrifin verði víða meiri eða alvarlegri en í landbúnaði.

Ég tel því ekki nema sjálfsagt og eðlilegt að ríkisstjórnin geri allt sem henni er mögulegt til að draga úr þessari óvissu og mikilvægt fyrsta skref væri að gefa út samningsmarkmið í landbúnaðarmálum, þar sem lagðar væru línur sem ekki yrði hvikað frá í viðræðum við ESB. Með því móti væri a.m.k. hægt að milda áhrif óvissunnar, þótt hún væri vissulega enn til staðar.

Í því sambandi vil ég benda á að Bændasamtökin ályktuðu um lágmarksviðmið í aðildarviðræðum á Búnaðarþingi árið 2011. Þessi ályktun er í fullu gildi af hálfu Bændasamtaka Íslands, en þessar varnarlínur geta nýst utanríkismálanefnd sem grundvöllur að skýrum og árangursríkum samningsmarkmiðum fyrir íslenskan landbúnað.

*Höfundur er formaður BÍ.*



Drengirnir á myndinni eru frá vinstri: Arnar Bent Heiðarsson Evensen og Hlynur Ólason. Myndir / Aðsendar



Stúlkurnar í sófanum eru frá vinstri: Syrine Pálína Boucham Róbertsdóttir, Natalía Rán Skúladóttir og Þóranna Martha Pálmadóttir.

Húnaskóli:

# Bændablaðið kennsluefni

**Í 10. bekk Húnaskóla er Bændablaðið notað sem kennsluefni í íslensku. Nemendur lesa blaðið sem hluta af verkefni í tengslum við gagnvirkan lestur þar sem þau skiptast á að lesa greinar úr blaðinu og ræða svo innihaldið sín á milli.**

Freyja Ólafsdóttir og Ragnheiður Ólafsdóttir, íslenskukennarar í 10. bekk, hafa staðið fyrir þessu verkefni og hefur það vakið mikla lukku hjá nemendum sem finnst flestum áhugavert og fræðandi að lesa blaðið.

Húnaskóli er staðsettur á Blönduósi og er grunnskóli sveitarfélagsins Húnabyggðar. Nemendur eru um 180 og eru nemendur bæði íbúar á Blönduósi og úr sveitunum í kring. Í 10. bekk eru t.d. 8 af 25 nemendum búsettir í dreifbýli. */ph*

Landeldi:

# Bleikjur struku

**Matvælastofnun var tilkynnt um strok bleikju úr eldisstöð Matorku ehf. að Húsatóftum við Grindavík laugardagsmorguninn 11. apríl.**

Fiskurinn var um 600 grömm að meðalþyngd og telur fyrirtækið að um 500 fiskar hafi strokið. Rist á útfalli kers mun hafa gefið sig vegna tæringar með þeim afleiðingum að fiskur komst með útfalli í sjó fram. Viðgerð var framkvæmd strax og gerðar ráðstafanir til þess að skoða ástand annarra kerja ásamt því sem viðbragðsáætlun vegna stroks var virkjuð.

Fulltrúar Matorku telja ekki miklar líkur á að bleikjan sem strauk geti lifað í fullsöltum sjó. Matvælastofnun vinnur að rannsókn málsins og mun gefa út eftirlitsskýrslu þegar rannsókn er lokið. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá Matvælastofnun. */ál*






Landeldi Samherja. Mynd / Samherji

# Fosfór úr landeldisseyru gerður nýtanlegur til áburðar

## – Má búast við að ríflega 800 tonn falli til árlega

**Hjá Matís er nú unnið að verkefni sem hefur það að markmiði að vinna fosfór úr fiskeldismykju þannig að hann verði leysanlegri og aðgengilegri plöntum.**

Ólafur H. Friðjónsson, fagstjóri hjá Matís, stýrir verkefninu og segir hann að það sé unnið að frumkvæði Matís sem hafi rannsakað fiskeldismykju um árabil. „Þar hafa Jónas Baldursson og Hildur Inga Sveinsdóttir verið í fararbroddi. Efnagreiningar Matís sýndu fram á að fiskeldismykjan er sérstaklega rík af fosfór.“

**Meiri fosfór en í hrossataði og kúamykju**

„Það er til dæmis töluvert meira af fosfór í mykju úr landeldi samanborið við hrossatað og kúamykju,“ heldur Ólafur áfram. „Það vakti áhuga okkar því fosfór, sem nýtanlegur er í áburð, er af skornum skammti í heiminum og við hér á Íslandi erum alls ekki sjálfbær þegar kemur að notkun fosfórs í áburði. Við ákváðum að skoða hvað stæði í veginum fyrir nýtingu á fiskeldismykju sem fosfórgjafa í áburði og í framhaldi að reyna að gera fosfórinn nýtanlegan. Við fengum í lið með okkur Heiðdísi Smáradóttur hjá Samherja Fiskeldi, og Friederike Dima Danneil, lektor við Landbúnaðarháskólann, áburðarsérfræðing.“

Í verkefninu er lögð áhersla á fosfór en fiskeldismykja er einnig auðug af köfnunarefni og öðrum næringarefnum. Ólafur segir að Matís hafi í öðrum verkefnum einnig rannsakað mykju úr landeldi með tilliti til annarra næringarefna, eins og til dæmis í „Sjálfbær áburðarframleiðsla – heildstæð nálgun á hringrásarhagkerfi“, sem stutt hafi verið af Rannís, og í verkefninu „Jarðvegsbætandi lífefni“, sem var stutt af Matvælasjóði.

**Óleysanlegur fosfór úr mykjunni**

Ólafur útskýrir að þó að fosfórinnihald mykju úr landeldi sé hlutfallslega hátt, þá nýtist hann illa í áburði. „Ástæðan er sú að fosfórinn er bundinn steindum eins og í jarðvegi og er þannig óleysanlegur, sem þýðir að plöntur geta ekki tekið hann upp.

Hugmyndin er að meðhöndla



Ólafur H. Friðjónsson, fagstjóri hjá Matís. Mynd / Matís

fiskeldismykjuna með örverum sem geta leyst fosfórinn upp, losað hann frá steindum og gert hann nýtanlegan plöntum. Ýmsar örverur, umhverfisbakteríur og sveppir, eru þekktar fyrir að geta leyst upp fosfór. Í verkefninu eru nokkrar valdar tegundir rannsakaðar. Örverurnar eru ræktaðar á rannsóknarstofu Matís og blandaðar við fiskeldismykju. Svo er fylgst með hvernig magn uppleysanlegs fosfórs eykst í mykjunni. Auðvelt er að rækta upp örverurnar jafnvel í þúsund lítra tönkum og fá mikið magn til þess að meðhöndla mikið magn af fiskeldismykju. Í verkefninu þarf að rannsaka hvernig best er að hátta meðhöndlun mykjunnar, til dæmis hvort mykjan þarfnast formeðhöndlunar, hvort betra sé að blanda örverum við blauta mykju eða spreyja þeim á þurrkaða mykju, en nauðsynlegt er að þurrka mykjuna fyrir flutning.“

**Meira en 900 tonn af fosfór**

Ef áætlanir ganga eftir mun landeldisfyrirtæki á Íslandi framleiða 140-150 þúsund tonn af laxi árlega eftir um tíu ár. Ólafur segir að miðað við 150 þúsund tonna framleiðslu megi gera ráð fyrir að meira en 35 þúsund tonn af þurrvigtaðri mykju muni safnast árlega, sem telst varlega áætlað. Slíkt magn muni innihalda meira en 900 tonn af fosfór. „Magnið slagar hátt upp í það magn af fosfór sem fluttur er inn árlega, samkvæmt tölum frá 2023. Hins vegar má búast við því að ekki allur hluti fosfórsins í mykjunni verði nýtanlegur.

Verkefnið, sem styrkt er af Matvælasjóði, nær einungis yfir 18 mánuði. Það er stefnt að því að þróa tilraunaáburð og prófa hann í gróðurtilraunum í umsjá Landbúnaðarháskólans. Áður en hægt er að taka slíkan áburð í notkun þarf hins vegar að framkvæma frekari uppskölunartilraunir og rannsaka sjálfbærni og hagkvæmni, það er að framkvæma lífsferilsgreiningu og „tækniefnahagsgreiningu“ (techno economy analysis). Það mun því einhver tími líða áður en hægt verður að fá áburð með fiskeldismykju sem fosfórgjafa,“ segir Ólafur. */smh*



Efnagreiningar Matís hafa sýnt að fiskeldismykjan er rík af fosfór. Mynd / Matís

Knowledge grows

# Örugg með **Yara**

## Yara áburður inniheldur ríkulegt magn af brennisteini til að koma í veg fyrir skort á prótein- og orkuinnihaldi plantna



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

**Verðskrá 2026**

Upplýsingar á yara.is
og hjá söluráðgjöfum.



## Landeyjarsandur:
# Kjarnaborun vegna Eyjaganga

**Fyrirtækið Eyjagöng ehf. hefur óskað eftir því við sveitarstjórn Rangárþings eystra að fá framkvæmdaleyfi fyrir kjarnaborun í Landeyjarsandi.**

Skipulags- og umhverfisnefnd hefur lagt til við sveitarstjórn að veita framkvæmdaleyfi með þeim fyrirvara að samþykki landeigenda liggi fyrir og var það samþykkt með sjö atkvæðum í sveitarstjórn.

Áformað er að bora kjarnaborholuna í Landeyjasandi um það bil 300 metra djúpa. Áætlað er að framkvæmdin taki um einn mánuð og boranir fari fram á tímabilinu apríl til júní 2026. */mhh*

## Þingeyri:
# Reglulegar kvikmyndasýningar

**Laugardaginn 18. apríl verður myndin Duggholufólkið sýnd á vegum Bíóteksins á Þingeyri.**

Sýningin verður klukkan 16:00 í félagsheimili bæjarins. Ari Kristinsson leikstýrði og skrifaði handritið að Duggholufólkinu. Er þetta kvikmynd fyrir alla fjölskylduna sem kom út árið 2007 og er nútíma ævintýri byggt á samnefndri þjóðsögu sem gerðist á Vestfjörðum. Ari segir í samtali að þetta sé sennilega frumsýning myndarinnar í landshlutanum þar sem hún var ekki sýnd í Ísafjarðarbíói á sínum tíma.




Bíótekið á Þingeyri er rekið í samstarfi við Kvikmyndasafn Íslands og styrkt af Ísafjarðarbæ. Ester Bíbí Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri hjá Kvikmyndasafninu, segir í samtali að sýningar sem þessar séu einungis mögulegar ef framtakssamir einstaklingar eru til í að taka verkefnin að sér. Tinna Ottesen og Janus Bragi Jakobsson halda utan um kvikmyndasýningarnar á Þingeyri og er aðgangur ókeypis. Þau hafa hins vegar keypt poppvél og verður nammisala á staðnum.

Til stendur að vera með kvikmyndasýningar einu sinni í mánuði á Þingeyri, rétt eins og fyrirkomulag Bíóteksins er í Reykjavík. Frumraun Bíóteksins á Þingeyri var þann 15. mars síðastliðinn þegar The Kid eftir Chaplin var sýnd fyrir fullu húsi þrátt fyrir að allar leiðir til og frá Dýrafirði væru illfærar. Þann 9. maí næstkomandi verður kvikmyndin Foxtrott sýnd. */ál*


Hita- og rakamælar

Tryggðu gæði matvæla með rauntímaeftirliti og tilkynningum beint í síma

VISTA




vista.is



Kvenna athvarf

Opið allan sólarhringinn, sími 561 1205.

Húsaskjól og aðstoð fyrir konur sem búa við ofbeldi í nánu sambandi. Ráðgjafaviðtöl fyrir konur.




Kræklingur í Króksfjarðarnesi.



Sökkuð skel sett á línur.

Myndir / Aðsendar

# Matarkista Breiðafjarðar í Króksfjarðarnesi

## – Stuðningur við matvælanýsköpun og atvinnuuppbyggingu

**Nýlega fékk nýsköpunarverkefnið Matarkista Breiðafjarðar 20 milljóna styrk úr úthlutun vegna byggðaáætlunar stjórnvalda. Styrkurinn var sá hæsti úr þessari úthlutun en það var eitt 14 verkefna sem fengu stuðning að þessu sinni.**

Styrkþeginn er Fjórðungssamband Vestfirðinga og felst verkefnið í uppbyggingu matvælaseturs í húsnæði gamla sláturhússins í Króksfjarðarnesi í Reykhólahreppi. Engin slík aðstaða er nú til staðar í sveitarfélaginu en óskir um slíka aðstöðu hafa ítrekað komið fram á íbúafundum á vegum sveitarfélagsins síðastliðin ár.



Pökkun á kræklingi í Króksfjarðarnesi.

### Matvælanýsköpun og atvinnuuppbygging

Samkvæmt Bergsveini Grétari Reynissyni, eiganda Nesskeljar, sem ræktaði og seldi krækling í Króksfjarðarnesi, þá mun með styrknum verða unnt að styðja við matvælanýsköpun og atvinnuuppbyggingu með framleiðslu og sölu beint frá býli. Auk Nesskeljar eru helstu framkvæmda- og samstarfsaðilarnir Icelandic Mussel Company, sem á öfluga vinnslulínu fyrir bláskel í húsnæðinu, Gálgaklettur sem er eigandi húsnæðisins og Fine Foods Islandica – sem er þegar með starfsemi tengda þararækt og vinnslu á Hólmavík.

Stefnt er að mikilli uppbyggingu á þjónustu, atvinnu og íbúðarbyggðar í Króksfjarðarnesi á næstu árum. Verkefni Þróunarfélags Króksfjarðarness hlaut einnig styrk úr byggðaáætluninni, 11 milljónir til að fjármagna félagið til markaðssetningar í Króksfjarðarnesi sem ákjósanlegum fjárfestingarkosti með samningum við uppbyggingaraðila. Verkefni matvælaseturs í Króksfjarðarnesi sé liður í þeirri uppbyggingu.

Verkefni matvælasetursins felst í lagfæringu og standsetningu húsnæðis gamla sláturhússins til þess að koma á fót matvælasetri sem uppfyllir að fullu kröfur matvælaeftirlits og samræmist gildandi gæðastöðlum. Setrið mun bjóða upp á vottaða framleiðsluaðstöðu, framleiðslutæki og vinnslurými fyrir bændur og frumkvöðla til þróunar og framleiðslu á frum- og lokaafurðum í atvinnuskyni, svo sem landbúnaðarafurðum og sjávarafurðum.

### Verðmætasköpun og tekjuaukning landbúnaðar- og sjávarafurða

Í gamla sláturhúsinu verður þannig komið upp fullbúinni og vottaðri vinnslu- og framleiðsluaðstöðu matvæla ásamt þurrkunarrými fyrir bændur, ræktendur skelfisks, þangs og þara auk annarra frumkvöðla og fyrirtækja sem vilja nýta staðbundnar auðlindir svæðisins til framleiðslu.

Með matvælasetrinu er skapaður grundvöllur að fjölbreyttari atvinnutækifærum og aukinni verðmætasköpun afurða með það markmið að byggja upp öflug fyrirtæki í matvælaiðnaði. Stefnt er að því að auka verðmætasköpun og tekjuaukningu framleiðenda landbúnaðar- og sjávarafurða úr héraði en svæðið er sem stendur fyrst og fremst frumframleiðslusvæði fjölbreyttra landbúnaðarafurða.

### Kræklingarækt og vinnsla endurvakin

Að sögn Bergsveins búa samstarfsaðilar verkefnisins yfir víðtækri áratuga reynslu og þekkingu á sviði matvælaframleiðslu kjötafurða og ræktun og framleiðslu á krækling, þangi og þara til sölu á mörkuðum. Þeirri reynslu fylgi umfangsmikil þekking á matvælaþróun, vinnsluaðferðum og markaðssetningu matvælaafurða.

Aðrir aðilar hafi einnig staðfest áhuga sinn gagnvart verkefninu og lýst yfir vilja sínum til að koma að starfsemi matvælasetursins til þróunar landbúnaðarafurða og vinnslu á söfum, olíum og efnum úr plöntum og þangi.

Bergsveinn segir að vinnsla á kræklingi hafi verið starfrækt í hluta húsnæðisins allt til ársins 2021 og þar er nú þegar til staðar fullbúinn tækjabúnaður til vinnslu og pökkun á kræklingi. Þannig að einn liður verkefnis er að endurvekja vinnslu og framleiðslu á kræklingi í húsnæðinu. Telur hann að þegar framleiðslan er farin aftur af stað gæti hún vaxið hratt og farið í þúsund tonna framleiðslu á fimm árum með tilheyrandi fjölda starfa en talið er að allt að 12-15 bein störf skapist við hver þúsund tonn af ræktun og vinnslu á kræklingi.

### Fjölþætt samstarf

Bergsveinn segir enn fremur að húsnæðið, aðstaðan og sú þekking sem verði þarna til staðar leggi jafnframt grunn að fjölþættu samstarfi framleiðenda og frumkvöðla. Þar verði veittur víðtækur gagnkvæmur stuðningur sprotafyrirtækja og annarra framleiðenda til nýsköpunar og atvinnuþróunar. Samrekstur framleiðenda muni þjóna hlutverki miðlægs kjarna sem mun ná til breiðari hóps neytenda og söluaðila. Auk afurðaþróunar og vinnslu mun matvælasetrið nýtast sem vettvangur fræðslu, samvinnu og ráðgjafar til frumkvöðla.

Með rekstri matvælasetursins í Króksfjarðarnesi er stefnt að því að atvinnuframboð aukist samhliða aukinni vinnslu og afurðaþróunar á kræklingi, þangi, þara og landbúnaðarafurðum.

Þann 28. mars hélt Matarkista Breiðafjarðar kynningarfundi á Hólmavík og í Króksfjarðarnesi, þar sem vekefnið var kynnt og áhugi fólks á verkefninu kannaður. Meira en 30 manns mættu á fundinn og rúmlega helmingur þeirra lýsti strax áhuga á að taka þátt í verkefninu. */smh*

# can-am®

## OUTLANDER 6X6 850

**Næsta kynslóð Outlander sexhjólanna. Skarar fram úr að öllu leiti.**

LEIÐANDI Í BURÐAR- OG DRÁTTARGETU

STERKARI GRIND - GÍRKASSI OG KÚPLING




ROTAX 1000 MÓTOR
82 HESTÖFL

25 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
HANNAÐ FYRIR 30" DEKK

**Verð: 3.185.000 + vsk**

**Verð: 3.386.000 + vsk - með stuðara - spili og hita í handföngum**

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins (t.v.) og Ólafur Thordersen aðstoðarforstjóri við opnun nýju starfsstöðvar fyrirtækisins á Akureyri 30. mars sl. Mynd / Aðsend

# Útflutningur á heimilisúrgangi beint frá Akureyri

**Nýlega opnaði Íslenska gámafélagið nýjar starfsstöðvar sínar á Ægisnesi 3 á Akureyri. Með opnun á þessu svæði stórbætist þjónusta við Norðurland og mun í fyrsta skipti hefjast útflutningur á almennum heimilisúrgangi beint frá Akureyri.**

Úrgangurinn mun fara til endurvinnslu og orkunýtingar í Evrópu í stað urðunar á Sölvabakka. „Af þessu hlýst mikill umhverfislegur ávinningur, þar sem orkan er nýtt til kyndingar á heimilum í Evrópu. Á árinu verður einnig ný vinnslulína fyrir gler sett upp á svæðinu þar sem allt umbúðagler verður meðhöndlað og er það einnig í fyrsta skipti sem slíkt er gert á Norðurlandi,“ segir Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslenska gámafélagsins, og bætir við:

„Við hlökkum til að kynnast norðlenskum fyrirtækjum betur og viljum gera okkar besta til að veita framúrskarandi þjónustu í sorphirðu og úrgangsmálum á Norðurlandi. Með bættri aðstöðu okkar á Akureyri og samstilltu átaki mun okkur takast að draga mikið úr þeim umhverfisáhrifum sem urðun úrgangs hefur í för með sér.“ */mhh*

# Stofnun atvinnuveganna í stað Matvælastofnunar og Fiskistofu

**Í frumvarpi atvinnuvegaráðherra, sem er til meðferðar á Alþingi eftir umsagnaferli, er gert ráð fyrir að ný Stofnun atvinnuveganna taki til starfa 1. janúar 2027 með sameiningu Matvælastofnunar, Fiski- stofu og Verðlagsstofu skiptaverðs.**

Matvælastofnun hóf störf 1. janúar 2008 með sameiningu Landbúnaðarstofnunar, matvælasviðs Umhverfisstofnunar og matvælasviðs Fiskistofu.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að viðfangsefni Matvælastofnunar og Fiskistofu séu að mörgu leyti svipuð og starfsstöðvar reknar á svipuðum stöðum á landinu. Tækifæri séu því til að efla stjórnsýsluna og styrkja faglegar stoðir eftirlitsins.

Stærri stofnun getur boðið upp á öflugt þekkingarsamfélag með sérhæfðum teymum og markvissari og faglegri þróun starfsmanna.

Í greinargerðinni segir einnig að um árabil hafi eftirlit með matvælum verið til skoðunar en ítrekaðar athugasemdir verið gerðar af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) frá árinu 2010 við annmarka á skipulagi




Aðalskrifstofa Matvælastofnunar er á Selfossi. Mynd / smh

eftirlits hér á landi hvað varðar samræmingu milli eftirlitsaðila á sviði matvæla.

Í júlí 2024 sendi ESA íslenskum stjórnvöldum formlegt áminningarbréf þar sem farið var fram á að opinbert eftirlit á sviði 23 matvæla, fóðurs og dýraheilbrigðis færi fram á skilvirkan hátt og í samræmi við EES-reglur. Er með frumvarpinu um Stofnun atvinnuveganna ætlunin að bregðast við athugasemdum ESA og tryggja að opinbert eftirlit sé í samræmi við EES-samninginn. */smh*






Markaðstorg garðyrkjunnar. Myndir / eks

# Bjart yfir í Garðyrkjuskólanum

## – Sumardagurinn fyrsti haldinn hátíðlegur

**Árleg hátíðahöld í tilefni af komu sumars fara fram í Garðyrkjuskólanum, FSu á Reykjum sumardaginn fyrsta.**

Garðyrkjuverðlaun ársins og Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar verða venju samkvæmt veitt á þessum degi sem haldinn er hátíðlegur í skólanum ár hvert. Ávallt er margt um manninn og hægt að kynna sér starfsemi skólans, hitta nemendur og kennara, versla á Markaðstorgi garðyrkjunnar og valsa um bananaplantekruna.

### Hnúðkál á markaðstorginu

Svæðið er býsna stórt og nóg að skoða bæði innandyra og utan. Í björtum garðskálanum þar sem staðið hafa yfir endurbætur á undanförnum árum fer fram dagskrá þar sem Garðyrkjuverðlaun ársins og Umhverfisverðlaun Hveragerðisbæjar eru veitt og í kennslustofum verður hægt að kynna sér námið auk þess sem ýmis fyrirtæki og félög tengd garðyrkjunni kynna starfsemi sína. Markaðstorg garðyrkjunnar verður sneisafullt af grænmeti, blómum og jarðarberjaplöntunum sívinsælu sem hægt er að versla og rjúkandi vöfflur munu flæða úr kaffisölunni í matsalnum.

Sem hluta af náminu rækta nemendur skólans grænmeti sem selt er á Markaðstorginu, svo sem grænkál og hnúðkál og nemendur í blómaskreytingum hnýta gjarnan blómakransa á kolla lítilla gesta. Örlátir og velviljaðir grænmetis- og blómabændur leggja til vörur á markaðinn og bera góðum tengslum skólans og atvinnulífsins gott vitni. Ágóðinn af sölunni rennur til námsferðar sem reglulega er farin til að skoða ýmiss konar garðyrkjustarfsemi erlendis. Dagurinn er ávallt hátíðlegur og sveipaður mikilli gleði og bjartsýni enda næg ástæða til í faggrein sem öll tækifæri hefur til að vaxa og þróast á komandi árum.

### Æfingaskógur og ketilkaffi

Á útisvæðum er í mörg horn að líta. Fyrir ofan skólahúsið er skógur sem er æfingasvæði nemenda og þar er hægt að finna ýmsar misvel heppnaðar æfingar nemenda sem finnast vonandi hvergi annars staðar, þeir fara enda vel þjálfaðir út úr skólanum. Úti má finna fleiri æfingar nemenda svo sem hleðslur úr torfi og grjóti en einnig sólarúr, rjúkandi ketilkaffi og þar að auki fagra fjallasýn. Í tilraunahúsinu, gróðurhúsi sem reist var fyrir allmörgum árum, eru ræktaðar paprikur, tómatar og gúrkur auk þess sem nemendur sinna ýmsum tilraunaverkefnum og lokaverkefnum sínum.



Bananaplöntur í bananahúsinu í Garðyrkjuskólanum.



Gestir gæða sér á vöfflum á sumardaginn fyrsta 2024.

Í verknámshúsinu andspænis tilraunahúsinu er plöntusafn og aðstaða til verklegrar kennslu í skrúðgarðyrkju svo sem hellulögn og gerð tjarna. Á undanförnum árum hafa önnur gróðurhús verið rifin sökum slæms ástands en skólinn býður þess nú að ný verknámsaðstaða verði byggð á reitnum og verður spennandi að fylgjast með því enda tækifæri til þróunar námsins í nýju húsnæði mörg og þörfin ekki minni fyrir fjölbreytilega lokkandi kosti í verknámi á Íslandi.

### Bananahúsið og gróðurhúsin

Kostur gefst á að skoða ævintýraveröld hins margfræga bananahúss sem reist var árið 1951 utan um bananaplöntur sem hýstar höfðu verið í skólanum um árabil. Þetta hitabeltisgróðurhús varð táknmynd bjartsýni og nýrra tíma í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar. Fjármagn og mikil athygli fylgdu byggingu hússins á sínum tíma og þar voru hýstar veislur fyrir fyrirmenni og haldnir fínerís viðburðir. Bananaræktun var hugsuð sem hentug aukabúgrein garðyrkjubænda um land allt og voru þeir nokkrir sem stunduðu hana.

Nokkrar tegundir bananaplantna lifa enn góðu lífi í bananahúsinu, ásamt ýmsum hitabeltisplöntum, svo sem kaffiplöntum, granateplatré, kakótrjám, fíkju- og beiskjuappelsínutrjám, ýmsum litríkum blómplöntum og forvitnilegum kaktusum.

### Veisla til heiðurs Churchill

Til gamans má geta að svo bar við eitt sinn að stórveisla var haldin til heiðurs Winstons Churchill, sem tvívegis var forsætisráðherra Bretlands í og eftir seinni heimsstyrjöldina. Hann varð áttræður árið 1954 og bandalagsþjóðum Breta úr stríðinu var boðið að senda hráefni til veislunnar, eitthvað einkennandi frá sínu landi. Við ímyndum okkur að veislan hafi farið fram í stórbrotnum gylltum sal einhvers staðar í Lundúnum. Skemmst er frá því að segja að sagan segir að Íslendingar hafi sent banana til veislunnar, en ekki lambakjöt eða fisk sem hefði verið augljósari kostur. Sannkölluð bjartsýni þar á ferð sem ef til vill endurspeglar sjálfsmynd stórhuga þjóðar á norðurhveli.

Garðyrkjuskóli ríkisins var stofnaður árið 1939 á Reykjum í Ölfusi og hefur verið starfræktur þar síðan. Hann starfar nú undir hatti Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þar fer fram blómlegt nám í garðyrkju og geta nemendur sérhæft sig í lífrænni ræktun, ylrækt, ræktun garð- og skógarplantna, umhirðu og nýtingu skóga, skrúðgarðyrkju og blómaskreytingum. Ástríðuna vantar ekki á Reykjum og sérhvert ár sumardaginn fyrsta er gestum boðið að koma og eiga eftirminnilegan dag og kynna sér tækifærin sem felast í garðyrkjunámi.

*/eks*


Yljaðu þér
Sparaðu allt að
80%
Hækkaðu
hitann og lækkaðu
orkureikninginn.
NIBE varmadæla
er einfaldur og
ódýr kostur
Fríorka
friorka.is
571 4774
Skoðaðu úrvalið
og fáðu ráðgjöf



Sígrænn og lauffellandi trjágróður í Lækjargötunni á blautum degi í apríl.



Silfurreynirinn til vinstri gefur svæðinu mikinn svip, jafnvel ólaufgaður. Myndir / eks.

# Virði trjáa í þéttbýli

## – Grænir innviðir verðmætir



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Hægt er að meta virði trjáa með ólíkum matskerfum sem byggja á mælanlegum og huglægum þáttum. Skógfræðingur segir áætlun sveitarfélaga um útskiptingu trjáa vanta.**

Krónuþekja hefur farið minnkandi á höfuðborgarsvæðinu, segir Aaron Shearer sem gerði rannsóknina. Hann segir græna innviði verðmæta og þjónustu trjáa fjölþætta en tilhneiginguna vera að ýta gróðri út í jaðrana við þéttingu byggðar. Trjáræktendur eru líkt og verðbréfamiðlarar segir Aaron, haldi þeir vel á spilunum sé gróðavonin mikil.

### Fjölþætt virði trjáa

Til eru ólík reiknimódel til að meta virði trjáa í ólíkum aðstæðum svo sem borgarlandslagi, almenningsgörðum og skógum. Aaron Shearer, sem er skógfræðingur og sérfræðingur hjá Landi og skógi, gerði í félagi við Duncan Slater rannsókn á virði trjáa í Reykjavíkurborg. Aaron segir að hvað eigi að meta ákvarði hvaða reiknilíkan er hentugt að nota.

Að meta stakt tré í almenningsgarði svo sem Hljómskálagarði, í skóglendi eins og Öskjuhlíð eða nytjaskógi krefst ólíkra módela. Virði einstakra trjáa í borgarlandslaginu getur verið meira en trés í skógi þar sem það er í félagi við mörg önnur af sömu tegund. Þar sé virðið frekar fólgið í sjónrænni heildarupplifun fjölda trjáa á meðan staka tréð í miðborginni þjónar einnig hlutverki sem getur tengst sögu staðarins, veitt skjól og auðgað anda mannfólksins og verið bústaður fjölbreytilegs dýralífs.

Aaron segir að til séu reiknimódel sem hægt er að nota á Íslandi, sambærileg módel séu notuð í flestum löndum en aðlöguð að aðstæðum. Á Íslandi gæti sú aðlögun falist í að vaxtartímabil er styttra og vöxtur því hægari sem leiðir af sér eilítið aukin verðmæti.

### Ólík matskerfi

Hvatinn að þróun slíkra módela á Bretlandi kom frá sveitarfélögum sem þurftu að geta stuðst við staðlað mat á trjám sem skemmdarverk voru unnin á. Meta þurfti kostnað við að skipta skemmdu tré út fyrir nýtt og matið var notað í dómskerfinu.

CAVAT (Capital Asset Value for Amenity Trees) er breskt kerfi og i-Tree Eco bandarískt kerfi og notaði Aaron þau í rannsóknarverkefni sínu og benti á að niðurstöður þess gætu stutt við ákvarðanatöku í borgarskipulagi framtíðarinnar. Þessi kerfi eiga vel við þegar meta þarf tré í borgarumhverfi þar sem virði trésins felst í því sem það veitir í nærumhverfi sínu. Eins og Aaron gerði í sinni rannsókn er hægt að nota þau samhliða til að meta ólíka þætti.

Í iTree Eco er horft til mælanlegra þátta vistkerfisþjónustunnar, svo sem kolefnisbindingar og bindingar mengunar, á meðan CAVAT tekur einnig til ástands og heilsu trésins, hvernig umhirða þess hefur verið, stærðar, aldurs og huglægra þátta eins og menningarlegs gildis og fegurðar.

Til eru fleiri kerfi til að meta virði trjáa við ólíkar aðstæður. Helliwell kerfið byggir í grunninn á að meta sjónrænt gildi einstakra trjáa eða skóglendis og hefur verið mikið notað í dómsmálum, tryggingakröfum og opinberum fyrirspurnum. Í Helliwell matskerfinu er horft til stærðar trés, lífvænleika, hve vel það hentar í viðkomandi aðstæðum auk fleiri þátta og getur hentað betur þar sem meta þarf sjónræna breytingu frekar en vistkerfisþjónustu þess.

### Grænir innviðir verðmætir

Vistkerfisþjónusta trjáa er margvísleg og tilheyrir því sem skilgreint er sem grænir innviðir sem eru net náttúrulegra og hálf-náttúrulegra svæða sem eru til hagsbóta fyrir fólk. Grænir innviðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í að auka gæði umhverfis svo sem með fegurð og meiri loftgæðum, sem svæði til útiveru og afþreyingar og til að efla lýðheilsu. Grænir innviðir styðja aukinheldur við líffræðilega fjölbreytni.

Tré binda bæði vatn og kolefni sem einnig bindast að stórum hluta í jarðveginum sem þau vaxa í. Þannig gegnir gróður mikilvægu hlutverki í því sem einnig hefur verið kallað blágrænar lausnir í borgarumhverfi og miðar að því að viðhalda náttúrulegri hringrás í ofanvatnslausnum. Virði trjáa er því ekki alltaf auðmælanlegt í krónum og aurum.

Aaron segir að hérlendis snúi mikilvægi meðvitundar um virði trjáa og grænna innviða helst að uppbyggingu svæða, trjáfellingar og skemmdir á trjám séu af skornum skammti í þéttbýli á Íslandi.

### Þörf á áætlun um útskiptingu trjáa

Í rannsókn sinni skoðaði Aaron hvað var gert á svæðum þar sem tré voru felld í Reykjavík. Honum kom á óvart að ekki voru það nýbyggingar sem komu í staðinn, heldur tún, en engin tré gróðursett í staðinn. Hann segir áætlun um endurnýjun og útskipti trjágróðurs vanta hjá sveitarfélögum. Hann segir að þegar tré séu felld af einhverjum ástæðum sé nauðsynlegt að hafa slíka áætlun til að viðhalda og auka krónuþekju sem hafi minnkað á höfuðborgarsvæðinu á undanförnum árum, en þróunin ætti að vera þveröfug.

Aaron nefnir dæmi um á annað hundrað tré sem voru felld þegar bygging á fjölbýlishúsi hófst á horni Grensásvegar og Suðurlandsbrautar. Í því tilfelli hefði þurft að grípa til áætlunar um útskipti trjáa sem getur verið útfærð á margvíslegan hátt.

> Meðvitund um virði trjáa og grænna innviða er mikilvæg...

### 3+30+300 og þétting byggðar

Tré vaxa mishratt á Íslandi. Nú er komin ágæt reynsla á ræktun ólíkra tegunda sem nýst getur við þéttingu byggðar. Aaron segir að á þéttingarreitum þurfi að huga sérstaklega að gróðurþekjunni, tilhneigingin á höfuðborgarsvæðinu sé að ýta gróðrinum út í jaðrana. Þegar ákvarðanir eru teknar um breytingar á landnýtingu í borg, svo sem um þéttingu byggðar, sé nauðsynlegt að meta trjágróður og hag sem af honum hlýst og byggja frekar upp græna innviði frekar en að minnka þá, grænir innviðir séu líka staðbundnir. Hann segir að í nýbyggingum þurfi að sjá til þess að líffræðilegur fjölbreytileiki aukist en minnki ekki.

Aaron bendir á samnorræna verkefnið Yggdrasil – hin lifandi norræna borg þar sem fjallað er um að gera Norðurlöndin að sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Í verkefninu eru náttúrumiðaðar lausnir í borgum og sveitarfélögum í forgrunni og ein af þeim meginreglan um 3+30+300. Samkvæmt henni á íbúi að sjá þrjú stór tré frá heimili sínu, skóla, vinnustað eða dvalarstað, laufþekja að vera að minnsta kosti 30% í hverju hverfi og enginn eigi að búa lengra en 300 metra frá grænu vönduðu svæði.

Úttekt var gerð á þessum þáttum í tengslum við verkefnið og að Grænlandi undanskildu er Ísland alger eftirbátur hinna Norðurlandanna. Aaron nefnir einnig dæmi um Parísarborg þar sem nú eru stór áform þegar í vinnslu um að auka gróður á stórum svæðum og fjölga svæðum fyrir gangandi vegfarendur. Hann segir að í skipulagsmálum á Íslandi sé hægt að læra margt af nágrannalöndum okkar, stór mistök sem þar hafi verið gerð í fortíðinni þurfi ekki að endurtaka hér og nú þegar uppbygging sé mikil sé tækifæri til að huga að mikilvægi grænu innviðanna.

### Silfurreynir Schierbecks

Silfurreynirinn sem hinn danski Hans J. G. Schierbeck landlæknir gróðursetti 1884 á því sem nú heitir Fógetagarðurinn og kenndur er við styttuna af Skúla fógeta Magnússyni, var fyrsta tréð sem gróðursett var í Reykjavík. Schierbeck kom til Íslands frá Danmörku og undraðist blóm- og trjásnauðan höfuðstaðinn og átti eftir að láta verulega til sín taka í ræktun í Reykjavík. Hann lagði sérstaka áherslu á matjurtarækt til að bæta mataræði Íslendinga og fegrun umhverfisins. Schierbeck á sennilega drýgstan þátt í kynningu rabarbara á Íslandi en hann ræktaði fjölmargar tegundir og gerði einnig tilraunir með ræktun á graskerjum og gúrkum í vermireitum og var auk þess hvatamaður að stofnun Garðyrkjufélags Íslands.

Silfurreynirinn stendur innarlega á torginu og skartar að sumri sérlega þéttri og fagurri laufkrónu. Sökum eiginleika silfurreynisins, alda og menningarlegs gildis væri vandasamt að meta tréð og allt önnur lögmál giltu en um stakt tré í Öskjuhlíðinni til að mynda. Fógetagarðurinn hét áður Víkurgarður og er elsti kirkjugarður Reykjavíkur og þar má finna legsteina merkra manna sem voru jarðsettir í garðinum. Síðasta gröfin var tekin í Víkurgarði árið 1839 en Hólavallagarður var þá opnaður. Fjárhagslegt mat á silfurreyni Schierbecks væri því nær ómögulegt fyrir margar sakir þó virði hans sé ótvírætt mikið.

### Betri efnahagur, meiri trjágróður

Trjájafnvægisstikan (Tree equity score) er kerfi sem notað er alþjóðlega og gengur út á að skrásetja trjágróður og kortleggja þannig hvar þörf er á að fjölga trjám. Kerfið byggir á skráningum á landakort og rannsóknum á gagnsemi trjágróðurs fyrir lýðheilsu og vellíðan þeirra er njóta nærveru þeirra. Stikan hreyfist frá 0–100 og byggir á laufþekju, hitastigi og loftmengun auk alduss, atvinnuþátttöku, heilsufari og tekjum íbúa viðkomandi svæðis. Þannig er sjónum beint að svæðum þar sem þörf fyrir meiri gróður er sérstaklega mikil, tilhneigingin sé að trjágróður sé ríkulegri í götum og hverfum þar sem innkoma íbúa er eða var hærri. Stórir hlutar Bretlands hafa nú verið skráðir og mörg svæði og sveitarfélög sett sér markmið um að auka laufþekju á meðan önnur eru nú þegar vel stödd hvað græna innviði varðar.

Aaron nefnir að lokum að trjáræktendur séu að vissu leyti eins konar verðbréfamiðlarar. Séu sveitarfélögin skynsöm, velji réttar tegundir á réttan stað og sái í frjósaman jarðveg, hugsi til langs tíma og hlúi vel að, geti uppskeran og ávöxturinn orðið eftir því, gróðavonin sé gríðarlega mikil.



ergo

# Fleiri hestöfl í heyskapinn?

Við skiljum allar ástæður fyrir nýrri vél

**Reiknaðu dæmið á ergo.is**





Kálfur hjá Nautís. Davíð Ingi Baldursson, bústjóri hjá Nautís, hjá Angus nautkálfinum, sem kom nýlega í heiminn. Mynd/Aðsend

# Fyrsti Angus-holdakálfur hjá Nautís í vor

**Nýlega kom fyrsti kálfur vorsins í heiminn hjá Nautís á Stóra-Ármóti í Flóahreppi. Um er að ræða Angus nautkálf, sem hefur fengið nafnið Toppur en hann er undan norska ungnautinu Topp Xxl.**

„Toppur braggast vel og er fallegur. Nautís er einangrunarstöð fyrir holdagripi af Aberdeen Angus kyni en erfðaefnið er flutt inn frá Noregi. Við höfum aðgang að besta erfðaefni Norðmanna en þeir sækja erfðaefnið um allan heim, Ástralíu, Kanda, USA, Bretland og víðar en sóttvarnarreglur eru strangar,“ segir Sveinn Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Búnaðarsambands Suðurlands, en Nautís er rekið af sambandinu, Landssambandi kúabænda og NBÍ, sem er nautastöð Bændasamtaka Íslands.

„Stöðin var byggð 2016-2017. Fluttir voru inn fósturvísar 2017 og fæddust fyrstu gripirnir 2018. Síðan þá hafa verið seld lifdýr frá stöðinni og sæði úr Angus nautum dreift. Kálfurinn sem fæddist núna var númer 125. Nú eru 23 Angus kýr til og eru þær í kúafjósi og eru að bera þessa dagana,“ bætir Sveinn við.

*/mhh*

# Meira ójafnvægi í loftslagi

## – Áhrif á komandi öldum

**Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO) segir loftslag jarðar í meira ójafnvægi en nokkru sinni fyrr.**

Skýrsla stofnunarinnar er skýr í niðurstöðum sínum þar sem frekari seinkun á loftslagsaðgerðum er sögð muni auka skaðann og óafturkræf áhrif verði óumflýjanleg. Árin 2015–2025 eru þau hlýjustu frá upphafi mælinga stofnunarinnar.



Mynd / Nick Sorockin, Unsplash

### Áhrif á milljónir og kostar milljarða

„Þegar við fylgjumst með því sem gerist í dag, verndum við það sem gerist á morgun,“ segir Celeste Saulo, framkvæmdastjóri Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar í nýrri ársskýrslu, State of the Global Climate 2025. „Veðurfar okkar hefur orðið öfgafyllra dag frá degi. Árið 2025 ollu hitabylgjur, skógareldar, þurrkar, fellibyljir, stormar og flóð þúsundum dauðsfalla, höfðu áhrif á milljónir manna og ollu milljarða dollara efnahagslegu tjóni,“ sagði Celeste Saulo. Í skýrslunni er bent á að allir helstu loftslagsvísar séu rauðglóandi, núverandi hlýnun jarðar muni hafa áhrif í aldir og árþúsund, jafnvel þótt losun gróðurhúsalofttegunda minnki verulega.

Árin 2015–2025 eru þau hlýjustu sem mælst hafa og árið 2025 var með þeim allra hlýjustu í 176 ára samfelldum mælingum. Skýrslan segir hækkunina nema 1,43°C miðað við árin 1850–1900 og hlýnunina hafa valdið örari öfgum í veðri, raskað samfélögum víða um heim og leitt til mikils efnahagstaps á árinu 2025.

António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði þegar skýrslan var kynnt í Genf í Sviss, að niðurstöður skýrslunnar væru ótvíræð viðvörun um að seinkun á frekari loftslagsaðgerðum ógnaði mannslífum.

### Minni jöklar, fleiri moskítóflugur

Í skýrslunni er hlutverk hafanna sérstaklega dregið fram en yfir 90% af allri umframorku frá losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum endar í hafinu. Afleiðingarnar eru víðtækar með áframhaldandi hækkuðu yfirborði sjávar og minnkaðri líffræðilegri fjölbreytni. Þá tekur skýrslan einnig á minnkun heimskautaíss á bæði suður- og norðurhveli og að útbreiðsla hafíss á norðurslóðum hafi verið nálægt sögulegu lágmarki 2025. Heimskautaís á suðurskautinu var sá þriðji minnsti frá því mælingar hófust 1979 og einnig rýrnuðu jöklar á Íslandi.

Dengue sjúkdómurinn berst með biti moskítóflugna og er orðinn sá veirusjúkdómur sem þær bera með sér sem vex hraðast. Hlýnandi hitastig lengir tímabilið sem moskítóflugur þrífast og eykur þar með útbreiðslu sjúkdómsins. Áhrif hækkaðs hitastigs hefur einnig áhrif á um þriðjung alls vinnuafls heims, einkum starfsmanna í byggingariðnaði og landbúnaði og öfgar í veðurfari hafa truflandi áhrif á ræktun og fæðuöryggi.

*/eks*

**Verslunar- og þjónusturými á jarðhæð í hjarta Austurlands**

Til sölu eru tveir eignarhlutir í Miðvangi 8 á Egilsstöðum. Húsið er í byggingu. Líklegur afhendingartími, miðað við tilbúið undir tréverk, er haust 2027.

Eignin er samtals 293 m2. og skiptist í tvo eignarhluta, 110 m2 og 183 m2. Hvorum eignarhluta fylgir eitt stæði í bílakjallara og hlutdeild í sameign.

**Staðsetningin segir allt sem segja þarf.**



**Allar nánari upplýsingar hjá INNI fasteignasölu s.580 7905 eða inni@inni.is**

INNI FASTEIGNASALA

**Bændablaðið**

**kemur næst út 30. apríl**




Søren Møller Nørregaard sölumaður. Mynd/Aðsend

# Eyrnamerki greinir atferli kúa

**Sölumaðurinn Søren Møller Nørregaard hefur á undanförnum misserum gert sér upp undir tólf ferðir til Íslands til þess að kynna búnað sem greinir hreyfingar og hitastig kúa.**

Búnaður þessi heitir Cow Manager og er festur í eyru kúa. Með því að nema hitastig og hreyfingar gripanna getur skynjarinn gefið upplýsingar um beiðsli og frávik tengd heilsufari. Skynjarinn er upprunninn frá Hollandi en seldur á Íslandi í gegnum Danmörku.

Cow Manager búnaðurinn er ólíkur flestum beiðslisgreinum sem er hægt að festa við hálsband kúa að því leyti að þessi fylgist stöðugt með hitastigi kúnna. Þar með getur skynjarinn gert viðvart með einhverjum fyrirvara ef kýr er líkleg til að verða veik. Jafnframt fylgist neminn með því hversu langur tími dags fer í að jórtra.

Søren bendir á að skynjararnir séu fjölnota og er ætlast til þess að bændur fjarlægi hann sjálfir áður en kýrnar eru sendar í sláturhús, en til þess þarf engin verkfæri. Búnaðurinn er í litlu gúmmíhúsi og hangir á festingu sem er eins og lítið eyrnamerki. Bændurnir eiga nemana sjálfir, en greiði fyrir þjónustuna og aðgang að tölvuforriti í gegnum áskrift. Enn fremur er hægt að sjá upplýsingar um hverja og eina kú myndrænt í gegnum app.

Núna er unnið að því að þýða hugbúnaðinn yfir á íslensku og vonast Søren jafnframt til þess að hægt verði að semja innan tíðar við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins um að upplýsingarnar verði tengdar við gagnagrunn hjá þeim. Sem stendur hafa fimm kúabú á Íslandi tekið þennan búnað í notkun og 37 í Danmörku.

Samhliða sölu á Cow Manager heldur Søren utan um sölu á Agro Tag eyrnamerkjum með örflögu sem notuð eru fyrir sauðfé. Á einni útgáfu þeirra er áfast sýnaglas sem gerir bændum kleift að taka DNA sýni um leið og gripurinn er merktur. Sýnaglasið losnar af og er sent á rannsóknarstofu þar sem meðal annars er hægt að greina hvort sauðkindin beri verndandi arfgerðir gegn riðu.

*/ál*


BLUETTI
Akureyri
Merkigil
Stóri hamar 1
Holtsel
Bærinn Grund I og II og kirkjan
Fjósið á Grund I og II
#rafmagnslaust
Það er rafmagnslaust í Eyjafirði og eina húsið í sveitinni sem er uppljómað og fullt af orku er fjósið á Grund I og II, sem er vel búið Bluetti varaaflskerfi.
ORKULAND
Súðarvogi 50 - 680 6000 - orkuland.is - info@orkuland.is

Fæðuöryggi:

# Lokun Hormússunds afhjúpar fallvalt matvælakerfi heimsins



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

**Áhrif lokunar Hormússundsins geta orðið mikil á komandi ræktunartímabil um allt norðurhvel.**

Verð á áburði sem fluttur er um Hormússundið er sums staðar allt að 70% hærra en fyrir innrás Bandaríkjamanna og Ísraela á Íran. Fæðuframleiðslukerfi heimsins eru samofin og áhrifanna gætir um veröld alla. Sundið er nú í herkví Bandaríkjamanna.



Gervihnattamynd af Hormússundi. Musandam-nes í Óman í suðri og Íran í norðri. Sundið er 21 sjómíla þar sem það er þrengst. Mynd / NASA

### Sárafá skip fara um Hormússundið

Um þriðjungur áburðar sem notaður er til ræktunar um helmings allra matvæla heimsins fer um Hormússundið sem Íranir lokuðu um síðustu mánaðamót í kjölfar árásar Bandaríkjamanna og Ísraela á Íran. Um 140 flutningsskip fara á venjulegum degi um Hormússundið með ýmsan varning svo sem olíu, gas, vörur og ekki síst áburð til ræktunar. Hormússundið er aðeins 21 sjómíla þar sem það er þrengst og skilur að Persaflóann og Ómanflóa. Það er ein mikilvægasta skipaflutningaleið heims.

Fjöldi skipa sem sigla um sundið fór niður í allt að 5% við innrásina. Vopnahlé tók gildi 7. apríl og stendur í tvær vikur. Á meðan á því stendur verður takmörkuð skipaumferð leyfð um sundið en undir eftirliti íranska hersins. Bandaríkjamenn tóku sundið í herkví síðastliðinn sunnudag.

Umferð um sundið er nú mjög lítil og óörugg. Bandaríkjamenn hafa hótað árás hverju því skipi sem reynir að sigla um sundið. Í viðtali við DR segir Søren Nørby, sérfræðingur í sjóhernaði og hermálum við dönsku varnarmálaakademíuna, herkví Bandaríkjamanna í raun einfalda í framkvæmd en „eilítið skoplega" því samkvæmt alþjóðalögum megi þeir ekki beita valdi. Hann segir vandamálið vera að við vitum ekki hvað Bandaríkjaher sér fyrir sér að gera ef skip hlýðir ekki beiðni þeirra um að halda ferð sinni ekki áfram.

Samkvæmt The Guardian spáðu sérfræðingar því að skipaumferð um Hormússundið myndi ekki aukast mikið meðan á vopnahléi stendur. Sem stendur reynast þeir sannspáir. Töluverðan tíma mun taka að létta á uppsafnaðri þörf fyrir skipaflutninga um sundið og áhrifanna mun gæta með hækkuðu verði á áburði til lengri eða skemmri tíma. Lönd eiga mjög misjafnar birgðir af áburði.

### Stórtæk framleiðsla við Persaflóa

Köfnunarefni (nitur, N í lotukerfinu), fosfór (P) og kalíum (K) eru aðalnæringarefni plantna en auk þeirra þurfa plöntur önnur næringarefni í minna magni og ýmis stein- og snefilefni til vaxtar. Köfnunarefni, fosfór og kalíum finnast í lífrænu efni og áburði sem búinn er til úr því, en þau eru líka iðnaðarframleidd. Slíkur iðnaðarframleiddur áburður er notaður í útiræktun og ylrækt um allan heim. Í hefðbundinni ræktun (ekki lífrænni ræktun) er ekki hægt að rækta án þessara lykiláburðarefna, enda jarðvegurinn gjarnan gersneyddur af næringarefnum.

Ríki Persaflóans eru stórtæk í framleiðslu slíkra áburðarefna, sér í lagi þeim sem innihalda mikið köfnunarefni eins og urea, sem flutt eru út um allan heim sem þurrvara. Til framleiðslunnar þarf mikla orku sem þessi ríki eru einmitt rík af. Lönd sem framleiða eigin áburð eru einnig oft háð eldsneyti úr Persaflóanum til að knýja framleiðslu sína. Áburðarverksmiðjur á Indlandi, Bangladesh og Malasíu hafa þegar dregið saman starfsemi sína eða jafnvel lokað alveg. Ríki sem framleiða eigin áburð eins og Kína hafa sett verulegar takmarkanir á útflutning til að vernda eigin fæðuöryggi.

### Fallvalt matvælakerfi heimsins

Ró hefur ríkt á matvælamarkaði heimsins á undanförnum árum en áhyggjuraddir kraumað undir yfirborðinu. Í umfjöllun í The Guardian um að fæðukerfin séu orðin viðkvæm kemur fram að gríðarlegt magn af mat er framleitt um allan heim sem hefur til þessa gert það að verkum að ef brestur kemur í uppskeru á einum stað er öllu jafna hægt að kaupa sömu vöru annars staðar. Það sé þó háð því að aðfangakeðjan virki vel, framboð af til að mynda áburði sé mikið og að verslun og viðskipti heimshorna á milli séu í góðu flæði.

Nú sé hins vegar svo komið að fæðukerfin séu orðin viðkvæm, jafnvel eins fallvölt og fjármálakerfin voru í aðdraganda fjármálahrunsins. Áhrif í einum hluta heimsins, eins og skert skipaumferð um Hormússund, geti orðið til þess að fæðukerfin hrynji. Innrás Rússa í Úkraínu, stærsta landbúnaðarland Evrópu, hafði áhrif á kornverð og einnig eru gríðarstórar fosfórnámur í Rússlandi. Innrásin hafði því víðtæk áhrif á landbúnaðarframleiðslu heimsins með tilheyrandi verðhækkunum. Verðmætustu afurðir landanna við Persaflóann, eldsneyti og áburður, eru órjúfanlegur hlekkur í fæðukerfi heimsins og sérfræðingar hafa mun meiri áhyggjur af áhrifum árásar Bandaríkjamanna og Ísraela á Íran en þeir höfðu af árás Rússa á Úkraínu.

Áburðargeirinn hefur ólíkt olíugeiranum engar alþjóðlegar samræmdar birgðir sem gerir brest í framboðskeðjunni enn erfiðari að kljást við. Alþjóðamatvælastofnunin (FAO) hefur varað við að áframhaldandi átök geti valdið meira hungri í heiminum en nokkurn tímann hefur áður sést.

### Vorið bíður ekki

Nú þegar vorar á norðurhveli og nýtt ræktunartímabil að hefjast vantar áburð sem mun hafa áhrif á uppskeru ársins og þar með fæðuframboð heimsins. Bændur á suðurhveli eru aftur á móti á uppskerutímabili og að undirbúa akra sína fyrir veturinn. Skortur á áburði er þó þegar orðinn vandamál í ræktun í Afríku, Suðaustur-Asíu og Indlandi.

Í viðtali við New York Times sagði kornbóndi í Iowa í Bandaríkjunum, þar sem ræktunartímabilið er að hefjast, að hún hefði frestað innkaupum á áburði þar sem verðið hefði verið að hækka undanfarið en það reyndist nú dýrkeypt þar sem verðið er nú margfalt. Bandaríkjamenn flytja inn um þriðjung áburðar með köfnunarefni sem þeir nota. Á Indlandi hefst nýtt ræktunartímabil eftir innan við tvo mánuði og því gríðarlega mikilvægt að áburður sé til staðar þegar náttúran kallar. Nýju ræktunartímabili verður hvorki aflýst né frestað en uppskeran ræðst af aðstæðum í heiminum.

Filippseyjar lýstu yfir neyðarástandi í lok marsmánaðar vegna orkuskorts sem hefur víðtæk áhrif í matvælaframleiðslu. Í Taílandi er uppnám vegna ræktunar á víðfeðmum hrísgrjónaökrum vegna skorts á eldsneyti til að knýja áfram vökvunarkerfi á miðju ræktunartímabilinu. Taílenskir bændur kaupa líka áburð að miklu leyti frá löndunum við Persaflóann.

### Möguleikar á innlendri áburðarframleiðslu

Innviðir til innlendrar áburðarframleiðslu eru ekki til staðar á Íslandi en uppbygging þeirra væri liður í að efla fæðuöryggi þjóðarinnar. Lífrænt hráefni sem ekki er nýtt en hægt væri að vinna áburð úr fellur til í landbúnaði og víðar. Sama gildir um fræbanka, en mestöll ræktun á Íslandi er háð innfluttu fræi. Lífsviðurværi mannanna á jörðinni er að mörgu leyti samofið og ekki að ástæðulausu að sjálfbærni og fæðuöryggi þjóðar beri oftar á góma nú en áður.

Verð á áburði er öllu jafna ekki mjög hátt og bændur kaupa hann því gjarnan jafnóðum frekar en að eiga birgðir. Breytingar á verði eru þó háðar stöðunni á heimsmarkaði og viðskiptasamböndum þjóða. Innrás Bandaríkjamanna og Ísraela á Íran hafði strax áhrif á heimsmarkaðsverð á olíu, gasi og áburði þó þau séu mismikil eftir löndum og þeim varabirgðum sem þau búa að. Hækkun á olíuverði hefur einnig áhrif á verð á plasti og þar með umbúðum sem notaðar eru í landbúnaðarframleiðslu.

### Áætlun um varanlegt vopnahlé

Íranir lögðu fram áætlun um varanlegt vopnahlé í tíu liðum. Hún felur í sér ákvæði sem Bandaríkjamenn hafa áður hafnað. Þeirra á meðal eru áframhaldandi skipaflutningar um Hormússundið undir eftirliti íranska hersins og leyfi Írana og Ómana til að innheimta gjald sem nemur allt að tveimur milljónum dollara, eða 246 milljónum íslenskra króna, á skip sem þeir ætla að nota til uppbyggingar þess sem skemmst hefur í árásum Bandaríkjamanna og Ísraela. Donald Trump Bandaríkjaforseti lýsti því yfir að hægt væri að vinna út frá tíu liða áætlun Írana en eitthvað er á reiki hvað hún felur í sér og lítið hefur gengið í samningaviðræðunum. Hormússundið er enn lokað og aðeins sárafá flutningsskip fá að ferðast í gegn.

Evrópuleiðtogar taka nú höndum saman með Emmanuel Macron Frakklandsforseta og Keir Starmer, forsætisráðherra Bretlands, í fararbroddi og skipuleggja ráðstefnu um flutninga um sundið. Þar verður rætt hvað þau Evrópuríki sem taka þátt eru viljug til að leggja til svo frjálsar og öruggar siglingar um sundið geti hafist á ný. Ráðstefnan fer fram á morgun, föstudag, og hefur Masoud Pezeshkian, forseti Írans, í samtali við Macron lýst yfir vilja til viðræðna. Pezeshkian segir Evrópulönd geta leikið lykilhlutverk í friðarviðræðum við Bandaríkjamenn og Ísraela.



Færeyjar

28. ágúst – 4. september 2026
Fararstjórn: Sigrún Valbergsdóttir
Verð 399.900 kr. á mann í tvíbýli

Í þessari frábæru ferð um nágrannaland okkar Færeyjar munum við fá góða yfirsýn yfir eyjarnar og allt það helsta sem þar er að sjá. Gist verður í Þórshöfn á Straumey á góðu hóteli. Við skoðum litla bæi, fallegar hafnir og njótum einstaks landslags eyjanna.

bænda FERÐIR

Bókaðu núna á bændaferðir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík


STEINSMIÐJA
AKUREYRAR
steinsmidjaakureyrar.is
Tilboð 1- 690.000
Án blómaramma 590.000
Tilboð 2
199.000
255.000
með lukt
VORTILBOÐ
Innifalin er uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.
Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.
Tilboð 3 - 610.000
Án blómaramma
510.000
Tilboð 4 - 495.000
Án blómaramma
395.000
Rúmar vel tvö nöfn
Minni steinar sem passa líka á duftleiði
TIlboð 5
Demantur
175.000
225.000
með lukt
Blár
Grár
Svartur
Paradiso
Svartur
Tilboð 6
Hjarta 199.000
255.000 með lukt
s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is
Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri

## Samkeppnissjóðir landbúnaðarins:

# Rýr hlutur landbúnaðarrannsókna úr stuðningskerfinu

### – Frumframleiðendur í landbúnaði með um 10% af landbúnaðartengdum stuðningi úr Matvælasjóði



Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

**Á Íslandi rennur mun lægra hlutfall af heildarstuðningi við landbúnað til almennrar þjónustu við landbúnað, miðað við önnur Evrópulönd, Bandaríkin og Kanada.**

Um stuðning er að ræða sem skilgreindur er utan við beinan framleiðslustuðning. Þar er hlutfall stuðnings við þekkingar- og nýsköpunarstörf einnig mun lægra hér á landi.

Þetta sést í skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) frá síðasta ári um hlutfall General Services Support Estimate (GSSE)-framlaga ríkja til almennrar þjónustu við landbúnað á tímabilinu 2022–2024. Hlutfall GSSE af heildarstuðningi við landbúnað á Íslandi nam um 3,9%, samanborið við um 4,7% í Noregi, um 12,9% í Evrópusambandinu, 12,6% í Bretlandi, 25,2% í Kanada og 12% í Bandaríkjunum.

Af heildarframlagi GSSE til landbúnaðar á Íslandi fóru á þessu árabili um 67% stuðnings í eftirlit og stjórnun (inspection and control), en um 11% til þekkingar- og nýsköpunarstarfa landbúnaðarins (knowledge and innovation system). Samkvæmt OECD fer meira en helmingur GSSE-stuðnings í Noregi og Evrópusambandinu til þekkingar- og nýsköpunarstarfa.

#### Matvælasjóður tekur til starfa

Matvælasjóður hóf formlega starfsemi í byrjun september 2020. Með stofnun hans voru Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL) og AVS – rannsóknasjóður í sjávarútvegi lagðir niður í kjölfarið og fjármagn þeirra lagt inn í hinn nýja sjóð.



Hrannar Smári Hilmarsson tilraunastjóri og Jónína Svavarsdóttir, umsjónarmaður jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri, við tilraunareiti í hafraræktun. Myndir / smh

Enda var honum ætlað að taka við hlutverkum þeirra beggja, „... að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum“, eins og segir í 1. grein laga um hann en sérstök lög um Matvælasjóð tóku gildi 7. maí 2020.

#### Framleiðnisjóður lagður niður

Í skýrslu OECD eru einnig upplýsingar um stöðu mála á starfstíma FL. Fyrir árin 2000–2002 sést að hlutfall GSSE af heildarstuðningi við landbúnað var 7,4% og vægi þekkingar- og nýsköpunarverkefna innan GSSE rúmlega 45%. Fjármunir til FL voru að mestu ákvarðaðir í gegnum rammasamning búvörusamninga á milli ríkis og Bændasamtaka Íslands (BÍ). Samkvæmt núgildandi búvörusamningum, sem gilda frá 2017 til loka 2026, átti að endurskoða þá á árunum 2019 og 2023.

Aðdragandann að því að FL er lagður niður og Matvælasjóður er stofnaður má rekja aftur til sumarsins 2019 þegar fram koma hugmyndir að aðgerðaáætlun í þingsályktunartillögu um matvælaöryggi og vernd búfjárstofna. Var hún tilkomin vegna lagabreytinga sem Alþingi hafði áður samþykkt og fólust meðal annars í því að frystiskylda á innfluttu hráu kjöti var felld niður. Einn liður í þeirri aðgerðaáætlun var að settur yrði á fót sjóður með áherslu á eflingu nýsköpunar í innlendri matvælaframleiðslu.

Þessi áform birtast svo í stjórnarfrumvarpi 1. nóvember 2019, um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla. Í umsögn frá FL um það frumvarp sagði „... vert að benda á að landbúnaður er fleira en matvælaframleiðsla og að í gegnum tíðina hefur Framleiðnisjóður stutt við afar fjölbreytt viðfangsefni frumvinnslugreinarinnar landbúnaðar. Mörg þessara viðfangsefna lúta ekki beint að matvælaframleiðslu og telur stjórn Framleiðnisjóðs því hættu á að ef af umræddri sameiningu verður muni fjölmörg verkefni verða munaðarlaus, ef svo má að orði komast. Sem dæmi hefur Framleiðnisjóður stutt ötullega við verkefni á vegum vísindastofnana á sviði jarðræktar, kynbóta búfjár og gróðurs, skógræktar og landgræðslu. Einnig má nefna námsstyrki til mastersnemenda á sviði landbúnaðarvísinda.“

#### Bændasamtök Íslands mótmæltu breytingunum

Stjórn BÍ mótmælti einnig þessum áformum opinberlega í byrjun desember 2019. Haft var eftir Sigurði Eyþórssyni, þáverandi framkvæmdastjóra BÍ, í tilkynningu að FL væri hluti af rammasamningi landbúnaðarins sem væri í gildi til 2026. Því gæti ráðherra ekki lagt sjóðinn niður eða látið hann renna inn í nýjan Matvælasjóð nema semja um það við endurskoðun rammasamningsins.

Í tilkynningunni kom einnig fram að á fundi stjórnar BÍ hafi Guðrún Tryggvadóttir, formaður samtakanna, greint stjórninni frá viðræðum sínum við Kristján Þór Júlíusson landbúnaðarráðherra um stöðu FL og fyrirætlana ráðherra um að sameina hann inn í nýjan Matvælasjóð án þess að endurskoðun á rammasamningi hafi farið fram. Fram hafi komið á fundinum að ráðherra hafi séð tvo kosti í stöðunni. Annars vegar að FL verði haldið óbreyttum og hann verði ekki hluti af nýjum Matvælasjóði. Ráðherra muni þó áfram beita sér fyrir stofnun hins nýja sjóðs en BÍ þá ekki eiga hlut að því að móta stefnu og starfshætti hans.

Hins vegar að áfram verði haldið með fyrri hugmyndir um að FL sameinist Matvælasjóði en BÍ muni þá eiga fulla aðild að því að móta stefnu og starfshætti nýja sjóðsins. Stjórn samþykkti samhljóða að heppilegra væri að velja fyrri kostinn og halda FL óbreyttum.

Því var endurskoðun rammasamnings komin í uppnám, en í árslok 2019 er lokaútgáfa frumvarpsins um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla samþykkt á Alþingi, en þá voru hins vegar ákvæði um nýjan matvælasjóð horfin úr þessu frumvarpi.

#### Búnaðarþing ályktar gegn nýjum matvælasjóði

Búnaðarþing er svo haldið dagana 2.–3. mars 2020. Þar er samþykkt ályktun gegn þeim fyrirhuguðum breytingum að stofnaður verði nýr sjóður með því að sameina FL og AVS – rannsóknasjóð í sjávarútvegi undir nýjum formerkjum. „Framleiðnisjóður er nýsköpunar- og framfarasjóður greinarinnar. Hann hefur styrkt hagnýt rannsókna- og þróunarverkefni af ýmsum toga ásamt stuðningi við fræðslumál og verkefni á vegum bænda er lúta að nýsköpun og þróun á bújörðum. Fjármunir til Framleiðnisjóðs koma að nær öllu leyti í gegnum rammasamning BÍ og ríkis og gildir sá samningur til ársins 2026. Á þeim tíma getur ríkið hvorki tekið einhliða ákvörðun um að leggja sjóðinn niður né heldur ákveðið að finna þessum þróunarfjármunum nýjan farveg. Með sameiningu Framleiðnisjóðs og AVS er hætta á að þar hverfi frá landbúnaðinum stuðningur sjóðsins við fjölmörg verkefni sem eru liður í að styrkja byggð vítt um landið en falla ekki beint undir matvælaframleiðslu í þröngri skilgreiningu. Hugmyndir að þessari breytingu, þ.e. sameiningu Framleiðnisjóðs og AVS, hafa ekki verið ræddar við BÍ,“ sagði í greinargerð með ályktuninni.

Stjórnarskipti urðu í BÍ á þessu Búnaðarþingi. Nýtt frumvarp um Matvælasjóð var svo lagt fram á Alþingi í apríl 2020, þar sem í greinargerð var tilgreint tilefni lagasetningarinnar. Var áðurnefnd aðgerðaáætlun nefnd um matvælaöryggi – og vernd búfjárstofna – þar sem ríkisstjórninni var falið að hrinda í framkvæmd ýmsum aðgerðum í þeim tilgangi að efla matvælaöryggi, tryggja vernd búfjárstofna og bæta samkeppnisstöðu innlendrar matvælaframleiðslu.

Einnig voru þau rök nefnd fyrir stofnun sjóðsins að örva þyrfti hagkerfið í kjölfar samdráttar sem varð vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Samhliða var í frumvarpinu lagt til að AVS-rannsóknasjóður í sjávarútvegi og FL myndu renna inn í nýjan Matvælasjóð og væru svo lagðir niður. Með þessu væri horft til þess að spara rekstrarkostnað en einnig að skapa aukið svigrúm til stuðnings við verkefni.

Í erindi BÍ til atvinnuveganefndar 24. apríl vegna frumvarpsins töldu samtökin jákvætt að verja ætti 500 milljónum króna til stofnunar nýs Matvælasjóðs og mótmæltu ekki fyrirliggjandi frumvarpi um stofnun sjóðsins. Samtökin lögðu þó þunga áherslu á að landbúnaðinum yrði tryggður sambærilegur hlutur í ráðstöfunarfé Matvælasjóðs í samræmi við hlut Framleiðnisjóðs

AdBlue í öllum stærðum




Adblue 1,89L
Fullt verð: 1.290 kr m/vsk

Adblue 10L
Fullt verð: 2.990 kr m/vsk

Adblue 210L
Fullt verð: 58.989 kr m/vsk

Adblue 1000L
Fullt verð: 169.900 kr m/vsk

Toyota Kauptúni
Kauptún 3, 210 Garðabær
S 570-5000
vp@toyota.is

VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

í samanlögðum fjárhag hans og AVS-sjóðsins. Sú hlutdeild ætti að vera skilgreind í rammasamningi landbúnaðarins. Þá lögðu samtökin áherslu á að fjármagn í sjóðinn verði aukið til framtíðar litið en takmarkist ekki við stofnframlagið á árinu 2020, að nýrri stjórn Matvælasjóðs verði falið að líta til þeirra verkefna sem Framleiðnisjóður hefur stutt og tengjast ekki endilega matvælaframleiðslu beint, þar með talið menntun og endurmenntun.

Loks lagði stjórn BÍ það til að hinn nýi sjóður myndi starfa áfram á landsbyggðinni eins og Framleiðnisjóður og AVS gerðu.

Lög um Matvælasjóð tóku svo gildi 7. maí 2020, sem fyrr segir, og í þeim var ákvæði um að lög um FL myndu falla úr gildi 31. desember 2020.

Þann 4. febrúar 2021 undirritaði Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, samkomulag við stjórnvöld um endurskoðun á rammasamningi þar sem ný ákvæði um Matvælasjóð voru komin inn undir 7. grein samningsins. Gunnar hafði þá tekið sæti í stjórn sjóðsins sem fulltrúi BÍ.




**Samsetning GSSE-stuðnings sem hlutfall af framleiðsluvirði landbúnaðarins á árunum 2022–2024. Ljósblái liturinn í stöplunum stendur fyrir hlutfall þekkingar- og nýsköpunarstarfa, appelsínuguli hlutinn stendur fyrir eftirlits- og stjórnunarverkefni, sá græni fyrir innviðarverkefni og dökkblái hlutinn fyrir annað.** Mynd / Úr skýrslu OECD, Agricultural Policy Monitoring and Evaluation 2025.

### Framleiðnisjóður stofnaður 1966

FL var stofnaður árið 1966 og starfaði samkvæmt sérstökum lögum um sjóðinn og í fyrstu greininni segir að hlutverk hans sé „að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum“. Þórhildur Þorsteinsdóttir, sauðfjárbóndi á Brekku í Norðurárdal í Borgarfirði, gegndi lengi stöðu framkvæmdastjóra FL. „Stjórn Framleiðnisjóðs tók ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna sem honum barst. FL var samstarfsvettvangur ríkis og bænda hvað varðar umbætur og nýsköpun í landbúnaði,“ segir hún.

Að sögn Þórhildar er hægt að skipta lífshlaupi FL upp í þrjú skeið. Á árunum 1966–1979 hafi starfsemin falist í stuðningi við umbætur á afurðastöðvum en til þess fékkst fast fjármagn á fjárlögum. Á árunum 1980–1992 hafi stuðningurinn beinst að aðlögun búvöruframleiðslunnar að innanlandsmarkaði og búháttabreytingum, en þá komu tekjur sjóðsins af spöruðum jarðabótaframlögum og útflutningsbótum. Eftir 1992 hafi verið kominn alhliða stuðningur við framleiðniaukningu og nýsköpun atvinnu, en fjármagn sjóðsins komið af fjárlögum í samræmi við búnaðarlaga- og búvörusamninga.

### Umbætur í afurðastöðvum

„Framleiðnisjóður studdi allskonar verkefni í gegnum tíðina, meðal annars studdi hann hagræðingu og umbætur í afurðarstöðvum bænda, bæði hvað snerti sláturhús og mjólkurbú. Síðan um miðjan níunda áratuginn var gerð mikil breyting á framleiðsluumhverfi landbúnaðar, varð sjóðurinn leiðandi í því að leggja þeim lið sem vildu fara í búháttabreytingar ýmiss konar. Og auðvitað sýndist sitt hverjum um það,“ útskýrir Þórhildur.

„En sjóðurinn studdi einnig marga bændur við að ráðast í ýmiss konar breytingar á jörðum sínum og með stuðningi sjóðsins náðu margir að efla og bæta sinn búrekstur, og jafnframt með þeim stuðningi var ætlað að auka framleiðni, bæta afkomu, stuðla að fjölþættari nýtingu bújarða og fjölga atvinnutækifærum. Nýbúgreinar eins og loðdýrarækt og fiskeldi, reyndust ekki henta öllum sem voru studd en ferðaþjónustan varð fyrirferðarmest á síðari árum sjóðsins.

Í dag má enn sjá mörg glæsileg ferðaþjónustubýli landsins í rekstri sem geta rakið sig til upphafs þar sem sjóðurinn studdi ríkulega við bændur, einnig hestabúgarða, smávirkjanir, heimavinnslur afurða, ullarvinnslur, framleiðsluaðstöðu fyrir skógarafurðir og svo mætti lengi telja áfram. Á síðustu starfsárum sjóðsins studdi hann ríkulega við kornrækt, bæði grunnfjárfestingar og stofnræktun sáðkorns. Handverk í dreifðum byggðum naut sérstakrar athygli undir hatti Framleiðnisjóðs með árangursríku starfi Smáverkefnasjóðs hans,“ segir hún.

Þórhildur bendir líka á að samfjármögnun verkefna var með Rannsóknamiðstöð Íslands um alllangt skeið um fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar. Þá hafi Garðávaxtasjóður verið sameinaður Framleiðnisjóði í ársbyrjun 2008, en hans meginverkefni hafi verið að vernda og viðhalda heilbrigðum íslenskum kartöflustofnum.

### Endurmenntunar- og námsstyrkir Framleiðnisjóðs

Helstu úthlutunarflokkar FL voru að sögn Þórhildar þrír. „Í fyrsta lagi ýmis rannsókna- og þróunarverkefni en í þennan flokk sóttu stofnanir gjarnan til rannsóknar og þróunarverkefna. Til dæmis studdi sjóðurinn ríkulega við þróun bóluefnis gegn sumarexemi í hestum hjá Tilraunastöð HÍ á Keldum. Sjóðurinn studdi margháttaðar rannsóknir hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólanum á Hólum í gegnum árin og svo lengi mætti telja.

Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum var annar flokkur. En gjarnan miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum að hámarki 30% áætlaðs kostnaðar með hámarksupphæðum á býli sem var mismunandi milli ára. Viðbótar framlög voru svo veitt vegna framkvæmda sem voru taldar geta skapað tvö ársverk eða fleiri.

Þriðji flokkurinn var svo endurmenntun og námsstyrkir, en Framleiðnisjóður hafði frumkvæði að því á árinu 2006 að koma á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands. Stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóðnum starfsreglur í samráði við stjórn Framleiðnisjóðs sem á hinn bóginn lagði sjóðnum til fjármuni sem áttu að ganga til þess að létta bændum og búaliði sókn til endurmenntunar. Framleiðnisjóður bauð einnig fram sérstaka styrki til framhaldsnáms í búvísindum.“



**Þórhildur Þorsteinsdóttir.** Mynd / Aðsend

### Harkaleg útreið Framleiðnisjóðs eftir hrun

„Segja verður hverja sögu sem hún er,“ heldur Þórhildur áfram. „Flestar stofnanir máttu þola skerðingar á fjárframlögum eftir hrun en harkaleg útreið FL er þó líkast til einsdæmi, 90% skerðing sem varð á árunum 2011 og 2012. Sjóðurinn átti ríflegt eigið fé á að ganga og náði að halda úti nokkurri starfsemi.

Auglýst var alla jafna eftir umsóknum einu sinni á ári. Það var misjafnt á milli ára hvað FL hafði til úthlutunar en árið 2015 úthlutaði hann til dæmis rúmlega 107 milljónum króna, þar af rúmlega 36 milljónum til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum. Þessi úthlutunarupphæð fór hækkandi þangað til hann var lagður niður,“ útskýrir Þórhildur enn fremur.

Í síðasta rammasamningi, þar sem gert er ráð fyrir fjárveitingu til FL, voru tiltekin árleg framlög til hans 128 milljónir út gildistímann og áttu að taka árlegum breytingum í samræmi við verðlagsuppfærslu fjárlaga.

### Forsvarsmenn bænda sofnuðu á verðinum

Þegar Þórhildur er spurð um aðdragandann að því að FL er lagður niður og þá gagnrýni sem ákvörðunin sætti, segir hún að bent hafi verið á þá hættu að með því hyrfi úr landbúnaðargeiranum stuðningur sjóðsins við fjölmörg verkefni sem ekki endilega snéru beint að matvælaframleiðslu, en voru mikilvægur liður í að styrkja byggð vítt og breitt um landið.

„En að sjálfsögðu var Framleiðnisjóður ekki yfir gagnrýni hafinn, og auðvitað mátti endurskoða löggjöfina um sjóðinn og alltaf mátti gera betur. En starf sjóðsins markaðist af þeirri sýn að landbúnaður væri afar víðtækt hugtak, mun víðtækara en orðið matvælaframleiðsla gefur til kynna. Sjóðurinn hafði til að mynda mikilvægu hlutverki að gegna í byggðalegu samhengi, sér í lagi í tengslum við styrkveitingar til nýsköpunarverkefna á vegum bænda.

**_- Framhald á síðu 22_**

## Skipulagsauglýsing

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*
er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

**Deiliskipulag Þúfneyri**
Um er að ræða deiliskipulag fyrir útivistarsvæði á Þúfneyri, þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu útivistaraðstöðu.
Samkvæmt tillögunni verður heimilt að reisa litlar þjónustubyggingar, auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu áningarstaðar, bílastæða og útivistarstíga.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með **20. apríl til 1. júní 2026** og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is sem og undir málsnúmeri 427/2026 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til **1. júní 2026.** Skila skal athugasemdum undir málsnúmerinu 427/2026 í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar



Einnig var sjóðurinn öflugur stuðningsaðili við skógrækt, ýmis verkefni sem tengdust framþróun ráðgjafarþjónustu fyrir bændur og margvísleg fræðslutengd verkefni. Við sem störfuðum hjá FL á þessum tíma höfðum áhyggjur af því að þessi verkefni myndu ekki eiga heima hjá þá nýjum Matvælasjóði.

Því miður er það mín staðfesta, skoðun sem fyrrverandi framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, að forsvarsaðilar bænda sem og aðrir hagsmunaaðilar sofnuðu á verðinum við að tryggja fjármögnun mikilvægs þróunarstarfs í greininni. Auðvitað áttu forsvarsmenn Bændasamtaka Íslands á þeim tíma að gefa þeirri reynslu gaum, sem var af hvetjandi starfi sjóðsins til stuðnings margvíslegra og vænlegra vaxtasprota í síbreytilegu umhverfi og ekki glutra því niður. Jafnframt þurfti að spyrja hvort og hvernig stuðningur við margvísleg framfaramál landbúnaðarins yrði tryggður nýr vettvangur. Starfsformin geta verið fleiri en eitt og ef forsvarsmenn bænda og ríkis voru svona óánægðir með ráðstöfun fjármagns FL þá hefði nú bara verið nærtækara að skipta út stjórn sjóðsins frekar en leggja sjóðinn niður í allri sinni mynd. Þar brást stjórn Bændasamtaka Íslands. Engin veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur,“ segir hún.

### Framkvæmdastyrkir úr Framleiðnisjóði

Á nýliðnu Búnaðarþingi sem haldið var í mars var samþykkt tillaga þar sem bent er á mikilvægi þess að bændur geti sótt um framkvæmdastyrki, líkt og áður var mögulegt í gegnum FL. Því er beint til stjórnar BÍ að rætt verði við atvinnuvegaráðuneytið um endurskoðun á reglum Matvælasjóðs þannig að þær heimili slíka styrki og aðrir möguleikar skoðaðir, eins og samstarf við önnur ráðuneyti.

Í rökstuðningi með tillögunni segir að framkvæmdastyrkir séu oft það úrræði sem geti skipt bændur, þar á meðal beint frá býli bændur, mestu máli þegar hrinda á nýsköpunar- og þróunarverkefnum í framkvæmd. „Þar má nefna uppbygginu á sláturaðstöðu á býlum samkvæmt reglugerð um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum. Þeir bændur sem þegar hafa ráðist í slíka uppbyggingu nutu stuðnings úr Framleiðnisjóði. Úthlutanir úr sjóðnum tóku til margvíslegra verkefna sem áttu það sameiginlegt að efla nýsköpun, þróun í landbúnaði og afurðavinnslu og þar með styrkja atvinnusköpun og búsetu í sveitum landsins til framtíðar,“ segir í tillögunni.



Á þeim fimm árum sem Matvælasjóður hefur starfað og úthlutað styrkjum, hafa frumframleiðendur í landbúnaði fengið um tíu prósent af eins milljarðs heildarstuðningi sem tengja má landbúnaði.

### Um tíu prósent til frumframleiðenda

Á þeim fimm árum sem Matvælasjóður hefur starfað og úthlutað styrkjum, hefur um þriðjungur farið til landbúnaðarverkefna – eða um milljarður króna. Af þeim hluta hafa frumframleiðendur í landbúnaði fengið um tíu prósent.

Fyrirtæki og stofnanir í verkefnum sem tengjast landbúnaði hafa fengið langmest og stór hluti alls stuðnings við landbúnað hefur farið til höfuðborgarsvæðisins.

Það heildarfjármagn sem hefur komið til úthlutunar ár hvert hefur haldist nálægt þeim 500 milljónum sem lagðar voru inn í hinn nýstofnaða sjóð, en hann er fjármagnaður beint í gegnum fjárlög.




Samkvæmt skýrslu OECD frá síðasta ári, hefur hlutur þekkingar- og nýsköpunarstarfa rýrnað mjög í heildarstuðningi til almennrar þjónustu við landbúnað á Íslandi.

### Matvælasjóður eyrnamerkir ekki fjármuni atvinnugreinum

Matvælasjóður er rekinn undir atvinnuvegaráðuneytinu. Í svari atvinnuvegaráðuneytisins við fyrirspurn um ástæður fyrir rýrum hlut frumframleiðenda í landbúnaði í úthlutunum og því lága hlutfalli sem renni til þekkingarverkefna í landbúnaði, segir að sjóðurinn leggi áherslu á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu. Sjóðnum sé heimilt að styðja við vöruþróun og markaðssókn á erlendum mörkuðum. Markmið sjóðsins er að ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýta rannsókna.

Matvælasjóður hafi frá byrjun haft mun meira fjármagn til ráðstöfunar en áður var samtals lagt til hinna tveggja, FL og AVS. Sjóðurinn starfi ekki eftir eldri sjónarmiðum um að fjármunir séu eyrnamerktir atvinnugreinum heldur er horft til matvælaframleiðslu í heild.

### Öllum heimilt að sækja í sjóðinn

Í svarinu segir einnig að öllum sem uppfylla þau umsóknarskilyrði sem finna megi í handbók Matvælasjóðs sé heimilt að sækja um í sjóðinn, svo fremi sem verkefnið samræmist áherslum og stefnu Matvælasjóðs ásamt stefnu stjórnvalda hverju sinni. Að kostnaður sem sótt er um styrk fyrir sé samþykktur kostnaður, allir verkþættir séu styrkhæfir og formkröfur uppfylltar. Gildir þá einu hvort umsækjandi er frumframleiðandi eða ekki svo lengi sem verkefnið uppfylli fyrrgreind skilyrði.

„Frumframleiðendur búgreina eiga kost á að sækja um aðra styrki sem er ætlað að styrkja búgreinar. Má þar nefna þróunarverkefni garðyrkju, sauðfjárræktar, nautgriparæktar og hrossaræktar sem er úthlutað af atvinnuvegaráðuneytinu í gegnum Afurð í samræmi við ákvæði búvörusamninga hverrar greinar og reglugerða um stuðning við viðkomandi grein. Einnig má nefna fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt og nautgriparækt. Að auki hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið veitt fjárfestingarstuðning til garðyrkjubænda. Tækjastyrkur í lífrænum landbúnaði hefur jafnframt verið í boði og framleiðslutengdur stuðningur í kornrækt hefur boðist kornbændum. Styrkir til markvissari og loftslagsvænni áburðarnotkunar hafa einnig verið í boði af hálfu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis, einnig styrkir Loftslags- og orkusjóðs til verkefna sem draga úr losun frá landbúnaði. Enn fremur eru ýmis verkefni nú í búvörusamningum sem áður voru styrkt af Framleiðnisjóði eins og kynbótaverkefni. Þá hefur verið samið um ýmis sérverkefni vegna þróunar á ráðgjafarþjónustu beint við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins,“ segir í svari ráðuneytisins.

Enn fremur segir í svarinu að af þessu megi sjá að framleiðendum bjóðist margir kostir til að efla frumframleiðslu.

Þess skal getið að til að mynda þróunarfjármunir búgreina og fjárfestingarstyrkir í sauðfjár- og nautgriparækt hafa verið í boði allan samningstíma gildandi búvörusamninga, en flestir aðrir styrkir sem nefndir eru í svari ráðuneytisins eru nýlegar viðbætur inn í stuðningskerfi landbúnaðarins.

### Verið að skoða hvað megi gera betur

Þá segir í svarinu að ótalið sé, að á vegum stjórnvalda sé margs konar stuðningur í boði við nýsköpun á landsbyggðinni svo sem í gegnum Lóu – nýsköpunarstyrki fyrir landsbyggðina, sóknaráætlanir landshluta, framkvæmdasjóð ferðamannastaða og fleira. Það megi fullyrða að mun fleiri og fjölbreyttari möguleikar séu til staðar til að sækja um stuðning til verkefna en sum hver hafi fengið stuðning hjá forvera Matvælasjóðs.

Varðandi þá gagnrýni sem stundum heyrist, að stórfyrirtæki og umsvifamiklir hagmunaaðilar og stofnanir taki til sín stærstan hlut styrkjanna á kostnað einstaklinga og smáfyrirtækja, segir í svari ráðuneytisins að allar úthlutanir sjóðsins séu opinberar og umsóknir séu lagðar fyrir fagráð sem skipuð séu sérfróðum einstaklingum áður en stjórn taki þær til meðferðar. Eftirspurn hafi verið mikil og því miður sé ekki hægt að verða við öllum styrkbeiðnum, en sjóðurinn telji að staðið sé faglega að öllum úthlutunum og meðferð umsókna.

Matvælasjóður sé samkeppnissjóður þar sem gæði verkefna, skýrleiki markmiða og fjárhagslegur rökstuðningur ráði úrslitum. Eðlilega sæki rannsóknarstofnanir svo sem Matís um stuðning til sjóðsins vegna þeirra fjölbreyttu og mikilvægu rannsóknarverkefna sem þar séu unnin í þágu íslenska matvælageirans. Verkefnin séu oft unnin í samstarfi við fjölmarga sjálfstæða einkaaðila sem styrkir verkefnið.

Eitt af því sem verið sé að skoða – og komi fram í nýlegri úttekt sem Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri gerði á Matvælasjóði – er hvernig hægt sé að mæta betur sjálfstæðum einkaaðilum, sem sækja um styrki í sjóðinn, en halda um leið áfram að styrkja rannsóknarstarfsemi sem sé undirstaða verðmætasköpunar í matvælageiranum.

Málefni sjóðsins séu reglulega endurskoðuð og við næstu endurskoðun verði meðal annars tekið tillit til annarra ábendinga sem fram komi í úttektinni, að einfalda megi umsóknarferlið, hraða greiðslum og lækka kröfur um mótframlag, sérstaklega fyrir minni fyrirtæki. Einnig hafi verið bent á að auka mætti eftirfylgni og ráðgjöf eftir úthlutun.



Prófaðu hillureiknivélina

RMI




# SIGENERGY - MEIRA EN VARAAFL

**SNJÖLL, SAMÞÆTT OG STÆKKANLEG ORKULAUSN FYRIR HEIMILI, BÝLI OG REKSTUR**

## SIGENSTOR

Fyrir heimili, býli og minni rekstur

## SIGENSTACK

Fyrir fyrirtæki, stærri fasteignir og iðnað

Sigenergy sameinar það besta úr nútíma orkukerfum í einni snjallri lausn. Hér fer saman snjöll orkustýring, hraðvirkt varaafl, stækkanleg orkugeymsla og modular uppbygging sem einfaldar uppsetningu og vex með þörfinni. Lausnirnar henta jafnt fyrir nettengd kerfi, varaafl og sjálfstæð “off-grid” orkukerfi.

## KOSTIR SIGENERGY

- 0 ms yfirfærsla yfir á  varaafl
- Meira en varaafl - “Allt í einni / 5 í 1” orkulausn í einu orkukerfi
- Modular og auðvelt að stækka
- IP66-vörn við krefjandi aðstæður
- Frá nettengdum lausnum upp í sjálfstæð “off-grid” og “micro-grid” orkukerfi
- LFP rafhlöður með 10.000 hleðsluhringjum
- Snjöll orkustýring með gervigreind í mySigen appi og Sigen Cloud

**Hafðu samband og fáðu upplýsingar og ráðgjöf um lausn sem hentar þér**

SIGENERGY

897-8258
ljosorka@ljosorka.is
**www.ljosorka.is**

LJÓSORKA
Breytir birtu í rafmagn!

## Útvarp Bændablaðið:

# „Félagið er í eigu bænda og fyrir bændur“



**Þröstur Helgason**
throstur@bondi.is

**Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands (SS), hefur starfað hjá félaginu í um fjóra áratugi. Á þeim tíma hefur starfsemin tekið miklum breytingum, félagið staðið á barmi greiðsluþrots, farið í stórfellda endurskipulagningu, flutt meginframleiðslu sína austur á Hvolsvöll og byggst upp að nýju. Í viðtali við Útvarp Bændablaðið fór Steinþór yfir þessa vegferð, eignarhald og rekstrarform SS, hvernig afkoma félagsins skilar sér til bænda, stöðu sláturiðnaðarins, innflutning á kjöti og þær áskoranir sem hann sér fram undan í íslenskri matvælaframleiðslu.**

„Ég hóf störf hjá Sláturfélagi Suðurlands í nóvember 1984, þá sem framleiðslustjóri,“ segir Steinþór. Árið 1988 varð hann forstjóri félagsins og hefur gegnt því starfi síðan.

Spurður hvernig þessi langi tími hafi verið svarar hann án tafar: „Bara æðislegur. Ég hlakka til að fara í vinnu á hverjum degi.“



**„Í heildina erum við að færa bændum um 225 milljónir vegna síðasta árs,“ segir Steinþór Skúlason. „Þetta sýnir í verki að félagið er í eigu bænda og fyrir bændur.“** Mynd / aðsend

### Endurskilgreining félagsins og erfiðir tímar

Starfsemi SS í dag er gjörólík því sem var áður. „Við endurskilgreindum félagið í raun 1988,“ segir Steinþór. „Áður vorum við í smásöluverslun, að reka Súðaverksmiðju og ýmislegt sem við töldum einfaldlega ekki ganga til framtíðar.“

Á þeim tíma var mörkuð sú stefna að SS skyldi einbeita sér að framleiðslu og heildsölu, „en ekki vera í frumframleiðslu og smásölu“. Þessi viðsnúningur var þó ekki sársaukalaus. „Þetta voru þrjú mjög erfið ár. Vorið 1988 var staðan í raun mjög slæm og félagið í greiðsluþroti.“

SS hafði rekið stórar smásöluverslanir allt frá því að fyrsta verslunin opnaði í Hafnarstræti árið 1907, þegar „dreifileiðir vantaði í raun,“ eins og Steinþór segir. En þegar verslunarkeðjurnar tóku yfir markaðinn lenti félagið í þeirri stöðu að „vera bæði að selja öðrum framleiðsluvörur og keppa við eigin viðskiptavini“.

„Þetta skemmdi bæði fyrir verslununum og framleiðslunni,“ segir Steinþór. Á sama tíma var farið í mikla byggingu í Laugarnesi án þess að fjármagn væri til staðar eða að hún samræmdist breyttum rekstrarskilyrðum.

### Ólafur Ragnar guðfaðir SS

Lausnin reyndist vera róttæk. SS seldi ríkinu bygginguna í Laugarnesi og flutti framleiðsluna frá Skúlagötu 20 til Hvolsvallar. „Þá komumst við loksins fyrir vind og gátum farið að byggja félagið upp aftur,“ segir Steinþór ákveðinn.

Hann rifjar upp flókna sögu sölunnar á Laugarnesinu. Upphaflega hafi hugmyndin verið að selja ríkinu húsið undir Þjóðminjasafn en sú leið féll um sjálfa sig. Þess í stað keypti ríkið húsið fyrir Listaháskóla Íslands. „Við seldum ríkinu þetta á 430 milljónir, sem okkur þótti allt of lágt verð, en við vorum ekki í góðri samningsstöðu,“ segir hann. Greiðslan fólst í fasteignaskiptum og reiðufé sem reyndist dýrmætt fyrir áframhald félagsins.

„Ef þetta hefði ekki verið gert, þá held ég einfaldlega að SS væri ekki til í þeirri mynd sem það er í dag,“ segir Steinþór. Á þessum tíma var Svavar Gestsson menntamálaráðherra og Ólafur Ragnar Grímsson fjármálaráðherra. Þannig að við lítum nú svolítið á Ólaf Ragnar sem guðföður okkar þannig lagað.“

### Flutningurinn austur vendipunktur

Flutningurinn sjálfur var risavaxið verkefni. „Við vorum með vörur með stutt geymsluþol, ekki hægt að safna lager og framleiðslan stoppuð í nokkra daga,“ útskýrir hann. Ein dramatískasta minningin tengist pylsustríði á meðan vélarnar voru á leið austur. Keppinauturinn auglýsti stórt verðlækkunarátak en SS brást við með því að „snúa bílunum við, ræsa auglýsingastofu á frídegi og svara með enn lægra verði“.

Útkoman var sú að „við stóðum í enn sterkari stöðu á pylsumarkaðnum eftir þessa atlögu“.

### Byggt upp frá grunni á Hvolsvelli

Mikilvægt var að halda í þekkinguna. „Við þurftum að fá lykilfagmenn með okkur austur. Á þeim tíma var þetta nánast eins og að biðja fólk að flytja til Síberíu,“ segir Steinþór og dregur upp mynd af aðstæðum á Hvolsvelli á þeim tíma. Með sveigjanlegu vinnufyrirkomulagi og sérstökum hvötum tókst þó að flytja þekkinguna.

„Þetta gerðist á ótrúlegum hraða,“ rifjar hann upp og segir að hugmyndin hafi komið upp á sunnudegi, verið samþykkt á mánudegi og kynnt starfsfólki á þriðjudegi. „En það tókst og það hefur gengið glimrandi vel síðan.“

Í dag er SS stærsti atvinnuveitandi á Suðurlandi. „Hjá SS í heild eru unnin um 330 ársverk og innan samstæðunnar alls um 470,“ segir Steinþór. Þar með talin eru dótturfélögin Reykjagarður og Hollt og gott.

### Besta rekstrarár í sögu félagsins

Aðalfundur SS var haldinn í lok mars og þar var greint frá góðri afkomu. „Miðað við okkar bransa getum við verið mjög sátt,“ segir Steinþór. „Í fyrra féllu ýmsir hlutir með okkur og það varð besta rekstrarár í sögu félagsins – á 119 árum.“

Hann tekur þó fram að ekki sé hægt að reikna með slíkum árangri ár eftir ár. Engu að síður skipti miklu að góð afkoma skili sér til eigenda félagsins, bændanna sjálfra.

### Í heildina 225 milljónir til bænda

SS er samvinnufélag framleiðenda. „Þú verður að vera framleiðandi sláturgripa til að vera félagsmaður,“ segir Steinþór og leggur áherslu á að félagið sé „í raun framlenging á atvinnustarfsemi bænda heima á bæjunum“.

Hann segir samvinnuformið vera „vörn gegn yfirtöku“ og tryggja að félagið starfi á forsendum bænda. „SS er í raun eins mikið beint frá býli og hægt er.“

Frá árinu 2012 hefur verið markviss stefna um að skila hluta afkomu beint til bænda. Eftir góða afkomu síðasta árs var það gert með þrennum hætti. Greiddar voru 100 milljónir króna til bænda sem viðbót við afurðaverð, um 3,4% uppbót. Greiddir voru 15% raunvextir á A-deild Stofnsjóðs, sem Steinþór líkir við lífeyrissjóð. Og í fyrsta sinn var greiddur arður úr B-deild, alls 13,7%.

„Í heildina erum við að færa bændum um 225 milljónir vegna síðasta árs,“ segir hann. „Þetta sýnir í verki að félagið er í eigu bænda og fyrir bændur.“

### Um A-deild og B-deild Stofnsjóðs

Steinþór segir að munurinn á A-deild og B-deild sá að A-deild sé alfarið í eigu bænda og safnast þar 0,6% af allri innleggsupphæð. B-deild var stofnuð í kringum 1990 til að styrkja fjárhag félagsins. Hún er svipuð hlutabréfum án atkvæðisréttar, með rétt á föstum arði.

„Bændur einir hafa atkvæðisrétt,“ segir hann. „Að halda öðru fram er einfaldlega rangt.“

### Sláturhús, hagræðing og lagabreytingar

Steinþór segir hagræðingu í slátrun hafa verið nauðsynlega. „Á svæðinu frá Búðardal til Hornafjarðar voru eitt sinn 13 sláturhús fyrir sauðfé. Í dag er eitt stórt hús eftir á Selfossi.“

Hann segir að slátrun skili almennt ekki hagnaði: „Þetta snýst um að lágmarka kostnað og uppfylla gæðakröfur.“ Fækkun húsa sé besta leiðin til kostnaðarlækkunar. Varðandi breytingar á samkeppnislögum árið 2024 segir hann að þær hafi í raun formfest það sem þegar hafði átt sér stað. „Við töldum okkur ekki þurfa að nýta undanþáguna formlega.“

### Innflutningur á kjöti nauðsyn eða mein?

SS flytur inn svínasíður fyrir beikonframleiðslu vegna skorts. „Um 10% af öllu innfluttu svínakjöti landsins kemur frá okkur,“ segir Steinþór. Nautakjöt hafi SS nánast ekkert flutt inn og sú stefna kosti félagið „minni veltu og framlegð“.

Hann hafnar þeirri gagnrýni að afurðastöðvar eigi ekki að flytja inn kjöt. „Heildsalar flytja inn tilbúnar vörur. Afurðastöðvar flytja inn hráefni sem þær vinna úr og þar verður því til virðisauki í landinu.“

Að mati Steinþórs er vandinn sá að tollvernd hefur veikst verulega. „Gjöld sem voru ákveðin um 1990 hafa hvorki verið verðbætt né viðhaldið. Þau voru meira að segja lækkuð um 40%. Þetta setur þak á innlent verð.“

### Aðlögunarhæfni lykilatriði

Steinþór segir lykilinn að langlífi fyrirtækja felast í aðlögunarhæfni. Hann vitnar í Charles Darwin: „Það eru ekki sterkustu eða gáfuðustu tegundirnar sem lifa af, heldur þær sem hafa mestu aðlögunarhæfnina.“

Helstu áskoranirnar séu breytingar í neyslu, möguleg innganga Íslands í ESB og áframhaldandi hagræðingarkrafa. „Við lítum ekki lengur eingöngu á okkur sem kjötvinnslu heldur matvælavinnslu,“ segir hann og nefnir aukna áherslu á fisk, veganvörur og fjölbreytta tilbúna rétti. Hann telur jafnframt aukna vitund um mikilvægi innlendrar framleiðslu jákvæða þróun, sem og sérstöðu Íslands þegar kemur að lágmarksnotkun sýklalyfja. „Þetta eru verðmæti sem við þurfum að tala fyrir.“

### „Hvað ætti ég annars að gera?“

Að lokum er Steinþór spurður hvort hann sé farinn að hugsa um starfslok. Hann hlær. „Í svona starfi ertu annaðhvort í þessu 110% eða hættur.“ Hann segist hafa gaman af vinnunni, vinna með frábæru fólki og sjá skýran árangur. „Hvað ætti ég annars að gera? Sitja heima og horfa út um gluggann? Ég er ekki alveg kominn þangað.“

Hægt er að hlusta á þáttinn á bbl.is.






# TILBOÐ · GRÓÐURHÚS

## Viðhaldsfrí gróðurhús/garðskálar á 15% afslætti



Tilboð á frábærum viðar-gróðurhúsum í ýmsum litum og gerðum. Í ramma húsanna er sérvalin hitameðhöndluð fura sem gerir húsin því sterkari viðhaldsfrí og vistvæn.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

**GRÓÐURHÚSIN** eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

völundarhús.is
*Vel valið fyrir húsið þitt*







Nánari upplýsingar um **GRÓÐURHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

VH-26-06 · Mána hönnunarstofa

# Íslenskur landbúnaður stendur vel

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



**Runólfur Sigursveinsson ráðunautur hefur látið af störfum hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðar (RML) eftir að hafa starfað hjá fyrirtækinu frá stofnun árið 2013.**

Runólfur var lengst af fagstjóri á rekstrarsviði en síðustu ár hefur hann starfað sem ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði. Runólfur starfaði áður hjá Búnaðarsambandi Suðurlands í um 20 ár, sem ráðunautur og þar á undan sem kennari á Hvanneyri í tæp 12 ár. Þá má geta þess að hann var heiðraður fyrir vel unnin störf í þágu bænda á aðalfundi Búnaðarsambands Suðurlands nýlega. Runólfur svaraði nokkrum spurningum blaðsins.

### Norður-Foss í Mýrdal

En fyrir lesendur, sem þekkja ekki til Runólfs, hvar er hann fæddur og uppalinn? „Ég er fæddur á bænum Norður-Fossi í Mýrdalshreppi, áður Hvammshreppi. Foreldrar mínir voru Sigursveinn Sveinsson og Sólveig Ólafsdóttir.

Þau byrjuðu búskap á Norður-Fossi 1942 og bjuggu þar blönduðu búi, aðallega með kýr og kindur allt til ársins 1980 þegar faðir minn féll frá. Á sjöunda áratugnum kom elsti bróðir minn, Ólafur, inn í búreksturinn og stofnað var félagsbú í kjölfarið og eftir að pabbi féll frá, þá bjuggu móðir mín og bróðir áfram félagsbúi fram til ársins 2002 þegar þau hættu búskap og jörðin var seld.

Við erum fimm systkinin og unnum öll að búinu sem krakkar og unglingar á sínum tíma," segir Runólfur og bætir við: „Ég er yngstur systkinanna og hóf skólagönguna í barnaskólanum á Ketilsstöðum í Mýrdal sem þá var nýbyggður, var síðan einn vetur í skólanum í Vík í Mýrdal og fór síðan í Skógaskóla haustið 1972 og tók landspróf þar vorið 1973. Þá tók við menntaskólanámið við Menntaskólann við Hamrahlíð og lauk ég stúdentsprófi frá skólanum í desember 1976."



Runólfur Sigursveinsson hefur nú látið formlega af störfum fyrir íslenskan landbúnað. Nú ætlar hann fyrst og fremst að nýta tímann betur með fjölskyldu sinni og stunda útivist. Mynd/Aðsend

### Bændadeildin á Hvanneyri 1977

Á sumrin milli námsvetranna í Hamrahlíðinni vann Runólfur við almenn bústörf á Fossi og fékk þar með áhuga að læra meira um landbúnað. Niðurstaðan var sú að haustið 1977 hóf hann nám við Bændadeildina á Hvanneyri og lauk búfræðiprófi vorið eftir. „Mér líkaði alveg stórvel námið í bændadeildinni, mjög góðir kennarar og skemmtilegt nám. Ég hóf síðan nám við búvísindadeildina á Hvanneyri haustið 1978 og lauk kandídatsprófi þaðan (BSc.) vorið 1981," segir Runólfur.

### Bjó á Hvanneyri í 12 ár

Á seinni hluta námstímans á Hvanneyri fór Runólfur að velta fyrir sér starfi að loknu námi og ákvað að prófa kennslustarfið fyrst. „Ég var ráðinn sem kennari við bændadeildina á Hvanneyri haustið 1981. Fyrsta árið í kennslu var mjög krefjandi, bæði að setjast hinum megin borðs og einnig var kennsluefnið misgott, mismunandi eftir námsgreinum. Hins vegar líkaði mér kennslan mjög vel og náði góðu sambandi við nemendur.

Aðalkennslugreinarnar voru nautgripa- og sauðfjárrækt auk annarra greina eins og líffræði búfjár og kynning á félagskerfi landbúnaðarins eins og það var á þeim tíma," segir hann.

### Yfirkennari í bændadeildinni

Runólfur var svo gerður að yfirkennara í bændadeildinni á Hvanneyri. „Já, samhliða kennslunni lauk ég kennsluréttindanámi frá HÍ vorið 1984 og var síðan skipaður yfirkennari bændadeildarinnar frá hausti 1984 til 1988.

Frá haustinu 1988 til ársins 1993 var ég síðan endurmenntunarstjóri við búvísindadeildina en þá var ákveðið að efla starfsmenntun meðal starfandi bænda og símenntun ráðunauta á vegum skólans. Meðal annars var gerður samstarfssamningur við Dalum landbúnaðarskólann á Fjóni í Danmörku um nemendaskipti og námskeiðahald.

Samhliða stjórnunarstörfum kenndi ég ávallt töluvert í bændadeildinni á þessum árum. Á þessum árum skipulagði ég nemendaferðir erlendis fyrir nemendur bændadeildar. Fyrst lá leiðin til Lundúna á svokallaða Smithfieldsýningu, sem var árleg sýning, bæði búfjár- og tæknisýning. Síðustu árin mín á Hvanneyri var farið til Jótlands á hina árlegu Agromeksýningu í Herning.

Þetta voru, hygg ég, mjög eftirminnilegar ferðir fyrir flesta sem tóku þátt í þeim," segir Runólfur.

> Skömmu fyrir síðustu aldamót ákváðum við hjá Búnaðarsambandinu að leggja áherslu á að byggja upp ráðgjöf á sviði rekstrar ...

Allan kennslutímann á Hvanneyri bjó Runólfur á staðnum og líkaði mjög vel að búa í tiltölulega litlu samfélagi þar sem allir þekktu alla og sambýlið við íbúa og nemendur var afskaplega gott segir hann.

### Búnaðarsamband Suðurlands

Runólfur réði sig í kjölfarið, sem ráðunaut hjá Búnaðarsambandi Suðurlands með starfsaðstöðu á Selfossi og starfaði þar í um 20 ár. „Seinni hluta starfstímans á Hvanneyri fór ég að velta fyrir mér hvort ég ætti að gera kennsluna sem slíka að ævistarfi eða reyna fyrir mér á öðrum starfsvettvangi.

Niðurstaðan var síðan sú að þegar mér bauðst ráðgjafarstarf hjá Búnaðarsambandi Suðurlands ákvað ég að skipta um starfsvettvang og flytja úr Borgarfirðinum á Selfoss. Ég hóf síðan störf hjá Búnaðarsambandinu í maí 1993 og starfaði þar sem ráðunautur til ársloka 2012," segir hann.

### Ráðgjöf í nautgriparækt fyrst og fremst

*En við hvað starfaði Runólfur aðallega hjá Búnaðarsambandinu og hvernig líkaði honum starfið?*

„Megináherslan fyrstu árin hjá Búnaðarsambandinu var ráðgjöf í nautgriparækt, ráðgjöf í fóðrun út frá niðurstöðum heysýna og einnig kom ég að ráðgjöf varðandi nautaeldi. Skömmu fyrir síðustu aldamót ákváðum við hjá Búnaðarsambandinu að leggja áherslu á að byggja upp ráðgjöf á sviði rekstrar. Frá upphafi starfs hafði ég unnið töluvert af rekstrar- og fjárfestingaráætlunum varðandi t.d. jarðakaup og/eða vegna fjárfestinga í gripahúsum. Á þessum tíma vantaði í raun gleggri rekstrarupplýsingar um fjárhagslega stöðu einstakra búa og um stöðu greinarinnar á þessum tíma," segir Runólfur.

### Stýrði SUNNU

Runólfur hafði umsjón með sérstöku verkefni, Sunnu. Hann segir okkur frá verkefninu. „Já, það var ákveðið að Búnaðarsambandið setti af stað sérstakt rekstrarverkefni fyrir kúabændur sem fékk nafnið SUNNA.

Fyrsta árið, 1998, tóku 38 kúabú þátt í verkefninu en búin voru rúmlega 70 frá árinu 2001. Í þessu verkefni var hægt að sjá stöðu einstakra búa með tilliti til meðaltals hópsins og hver þátttakandi fékk samanburðarblað með sínum niðurstöðum og þær bornar saman við meðaltal hópsins. Á þessu árabili, fyrir og eftir aldamótin síðustu, varð veruleg breyting í aðstöðu kúabúa á Suðurlandi, 80 til 90 kúabú endurbættu aðstöðu sína, mjaltabásar, legubásar og fóðrun var breytt og fyrstu fjórir mjaltaþjónarnir komu á Suðurland árið 1999. Búnaðarsambandið skipulagði námskeiðahald fyrir starfandi kúabændur á þessum tíma m.a. varðandi byggingu fjósa og fóðrun," segir Runólfur.

*- Framhald á síðu 28*



KARLAKÓR KÓPAVOGS

## Karlakór Kópavogs

**Heldur vortónleika sína 29. og 30. apríl í Digraneskirkju klukkan 20.**

**Tónleikarnir verða með fjölbreyttu sniði þar sem flutt verður nýtt efni í bland við perlur úr fjársjóðskistu íslenskra karlakóra.**

**Frumflutt tvö ný lög eftir Gunnstein Ólafsson sem hann hefur sérstaklega samið fyrir kórinn.**

**Miðasala fer fram á tix.is og við inngang á tónleikadegi.**


SUZUKI
ZODIAC
TRAUSTUR FERÐAFÉLAGI
Suzuki KingQuad fjórhjól
verð frá: 2.290.000 kr,-
Valmöguleikar:
- Traktorskráning
- Torfæruskráning
Eigum til utanborðsmótara frá
2,5 til 300 hestöfl á lager.
Stórt úrval báta,-
Zodiac, AKA Marine og Bom-
bard.
Atvinna, ævintýri,
áhugi eða hreinlega
bara vandfýsinn
nautnaseggur þá eigum
við félaga fyrir þig
Zodiac bátar
Utanborðsmótorar
Mótorhjól
SUZUKI HF.
SUZUKISPORT@SUZUKI.IS
SKEIFAN 17
S: 568 5100


SLÁTTURÓBÓTAR
TIL SÖLU EÐA LEIGU
Sparaðu tíma og vinnu á stórum sem smáum
svæðum. Við finnum réttu lausnina fyrir þig.
GARÐAÞJÓNUSTA
SIGURJÓNS
fyrirspurn@gardaroggluggar.is
540 7900
Framúrskarandi
fyrirtæki 2024-2025


FJDynamics
FJD FV2000
6.000 m² á 3 dögum, 2.000 m² á dag
Verð 395.000 kr.
FJDynamics
FJD FL3000
9.000 m² á 3 dögum, 3.000 m² á dag
Verð 539.000 kr.
FJDynamics
FJD RCM01
90.000 m² á 3 dögum, 30.000 m² á dag
Verð SÉRPÖNTUN
Sveaverken
BLIX
10.000 m² á 3 dögum, 4.000 m² á dag
Verð 649.000 kr.
FYRIR STÆRSTU OG KRÖFUHÖRÐUSTU
GRASFLATIR LANDSINS
• 108.000 m² á 3 dögum, 36.000 m² á dag
• Þráðlaus stjórnun með staðsetningarkerfi
• 2 kWh rafhlaða og 2 klst hleðslutími
• Sláttutími á hleðslu allt að 10 klst
• Sláttubreidd 730 mm
• Hljóðstyrkur ≤ 90dB
THOR
Verð 3.659.000 kr.
Sveaverken

### Endaði starfsferilinn hjá RML

Runólfur endaði nýlega sinn starfsferil hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML en hann var þar í góðu og spennandi starfi. „Á síðustu árunum í starfi hjá Búnaðarsambandinu varð mikil umræða um framtíð ráðgjafarþjónustunnar í landbúnaði, hvort reyna ætti að halda áfram svipaðri starfsemi á vegum einstakra búnaðarsambanda og Bændasamtaka Íslands eða sameina þessa starfsemi í eitt fyrirtæki á landsvísu.

Niðurstaðan varð síðan sú að Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, RML, hóf starfsemi í janúar 2013 og tók yfir ráðgjafarstarfsemi búnaðarsambandanna og Bændasamtaka Íslands. Fyrstu árin hjá RML var ég aðallega í stjórnunarhlutverki, var einn af þremur forstjórum fyrirtækisins til ársins 2018 og hafði þar umsjón með rekstrarráðgjöf og störfum almennra ráðunauta,“ segir Runólfur og bætir við: „Til að byrja með var þetta mikið mótunar- og samhæfingarstarf. Mikið verk var að ná samtvinnaðri liðsheild og byggja upp traust meðal notenda þjónustunnar. Þessi tími tók oft á en var einnig mjög gefandi.

Eftir árið 2018 til starfsloka var ég fyrst og fremst sem liðsmaður í almennri rekstrarráðgjöf, og einnig ráðgjöf vegna kynslóðaskipta og í fleiri verkefnum.“

### Landbúnaðurinn stendur vel

Þegar Runólfur er spurður um stöðu íslensks landbúnaðar, hvernig hann meti hana, er er hann fljótur til svars.

„Íslenskur landbúnaður stendur að mínu mati vel, ekki síst í ljósi þeirrar óvissu sem nú er í alþjóðamálum. Þá skiptir máli, sem aldrei fyrr að hafa eigin matvælaframleiðslu. Sömuleiðis hefur átt sér stað mikil þróun síðustu ár og áratugi í einstökum búgreinum í ræktun, kynbótum og nýtingu áburðarefna og fóðurs. Einnig liggja fyrir rauntölur um rekstrarlega stöðu í einstökum greinum nánast í rauntíma.

Hins vegar getum við víða gert betur. Við þurfum ávallt að vera tilbúin að taka á móti nýjungum, efla tengsl milli frumframleiðenda og neytenda, t.d. með aukinni áherslu á „beint frá býli“-hugsunina – sem má útfæra á mismunandi hátt eftir greinum. Sömuleiðis erum við á eftir í þróun á lífrænum búskap miðað við nágrannalönd okkar.

Einnig þarf að huga að því að viðhalda og auka þekkingu í greininni; þ.e. efla þekkingargrunninn bæði í grunnnámi og einnig með auknum rannsóknum í landbúnaði og eflingu ráðgjafarstarfs í kjölfarið,“ segir Runólfur.

### Hvetur ungt fólk að hefja búskap

Næst er Runólfur spurður út í unga fólkið á Íslandi, hvort hann hvetji það til að fara út í búskap eða ekki ef aðstæður eru þannig?

„Já tvímælalaust, ef áhugi er fyrir hendi hjá viðkomandi þá er ekki spurning að skoða þá möguleika sem gefast. Þá þarf að fara saman mikill áhugi og þekking á búskap og vera ávallt tilbúin að afla sér nýrrar þekkingar.

Hins vegar er flöskuhálsinn oftast stofnkostnaðurinn og þá sérstaklega hvaða kjör eru í boði m.t.t. fjármögnunar. Þar þyrfti að skoða betur langtímafjármögnun, ekki bara lánstíma til 25 ára eins og nú stendur til boða sem hámarkslánstími,“ segir Runólfur.

Hann segir líka að mögulega ættu lífeyrissjóðirnir að koma meira að þessari fjármögnun því það sé ljóst að land eykur ávallt verðgildi sitt með hliðsjón af reynslu síðustu áratuga. Sömuleiðis þyrfti að skoða skattalega meðferð söluhagnaðar þeirra sem eru að láta af búskap. „Eitt er heildarverð og annað hvert raunverð er eftir skatt. Því miður er vaxtarstigið hér á landi langtum hærra en í öllum nágrannalöndum okkar.

Þetta er tvímælalaust sá þáttur sem erfiðast er að eiga við,“ segir Runólfur og leggur áherslu á að mikilvægt sé líka að fylgjast með á hverjum tíma hvernig staðið er að þessum málum í nágrannalöndunum. Bæði með tilliti til fjármögnunar og ekki síður hvernig stutt er við kaup nýliða á jörðum í gegnum búvörusamninga á hverjum tíma,“ segir Runólfur.

### Áskoranir framtíðarinnar

Nú berst talið að helstu framtíðarmöguleikum landbúnaðarins, hver þeir séu að hans mati.

„Ég hygg að við séum á býsna góðum stað að takast á við áskoranir til framtíðar. Ferðaþjónustan hefur breytt ýmsu á síðustu árum fyrir marga á landsbyggðinni, þar á meðal fyrir bændur.

Hins vegar verður undirstaðan áfram hin sama og áður, þ.e. matvælaframleiðsla og ræktun landsins og í því sambandi þarf enn frekar að vera á vaktinni þannig að góðu ræktunarlandi verði ekki fórnað til annarrar starfsemi. Sömuleiðis þarf að tryggja betur en nú er í löggjöf að takmarka eignakaup einstaklinga og fyrirtækja til jarðasöfnunar og mögulega að skilgreina betur kröfu um landnýtingu og búsetu.

Hins vegar þarf landbúnaðurinn líka að vera tilbúinn á hverjum tíma að taka þátt í nýsköpun og vera tilbúinn að takast á við breyttar aðstæður,“ segir Runólfur um áskoranir framtíðarinnar.

### Evrópusambandið og landbúnaður

29. ágúst í sumar á að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið, hvar er Runólfur þegar hann hugsar til landbúnaðarins, eigum við að fara inn í Evrópusambandið eða ekki?

„Miðað við stöðuna í dag verður mögulega farið í aðildarviðræður á næstu misserum að því gefnu að slíkt verði samþykkt bæði í Alþingi og í þjóðaratkvæðagreiðslu. Að mínu mati þarf að eiga sér stað mun betri upplýsingagjöf um kosti og galla aðildar áður en hægt er að svara því hvort við eigum að fara inn eða ekki. Fyrir landbúnaðinn í heild yrði þetta væntanlega erfitt að takast á við.

En eigi að síður þarf að ræða málin betur en gert hefur verið hingað til og reyna að komast upp úr þeim skotgröfum sem umræðan er núna,“ segir Runólfur og bætir við: „Ljóst er að Ísland er í mun betri efnahagslegri stöðu núna en þegar fyrst var sótt um í kjölfar hrunsins en eitt er þó óbreytt, það er gjaldmiðillinn, hátt vaxtastig og ekki síst verðtryggingin og regluverk almennt í peningamálunum. Þetta eru lykilatriði að mínu mati, það gengur ekki til framtíðar að stór hluti þjóðarinnar, þ.e. almenningur og smærri fyrirtæki, búi við þessar sveiflur m.t.t. vaxta meðan stærstu fyrirtækin geta siglt tiltölulega lygnan sjó með fjármögnun rekstrar í annarri mynt og þá með mun lægra vaxtastigi.“

### Fjölskyldan og útivist

Runólfur er að lokum spurður út í sín helstu áhugamál, hvað hann geri helst til að njóta lífsins.

„Já, það er fyrst og fremst að njóta þess að geta nýtt tímann betur með fjölskyldunni og hluti hennar býr erlendis. Síðan er ýmis útivist sem ég hef hug á að nýta enn betur en áður. Sömuleiðis lestur góðra bóka sem ekki hefur gefist nægur tími til í erli dagsins hingað til,“ segir Runólfur.




Við eigum allt sem þú þarfnast til strandveiða. Hjá okkur færðu handfærakróka í úrvali, handfæravindur, tilbúna handfæraslóða, sökkur, sigurnagla, sjóklæðnað og stígvél.

HAMPIÐJAN
hampidjan.is/verslun · https://vefverslun.hampidjan.is

Reykjavík – Skarfagarðar 4 – Sími 530 3333
Ólafsvík – Ólafsbraut 19 – Sími 436 1214
Ísafjörður – Suðurtangi 14 – Sími 470 0830
Akureyri – Norðurtangi 1 – Sími 841 1322
Neskaupstaður – Naustahvammur 49 – Sími 470 0807
Vestmannaeyjar – Friðarhöfn – Sími 664 3340


## Matvælaöryggi:
# Skaðleg áhrif varnarefnis á lýðheilsu og lífríki

**Hertar reglur um innflutning á vörum sem innihalda skordýraeitrið thiamethoxam tóku gildi í mars.**

Árið 2018 bannaði Evrópusambandið notkun á thiamethoxam í útiræktun. Efnið er enn framleitt í stórum stíl í Evrópu og flutt út. Hertar reglur um innflutning á vörum sem innihalda leifar af efninu tóku gildi í mars.

### Notkun bönnuð í Evrópusambandinu

Thiamethoxam er meðal annars notað í baráttu við blaðlús, hvítflugu, kögurvængju og ýmsar bjöllur. Efnið er eitt fjölmargra plöntuvarnarefna sem víða er notað í ræktun. Bannið frá 2018 tekur til allrar útiræktunar en efnið var leyft í gróðurhúsaræktun sem flokkast sem lokað kerfi frá náttúrulegu umhverfi.



Bannið byggði á rökum um skaðleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni og heilbrigði vistkerfa. Það hefur skaðleg áhrif á býflugur, aðra frjóbera og lífríkið í jarðveginum. Áhrif notkunar þess á býflugnastofna eru gríðarleg. Býflugur frjóvga um þriðjung alls þess matar sem neytt er í heiminum og um 75% af allri uppskeru er háð frjóvgun villtra frjóbera.

### Skaðleg áhrif útflutnings

Efnið er enn framleitt í Evrópu og flutt út. Svissneska fyrirtækið Syngenta, sem er einn stærsti fræ- og plöntuvarnarefnaframleiðandi heims er þeirra langstærst. Syngenta er dótturfélag China National Chemical Corporation (ChemChina) sem er í eigu kínverska ríkisins. Syngenta er með stóra verksmiðju í Seneffe suður af Brussel í Belgíu. Þaðan er mikið magn af thiamethoxam flutt út. Stærsti innflytjandinn af skordýraeitrinu er Brasilía en að auki fleiri lönd sunnan við miðbaug auk Rússlands og Úkraínu. Neóniktónióð eins og thiamethoxam eru mest notuðu skordýraeitur í Bandaríkjunum. Skaðleg áhrif efnisins á lífríkið þar sem það er notað eru ótvíræð.

### Áhrif neóníkótínóða á taugaþroska

Thiamethoxam er bæði notað til að meðhöndla fræ fyrir útsáningu en einnig er því úðað. Plöntur soga efnið til sín og það dreifist í gegnum stöngla, blöð, rætur, blóm, í frjókornin og plöntusafann sem þær framleiða til að laða að sér frjóbera.

Efnið veldur oförvun í taugakerfi skordýra og veldur lömun þeirra.

Neóníkótínóðar herma eftir áhrifum nikótíns og tengjast sömu viðtökum í heilanum og taugakerfinu sem hafa afgerandi áhrif á þroska, vöxt og virkni heilans. Bygging og virkni þessara viðtaka er þó ólík á milli skordýra og spendýra.



Rannsókn Alþjóðamatvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) frá árinu 2005, sýndi fram á að efnið væri ólíklegt til að hafa áhrif á líkamsstarfsemi mannanna en nýrri rannsóknir sýna allt annað.

Samkvæmt þeim getur útsetning fyrir neóníkótínóðum á fósturskeiði haft áhrif á hjartaheilsu, einkenni einhverfu og hugrænt atferli. Útsetning fullorðinna fyrir neóníkótínóðum er tengd við lækkað testósterón, minnkuð gæði sæðisfruma og skerta stjórnun líkamans á insúlíni og efnaskiptum fituefna. Lífvöktunarrannsókn bandarísku umhverfisheilbrigðisstofnunarinnar (NCEH) frá árinu 2019 sýndi að leifar neóníkótínóða mældust í um helmingi Bandaríkjamanna þriggja ára og eldri.

### Hertar reglur um innflutning aftur til Evrópu

Thiamethoxam er mikið notað í ræktun á korni, sojabaunum, kaffi, kryddi, hrísgrjónum, grænmeti og sítrusávöxtum og bómullarræktun utan Evrópusambandsins. Þessar vörur hafa svo verið fluttar aftur inn til Evrópu í stórum stíl.

Í mars síðastliðnum dró til tíðinda þegar Evrópusambandið herti reglur um innflutning á vörum þar sem thiamethoxam er notað í ræktuninni og nú gildir reglan um ekkert umburðarlyndi (zero toleance) fyrir leifum af efninu í vörum. Þetta þykir einstakt í ljósi þess að bannið gildir á grundvelli skaðsemi þess á býflugur og frjóbera í náttúrunni en ekki vegna almennrar lýðheilsu sem alla jafna er grundvöllur fyrir slíku banni. Banninu hefur verið mótmælt af framleiðendum en til skoðunar er í Evrópusambandinu að útvíkka bannið svo það nái til fleiri neóníkótínóða.

Engar reglur gilda um að skrá þurfi hvers kyns varnarefni eru notuð í ræktun tiltekinnar vöru á umbúðir. Reglur gilda um hámarksgildi varnarefnaleifa í matvælum sem eru flutt inn og hefur Matvælastofnun (MAST) eftirlit með þeim. */eks*


**Skipulagsauglýsing**

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur birt tillögu að nýju aðalskipulagi í Skipulagsgátt í samræmi við *31. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.*

**Athugasemdafrestur er til og með 12. júní 2026.**
Að frestinum liðnum verður tekin afstaða til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni.

Afgreiðsla og umsögn bæjarstjórnar um athugasemdir verður send þeim aðilum sem gerðu athugasemdir og niðurstaða bæjarstjórnar verður auglýst.

Sjá um aðalskipulagsverkefnið á aðalskipulagsvef sveitarfélagsins https://www.hornafjorduradalskipulag.is/frettir.

Gunnlaugur Róbertsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Umhverfis- og framkvæmdasvið
Sveitarfélagið Hornafjörður


Husqvarna®
Há Verslun er með umboð fyrir
Husqvarna Construction
á Íslandi
• Eigum jarðvegsþjöppur
á lager uppí 500 kg
• Þjónustuverkstæði
og varahlutir
ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5
Husqvarna FS 500 E
rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm
Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max
Husqvarna K770 14"
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm
Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata
Husqvarna FS 400 LV
gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm
Husqvarna Rammer
Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg
Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd
60 cm
Husqvarna K4000
Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm
Husqvarna K3600
Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm
Husqvarna K7000 Ring
rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm
Husqvarna K7000 Pre Cut
rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm
HÁ VERSLUN
Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is
Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar,
slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5


McHale
GÆÐI | STYRKUR | ENDING
HEYVINNUTÆKI
FUSION 4 PLUS
Fusion 4 plus vélarnar hafa reynst afar vel og mikil ánægja er með vélarnar.
Profi Flow sópvinda, hraðari mötun, innmötunarop aðlagar sig eftir magni sem kemur inn. Aukin pressa í baggahólfi, hraðari binding og pökkun, ISOBUS stjórnkerfi, vinnuljós undir hlífum og á pökkunarborði. Stjórnborð er aftan á vél fyrir helstu aðgerðir.
Rakstrarvélar
Sláttuvélar
Hafðu samband og kynntu þér málið!
Heytætlur
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is




Desira-feðgarnir eru með 50 geitur og 50 ær sem þeir mjólka. Á undanförnum árum hafa þeir unnið að því að endurvekja gamla maltneska stofna sem dóu nánast út með innflutningi á erlendu sauða- og geitakyni. Myndir / ál

# Handverksostagerð á Möltu

## – Vísindaleg nálgun á gamla aðferð

**Á bak við ostagerðina Delectat á Möltu standa tveir vinir sem beita sínum bakgrunni úr vísindasamfélaginu til þess að gera geita- og sauðaosta af bestu gerð. Ástríða þeirra skiptir höfuðmáli, því að mikil vinna fer í framleiðsluna og afkoman er ekki mikil.**

Bændablaðið hitti Mark Xerri, annan af forsvarsmönnum Delectat í borginni Żejtun á Möltu í desember. Þar eru framleiddir níu ólíkir ostar sem hver og einn krefst einstaks örverusamfélags til að gerjast og mygla á réttan hátt. Yfirleitt sérhæfa mjólkurbú sig í örfáum ostum vegna þess flækjustigs sem fylgir því að koma í veg fyrir krosssmit á örverusamfélögunum. Delectat-ostagerðin starfar á aðeins 60 fermetrum og því þarf að hreinsa sérstaklega vel á milli þess sem framleiddir eru ólíkir ostar.

Aðspurður segir hann ostagerð sína einstaka á landsvísu og veit hann ekki af öðru mjólkurbúi í Evrópu sem er með sambærilegt vöruúrval. „Ég hef unnið í mjólkurvinnslu í næstum fjóra áratugi,“ segir Mark. „Ég var starfsmaður í meira en tuttugu ár hjá stærstu mjólkursamsölunni í landinu, sem heitir Malta Dairy Products. Þar er framleidd mjólk, jógúrt, smjör, ostar og fleira úr 100 þúsund lítrum af kúamjólk á hverjum degi. Það myndi teljast miðlungsstórt mjólkurbú í samhengi við meginland Evrópu. Þau verkefni sem ég kom að voru gæðastjórnun og vöruþróun.“

Mark er með bakgrunn í lífefnafræði og efnafræði og hefur sérhæft sig í sínum störfum í matvælafræði og matvælaiðnaði. Samstarfsmaður hans, David Mifsud, er virtur fræðimaður á sviði örveru- og skordýrafræða. Báðir eru félagarnir í fullu starfi við háskólann á Möltu samhliða ostaframleiðslunni. David gaf nýlega út bók þar sem hann fjallar um skordýraflóruna á Möltu.

### Höfu samstarf fyrir fimm árum

„Árið 2013 hitti ég David, gamlan skólafélaga og vin á Ítalíu, þegar hann vann hjá fyrirtæki sem framleiðir örverur sem nýtast meðal annars í ostagerð og jógúrtframleiðslu. Þar sagðist hann hafa áhuga á að læra meira um hvernig ostar eru framleiddir með það í huga að fara sjálfur í framleiðslu. Hann vildi fá mig með sér, en á þeim tíma sagðist ég ekki geta slitið mig frá öðrum störfum. Ég var samt alltaf með þetta á bak við eyrað og fyrir fimm árum ákvað ég að ljúka seinni vinnulotunni minni hjá Malta Dairy Products þar sem ég var framleiðslustjóri. Þá hafði ég aftur samband við David og sagðist vera til í að hefja ostaframleiðslu.

Hann hafði áhuga á að byrja framleiðslu á ġbejna, sem er maltneskur ostur. Þetta er vinsæll ostur sem er ýmist gerður úr kúa-, geita- eða kúamjólk. Orðið ġbejna merkir „lítill ostur“ og það er ekki neinn afmarkaður staðall á aðferðinni og eru því margir sem framleiða ost sem þeir kalla ġbejna ýmist úr kúa-, geita- eða sauðamjólk. Nýlega hefur verið sótt um verndaða upprunatilvísun frá Evrópusambandinu vegna ġbejna og er gert ráð fyrir að það nái í gegn eftir skamman tíma. Staðallinn er viljandi nokkuð opinn til að gera ráð fyrir ólíkum framleiðendum.

Þetta er mjög einfaldur ostur í framleiðslu, en hann er ekki gerjaður. Hann er gerður úr mjólk sem er yst með ostahleypi. Það eru þrjár megin útfærslur, en ein er mjög mjúk og fersk og geymd í mysu. Önnur er loftþurrkuð í tvær vikur og söltuð og er enn önnur útfærslan krydduð með pipar. Þá eru einhverjir sem setja ostinn í vín og enn aðrir sem setja hann í edik. Með þessu bragðast osturinn mun meira eins og salt eða edik frekar en ostur.

### Vildu gera eitthvað einstakt

Ég sagði við David að ég væri til í að gera osta, en ekki ġbejna, heldur vildi ég gera eitthvað einstakt. Okkar hugsun var að koma fram með uppskriftir af ostum sem eru gerðir úr maltneskri mjólk án þess að þurfa að nota nokkur E-efni, rotvarnarefni eða edik, sem er eitthvað sem við getum gert vegna bakgrunns okkar úr örverufræði og lífefnafræði.

Ólíkt því sem tíðkast við gerð ġbejna þurfum við að gerja mjólkina. Bragðið og lyktin af okkar vörum stjórnast alfarið af ólíkri gerjun – ekki með kryddum eða jurtum. Einu innihaldsefnin eru því mjólk og örverur sem gerja ekki aðeins mjólkina, heldur veita þær vörn gegn öðrum óæskilegum gerlum.

Fyrir um fimm árum síðan byrjuðum við David að gera tilraunir og eitt af fyrstu skrefunum var að taka sýnishorn úr mjólk frá bændum á svæðinu og senda á rannsóknarstofu erlendis. Þar var hægt að greina örverurnar í mjólkinni hérna og finna þær sem henta til ostagerðar. Rannsóknarstofan sér svo um að framleiða þessar örverur fyrir okkur. Fyrsti osturinn okkar kom á markað árið 2024 eftir að við höfðum verið í mikilli vöruþróun frá 2023.

### Miklar kröfur á gæði mjólkurinnar

Þá er enn ein áskorun að nálgast mjólkina því að við höfum ákveðið að vinna aðeins með þeim bændum sem sýna okkar ströngustu kröfum skilning. Margir freistast til þess að þynna mjólkina út með vatni eða kúamjólk, en við höfum komið okkur upp græjum sem greina aðskotaefni í mjög litlu magni. Stærsta mjólkursamlagið greiðir 60 evrusent fyrir hvern lítra af kúamjólk á meðan við greiðum eina og hálfa evru fyrir hvern lítra af sauðamjólk. Freistnivandinn er því til staðar hjá ákveðnum bændum og höfum við þurft að slíta samstarfi við ákveðna aðila.

Núna fáum við geitamjólk frá tveimur bændum og sauðamjólk frá þremur bændum, en allir eru í innan við fimm kílómetra radíus frá okkur. Þeir koma sjálfir með mjólkina og er henni dælt með slöngu inn til okkar. Við framleiðum aðeins úr 250 lítrum af mjólk á viku, en gerilsneyðum mjólkina til þess að tryggja öryggi hennar til neyslu. Yfir háveturinn er mest mjólkurframleiðsla hjá bændunum sem við vinnum með á meðan framleiðslan dregst saman á sumrin vegna mikils hita og þurrka.

Fyrir hverja hundrað lítra af geitamjólk gerum við aðeins sex kíló af hörðum osti eða 12 til 15 kíló af mjúkum osti, sem útskýrir hátt verð á vörunum okkar. Geitamjólk er fitusnauð og skilar því af sér helmingi minna af osti en sauðamjólk. Við seljum ostinn frá okkur á 66 evrur á kílóið, sem er hátt verð hérna á Möltu,“ segir Mark.

Aðspurður hvað næstu misseri beri í skauti sér segir Mark að félagarnir ætli að fjölga námskeiðum í ostagerð fyrir fólk. Þeir hafa einblínt á heimamenn að undanförnu, en þeir vilja stækka markaðinn með því að bjóða ferðamönnum jafnframt í heimsókn þar sem þeir fengju að smakka osta og fræðslu í hvernig standa skuli að gerð þeirra. */ál*

GÁMATJÖLD
GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20" eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707
Gámatjöld

## Blandað bú á Möltu



„Okkar hugsjón er að auka verðmæti afurðanna fyrir bændurna sem við erum í samstarfi við með því að framleiða hágæðavöru,“ segir Mark. Delectat ostagerðin fær mjólkina sína meðal annars frá Desira fjölskyldunni sem býr steinsnar frá Żejtun. Þar eru um 50 geitur, 50 kindur og eitthvað af kúm, en bændurnir skaffa Delectat ostagerðinni geita- og sauðamjólk allan ársins hring. Fyrir búinu fara tveir bræður og sonur annars þeirra. Bændurnir framleiða jafnframt sinn eigin ost til heimabrúks og beinnar sölu, eins og ġbejna og riccotta. Í síðarnefnda ostinn eru notaðir tveir hlutar mjólkur á móti einum hluta sjós, sem er hefðbundin uppskrift á Möltu.

Á sjöunda áratug síðustu aldar hvöttu stjórnvöld bændur til þess að rækta upp erlenda geitastofna og sauðfjárstofna til þess að ná fram aukinni nyt með þeim afleiðingum að innlendu stofnarnir dóu nánast út. Bræðurnir muna vel eftir maltnesku geitunum og sauðunum og segja að skepnurnar hafi mjólkað vel og að erlendu sauða- og geitakynin hafi ekki haft í för með sér miklar framfarir.

Með samvinnu bænda, stjórnvalda og háskólans á Möltu hefur á undanförnum árum verið sótt erfðaefni til þeirra bænda sem varðveittu maltnesku stofnana með því markmiði að breiða aftur út innlenda stofninn. Þegar kemur að geitunum hefur jafnframt verið sótt erfðaefni í einangraðan stofn frá Sikiley sem er náskyldur þeim maltneska. Hjá Desira fjölskyldunni er til einn hrútur og einn hafur sem eru nánast hreinræktaðir maltneskir.



Er sauðburður í fullu fjöri?
Sæktu Sonett!
Hand Soap
Citrus
CONSCIENTIOUS
• Suitable for hands, face and body




Heildarlausnir í fráveitu
Málmsteypan



Hjónin í Gunnbjarnarholti, Berglind Bjarnadóttir og Arnar Bjarni Eiríksson hafa byggt upp fjölbreytta starfssemi á búi sínu. Mynd / ÞH

# „Við höfum alltaf verið bjartsýn og það breytist ekkert"

**Í Gunnbjarnarholti á Skeiðum reka hjónin Arnar Bjarni Eiríksson og Berglind Bjarnadóttir eitt stærsta kúabú landsins. Atvinnuvegaráðherra afhenti hjónunum nýlega landbúnaðarverðlaunin 2026. Í Gunnbjarnarholti hefur átt sér stað stórfelld uppbygging í mjólkurframleiðslu, sjálfstæðri mjólkurvinnslu undir merkjum Hreppamjólkur, auk þess sem þar er rekið verktaka- og þjónustufyrirtæki fyrir íslenskan landbúnað. Í viðtali við Bændablaðið rekja þau lífshlaup sitt, þróun búsins, tæknilausnir í heyskap og fjósum, reynslu af regluverki og stuðningskerfi landbúnaðarins og taka skýra afstöðu til þeirra áskorana sem fram undan eru.**

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



„Það er alltaf nóg að gera," segir Arnar Bjarni Eiríksson, bóndi í Gunnbjarnarholti, þegar við hittumst í húsi Landstólpa, verktaka- og þjónustufyrirtækis sem hann rekur meðfram bústörfunum ásamt eiginkonu sinni, Berglindi Bjarnadóttur. „Þannig vill maður hafa það. En maður velur sér ekki alltaf verkefnin. Það eru skin og skúrir."

Þrátt fyrir álagið er andrúmsloftið létt. „Það er búið að ganga svo margt á í morgun að maður nær sér ekki niður sennilega fyrr en í kvöld," segir Arnar Bjarni og hlær.

Ég spyr hvort ekki hafi verið ánægjulegt að fá landbúnaðarverðlaunin 2026 sem atvinnuvegaráðherra afhenti þeim hjónum á Búnaðarþingi fyrir skömmu.

„Jú, mikið," svarar Arnar. „Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu. Við erum þakklát fyrir viðurkenninguna og gleðjumst yfir því að störfum okkar sé sýnd athygli."

Í ræðu ráðherra við afhendingu verðlaunanna kom fram að Gunnbjarnarholt væri nútímalegt bú þar sem hefðbundinn landbúnaður væri sameinaður nýsköpun, tækniþróun, þjónustu starfsemi og aukinni tengingu við neytendur.

Gunnbjarnarholt er fjölskyldurekið kúabú og eitt af þeim stærstu á landinu. Þar eru á bilinu 230 til 240 mjólkandi kýr og fjórir mjaltaþjónar. Nautgripir á búinu eru alls um fimm hundruð. Fyrir um tíu árum var byggt um 4.200 fermetra tæknivætt fjós sem gerir búinu kleift að vera í fremstu röð í íslenskum landbúnaði. Fjósið er stálgrindarhús sem Landstólpi, fyrirtæki fjölskyldunnar, flytur inn frá Hollandi. Á síðustu árum hefur fyrirtækið reist hátt í þrjú hundruð slík hús vítt og breitt um landið, bæði fyrir bændur og annars konar rekstraraðila. Landstólpi flytur einnig inn margs konar rekstrarvörur og búnað fyrir landbúnaðinn.

Í gegnum Landstólpa hafa Arnar Bjarni og Berglind komist í aukna snertingu við aðra bændur, bæði hérlendis og ekki síður erlendis, en þau hafa einnig eflt tengsl sín við neytendur. Árið 2021 hófu þau eigin mjólkurvinnslu undir vörumerkinu Hreppamjólk. Þar er framleidd og seld mjólk og aðrar mjólkurvörur beint frá býli sem má meðal annars fá í almennum matvöruverslunum. Vöruúrvalið hefur aukist á síðustu misserum og inniheldur til dæmis skyrdrykki, jógúrt og fleira.



### Ritgerð úr barnaskóla og framtíðarsýn

Arnar er fæddur og uppalinn í sveitinni. Hann rifjar upp óvænta heimild um fyrstu sýn sína á framtíð landbúnaðarins. „Ég skrifaði ritgerð í barnaskóla árið 1979 þar sem ég spái fyrir um framtíð landbúnaðar á Íslandi," segir hann.

Ritgerðin fjallar um Sandlækjarkot, bæinn neðan við veg, þar sem hann ólst upp. „Ég segi nú yfirleitt, þegar ég er að kynna þetta, að ég hafi verið yngstur, frekastur og vitlausastur af bræðrum mínum. Ég flutti því að heiman, hingað handan vegarins í Gunnbjarnarholt en eldri bræður mínir tveir, þeir búa enn heima."

Í ritgerðinni spáir Arnar fyrir um framtíðina. „Ég nefni þarna breytingu á skólamálum hér í sveitinni. Sömuleiðis spái ég fyrir um sæstreng. Ég ímynda mér síðan að landbúnaðurinn verði mjög tæknilegur," segir hann. „Að það verði komin fjarstýrð vélmenni sem bæði geti hugsað um búið og sjálfur myndi ég sitja heima í stofu og horfa á vélmenni gegna á sjónvarpsskermi."

Hann hlær aðeins og bætir við: „Þetta er 20 árum áður en fyrsti mjaltaþjónninn kemur til sögunnar. Ég er nú ekki að segja að ég sé einhver Nostradamus."

Í ritgerðinni nefnir hann líka að vinna mætti mó í Árnesi til eldsneytis. „Ég er ekki alveg viss um að það samræmist umræðunni í dag," segir hann. „Ég veit ekki hvar ég fékk þessa hugmynd." Í lokin vonast hann til þess „að sumt rætist og annað ekki".

### Upphafið erfitt

Saga Gunnbjarnarholts er löng. „Sama ættin hefur búið hér síðan 1789," segir Arnar. „Forfaðirinn hét Jón Oddsson. Hver kynslóð býr lengi, yfirleitt um og yfir 40 ár."

Þau Arnar og Berglind tóku við búinu formlega 1. júlí 1990. Undirbúningurinn hafði þó staðið lengi. „Við vorum náttúrlega fimm ár að byggja fyrsta fjósið," segir Berglind en hún er frá Selfossi.

Upphafið var erfitt fjárhagslega. „Við vorum um tvítugt þegar við byrjuðum að byggja," segir Arnar. „Fyrsta lánið sem við tókum var 500 þúsund krónur með 26,5% ársvöxtum. Þetta var árið 1988, sama ár og Berglind útskrifaðist sem stúdent. Þá voru víxillánin í algleymingi."

### Byggt upp smám saman

Búskapurinn byrjaði í smáum skrefum. Í Gunnbjarnarholti voru eiginlega engin hús, fyrir utan gömul fjárhús. „Við byrjuðum að búa með 20 kýr," segir Arnar. „Framleiðslurétturinn var 67.161 lítri sem við tókum við af foreldrum mínum. Við fluttum síðan í nýja fjósið hér í Gunnbjarnarholti 1993."

Árið 1996 keyptu þau gamalt íbúðarhús og fluttu það á staðinn. „Til þess að flytja okkur nær kúnum," segir Berglind. Árið 1999 var fjósið stækkað um helming. „Þá fjölgum við kúnum eiginlega akkúrat um helming."

Arnar hlær þegar hann rifjar upp viðurnefni sitt. „Ég fékk viðurnefnið Arnar Open House af því að ég lokaði aldrei gaflinum – við ætluðum alltaf að stækka meira."

### Fínasta eining

Í dag er búið allt annað að umfangi. „Við byrjuðum á þessu nýja fjósi 18. júlí 2016," segir Arnar. „Og fluttum inn í það 25 árum eftir að við rákum gripi frá Sandlækjarkoti

hingað yfir í Gunnbjarnarholt í desember 2018.“

Í dag eru þau með um 230–240 mjólkandi kýr. „Við förum aldrei yfir 240 í framleiðslu,“ segir hann. „Hugmyndir um frekari stækkun eru ekki uppi á borðum. Við höldum í raunninni bara dampi,“ segir Arnar. „Þetta er fínasta eining eins og hún er í dag. Við getum framleitt allt að tveimur milljónum lítra eins og stendur. Eigi að auka eitthvað við það, þá verður það verkefni næstu kynslóðar.“

„Já, og við eigum svo sem ekki meira land til þess að standa undir aukinni framleiðslu,“ bætir Berglind við.

### Heyjað í stæður

Þau hjón eiga fimm börn. Þau notuðust því talsvert við verktaka fyrstu ár búskaparins. „Við áttum raunar bara eina dráttarvél fyrstu tíu til tólf árin og þurftum því líka þess vegna að kaupa okkur aðstoð. Núna erum við orðin sjálfbær í öllu nema við kaupum verktaka í að dreifa áburði. Það er bóndi af næsta bæ sem sér um það fyrir okkur. Svo höfum við aldrei átt rúlluvél. Við kaupum því þá þjónustu einnig en við rúllum raunar bara fimmtán prósentum af heildarheyfeng. Hitt er allt í stæðum.“

Þau nota sérstaka aðferð. „Við erum með margnota PVC-dúk og svokallaðar pulsur sem eru soðnar fastar við dúkinn,“ útskýrir Arnar. „Við notum svo salt úr sjötíu tonna pækli sem við dælum í pulsurnar til að fergja ofan á heyið. Hollendingarnir kalla þetta lasagnastæl,“ segir Arnar.

Þannig er heyið lagt í lögum – fyrsti, annar og þriðji sláttur í sömu stæðu. „Við miðum alltaf við að slá öll túnin þrisvar,“ segir Arnar og bætir við: „Okkar reynsla er að átta ár af hverjum tíu gangi það, hin tvö er ekki hægt að stóla á.“

Með þessari aðferð segir Arnar að tíminn sem heyið liggur á túnunum sé styttur mikið. „Það líða ekki nema 48 til 55 klukkutímar frá því við byrjum að slá þar til heyið er komið heim. Daginn eftir er hægt að byrja að bera á. Þannig höldum við skarki á túnunum í algeru lágmarki og sprettutíminn er nýttur eins og við mögulega getum.“

Heyjað er í tvær stæður á ári en á meðan er gefið úr þriðju stæðunni. „Hver stæða er hugsuð þannig að hún dugi í sex mánuði. Það er því miðað við að opna stæðu 1. október og hún á að duga fram til 31. mars. Stæðan sem við opnum 1. apríl á svo að duga til 30. september. Við heyjum því bara í tvær á ári. Og við heyjum jafnt í þær báðar. Fyrsti sláttur fer jafnt í báðar, sömuleiðis annar og þriðji sláttur. Við erum þá með eins fóður næstu tólf mánuði.“

### Tilurð Hreppamjólkur

Árið 2021 hófu þau sjálfstæða mjólkurvinnslu undir merkjum Hreppamjólkur. „Við brennum fyrir þetta,“ segir Arnar þegar hann er spurður hver hugmyndin hafi verið með eigin vinnslu.

Hugmyndin kviknaði erlendis. „Ég hafði séð mjólkursjálfsala á sýningum,“ segir hann. „Þar sem fólk kemur með sínar umbúðir og dælir á þær.“

Íslenskur veruleiki reyndist annar. „Það þarf meiri massa af fólki,“ segir hann. „Og fólk er vant þægindum – vill ekki vera að þrífa flöskur og bera þær með sér út í búð.“

Hugmyndin þróaðist því áfram. „Við vildum kannski líka auka fjölbreytileikann í mjólkurvörum á markaði og svo hafa neytendur kallað eftir beinni tengslum við bændur,“ segir Arnar. „Frá bónda í borg, köllum við þetta.“

Arnar segir að ekki standi til að vinna alla mjólk búsins með þessum hætti en þó fari drjúgur hluti framleiðslunnar í Hreppamjólk. „Einn sjöundi, einn áttundi,“ segir hann. „Við erum að vinna úr fjórum til fimm þúsund lítrum á viku. Það jafnast á við um það bil dagsframleiðslu á mjólk hér á búinu.“

Um afkomuna segir hann: „Við erum kannski farin að hafa fyrir breytilega kostnaðinum í dag. En þetta er langhlaup. Við erum þrjósk og ætlum ekkert að gefast upp.“

Dreifingin fer að mestu í gegnum stórar keðjur. „Festi dreifir í Krónu,“ segir Berglind. „Aðföng í Bónus og Hagkaup. Við keyrum svo til minni aðila eins og Fjarðarkaup.“

Samstarfið við MS og Auðhumlu hefur verið gott. „Þeir eru ekki að þvælast fyrir okkur,“ segir Arnar. „Þeir rannsaka alla mjólk fyrir okkur – lyfjaleifar og annað – og eiga heiður skilinn fyrir það.“

### Vöruþróun

Vörulínan er markviss. „Enginn viðbættur sykur er í hefðbundnum mjólkurvörum sem við framleiðum,“ segir Arnar. „Við erum heldur ekki með neinar fitusprengdar vörur.




**Árið 2021 hófst sjálfstæð mjólkurvinnsla í Gunnbjarnarholti undir vörumerkinu Hreppamjólk.**
Mynd / Aðsend

Við laktósasprengjum allar vörur okkar með nýmjólkina sem er þar með eins nálægt upprunalegri afurð og hún getur verið en hún er auðvitað gerilsneydd. Svo notum við bara náttúruleg bragðefni.“

Boðið er upp á skyrdrykki með fjórum bragðtegundum og fram undan eru nýjar vörur, kefír, AB-mjólk og ískaffi. Tvær tegundir af ís eru framleiddar úr hreppamjólk í samstarfi við Kjörís.

Þau hafa einnig verið að fikta í ostagerð. „Við eigum slatta á lager,“ segir Arnar. „En þetta tekur gríðarlegan tíma og er erfitt að keppa á markaði því að ostur er ekki dýr miðað við margt annað. Þessar verðlagsbundnu vörur eru svo undirverðlagðar að það er erfitt að keppa við það.“

### Landstólpi

Samhliða búskapnum reka þau Landstólpa sem var stofnaður árið 2000. Arnar er menntaður húsasmíðameistari og því voru hæg heimatökin. „Fyrstu árin snerust um að hanna breytingar á eldri fjósum í lausagöngu,“ segir Arnar.

Í dag er starfsemin mun umfangsmeiri. „Við höfum sett upp yfir 300 hús síðan 2004,“ segir hann. „Um 70 þeirra eru fjós.“

Fyrirtækið byggir hús fyrir ýmiss konar starfsemi svo sem fiskeldi, iðnað, spennistöðvar og þjónustuhús. „Á síðustu árum höfum við byggt talsvert fyrir Landsnet og Landsvirkjun. Við erum með um 45 á launaskrá og um 70 manns alls með undirverktökum.“

Sem stendur er verið að reisa vélaskemmu í Gunnbjarnarholti. Vélar hafa verið geymdar á annarri jörð í eigu þeirra hjóna, Skáldabúðum, en þangað er langt að sækja þær, um tuttugu kílómetrar.

„En svo erum við í fóðurinnflutningi, seljum mjaltaþjóna og tæknibúnað og innréttingar í fjós. Við þjónustum bændur með flest sem þeir þurfa.“

Mörgum þætti líklega nóg að vera með 240 mjólkandi kýr þó að ekki bættist umfangsmikið þjónustu- og verktakafyrirtæki við hin daglegu störf, auk afurðavinnslu.

„Við vitum ekki alltaf hvað er hobbí og hvað aðalvinnan,“ segir Arnar og hlær. „En á meðan við höfum gaman af þessu þá er þetta allt í lagi. Svo tengist þetta allt saman. Börnin taka líka þátt. Elsta dóttir okkar er reyndar kúabóndi á Göngustöðum norður í Svarfaðardal, en elsti sonur okkar stýrir landbúnaðardeild Landstólpa. Miðdóttirin er kúabóndi í Dalbæ hér í Hrunamannahreppi. Hún var með okkur í Hreppamjólkinni þar til fyrir mánuði síðan að hún ákvað að snúa sér alfarið að eigin verkefnum. Yngri sonur okkar er svo bústjóri við búið hér í Gunnbjarnarholti. Yngsta dóttir okkar er svo að vinna á leikskóla í Reykjavík og er á leið í háskólanám en tekur heilmikinn þátt í bústörfunum þegar hún getur.“

### Tvenns konar sýn

Arnar og Berglind eru í þeirri stöðu að hafa tvenns konar sýn á íslenskan landbúnað, annars vegar sem bændur og hins vegar sem þjónustuaðilar og byggingarverktakar. Arnar segir að þau finni fljótt fyrir aukinni bjartsýni hjá bændum en þá aukast fyrirspurnir um framkvæmdir.

„Við erum þannig séð með puttann á púlsinum. Við fundum að ástandið versnaði verulega fyrir um fimm árum síðan, líklega í kjölfar Covid. Það slokknaði á öllu svo að segja. En síðan fór að lifna örlítið yfir bændum 2024 og enn frekar árið 2025. Það er svo á þessu ári sem mun meira líf hefur færst í tuskurnar. En stöðnun ríkti hér í íslenskum landbúnaði líklega alveg frá 2018 til 2024.“

Arnar segir að kynslóðaskipti verði ekki reglulega heldur í kippum.

„Þegar birtir til fer allt af stað. Nýjar kynslóðir taka við og bændur stækka líka við sig. Fyrir nokkrum árum síðan þótti kúabú með einum róbóta stórt fjölskyldubú en núna þykir það henta fjölskyldu að vera með tvo mjaltaþjóna. Bændur eru að minnsta kosti í auknum mæli farnir að gera ráð fyrir stækkun í tvo róbóta þegar þeir byggja sér fjós. Við ráðleggjum það. Við spyrjum bændur hvort þeir vilji fóðra á stuttum fóðurgangi eða löngum með gjafakerfi, hvort þeir vilji geta bætt öðrum mjaltaþjóni við og svo að síðustu hvort bændur vilji geta tekið við nýju kúakyni.“

Arnar hlær en honum er þó alvara með þessum orðum.

„Já, bændur verða að gera upp við sig hvort þeir vilji vera tilbúnir þegar að þessu kemur. Það þarf þá að vera hægt að aðlaga

> „Það dettur engri annarri þjóð það í hug í hinum vestræna heimi að framleiða mjólk ofan í heila þjóð á gömlu landkyni. Við erum alltaf að reyna að búa til einhverja ímyndaða íslenska holsteinkú en af hverju styttum við ekki þessa vegferð með því að flytja inn erfðaefni til kynbóta?

fjósið að erlendu kyni sem er stærra og þarf því bæði breiðari og lengri bása.“

### Ættum að flytja inn erfðaefni til kynbóta

Arnar er, eins og heyra má, hlynntur því að flutt verði inn erfðaefni til kynbóta á íslensku kúakyni.

„Sannarlega. Það dettur engri annarri þjóð það í hug í hinum vestræna heimi að framleiða mjólk ofan í heila þjóð á gömlu landkyni. Við erum alltaf að reyna að búa til einhverja ímyndaða íslenska holsteinkú en af hverju styttum við ekki þessa vegferð með því að flytja inn erfðaefni til kynbóta? Íslenskar kýr geta alveg mjólkað en ending þeirra stenst engan samanburð við erlendu kynin og það er gríðarlegur áhrifaþáttur í afkomu. Það skiptir svakalegu máli hvort þú ert með tvö mjaltaskeið eða fjögur. Mjólkin er mun ódýrari í seinna tilvikinu. Erlendu þrautræktuðu kynin eru líka mun auðveldari í meðförum sem þýðir að vinnan verður auðveldari og minni sem skiptir mjög miklu máli þegar búin stækka. Einnig eru mjög sterkar vísbendingar um að nýgengi júgurbólgu sé mun hærra í íslensku kúnum. Og ef við flytjum hingað inn tvínytjakyn þá leysum við vandann sem við stöndum frammi fyrir með nautakjötsframleiðsluna. Við fengjum hærri gæðastandard á allt okkar nautakjöt. Íslensku gripirnir eru bara ekki neinir kjötgripir. Þar er himinn og haf á milli.“

Arnar segir þetta því ekki nokkra spurningu í sínum huga. „Og ég skal ekki hætta búskap fyrr en kominn verður sá valkostur að flytja inn erlent erfðaefni til kynbóta.“

### Óttast breytingar á landbúnaðarkerfinu

Arnar og Berglind segja að reksturinn á búinu gangi vel og þau eru bjartsýn á framtíð landbúnaðarins. Arnar segir núverandi kerfi virka vel. „Menn vita að hverju þeir ganga,“ segir hann. „Og hafa tryggingu fyrir eðlilegu afurðaverði. En vissulega eru engin kerfi gallalaus.“

Hann óttast þó breytingar. „Maður óttast að verið sé að undirbúa drastískar breytingar,“ segir hann. „Að styðja minna við endanlega afurð bænda. Það er alltaf verið að klípa af styrkjunum og setja í gripastuðning, hektaragreiðslur og áfram mætti telja. Stuðningur hefur færst meira í þessa átt í löndum þar sem landbúnaðarframleiðsla er mjög öflug. Í þessum löndum eru niðurgreiðslur þó nokkrar og það er reynt að draga úr framleiðslutengdum stuðningi en öll viðleitni í þá átt gerir það að verkum að landbúnaðurinn verður síður samkeppnishæfur. Það er hreinlega verið að

*- Framhald á síðu 34*

## Erlendir verknemar

Í Gunnbjarnarholti hafa dvalið fjölmargir erlendir verknemar. „Við erum búin að fá eitthvað á þriðja tug verknema frá skólum erlendis,“ segir Arnar, mest þó frá hollenskum landbúnaðarháskóla. „Þetta eru rosalega flottir krakkar,“ segir hann. „Mjög áhugasöm og hnitmiðuð.“

Nemarnir koma í 5–8 vikur í senn. „Við fáum svona tvo til fjóra á ári. Tveir koma núna í maí og svo tveir í ágúst. Þetta er annars vegar fólk sem hefur botnlausan áhuga á kúm og svo hins vegar nemendur sem eru að taka B.S.-próf sem vélafólk og ráðgjafar og ætlar að starfa sem verktakar í landbúnaði. Þetta er mjög öflugt fólk og skólarnir sem við erum að vinna með afar góðir. Við gætum lært margt af þessum skóla til að mennta íslenska bændur framtíðarinnar.“

Nemendurnir eru frá ýmsum löndum, svo sem Danmörku, Noregi, Hollandi og Portúgal.



Berglind í fjósinu í Gunnbjarnarholti sem er 4200 fermetrar. Mynd / ÞH

„Við getum ekki sleppt styrkjunum en það versta fyrir landbúnaðinn er þegar bændur fara að búa á styrkjunum, framleiða það sem þeir fá styrk fyrir en ekki það sem engir styrkir fást út á. Ef kerfinu verður breytt þannig að bændur fá styrki fyrir að gera eitthvað annað en að framleiða búvörur, þá mun það enda illa ...

draga úr framleiðslu. En okkur hér þykir skynsamlegt að auka framleiðslutengda styrki vegna þess að þannig eru bændur hvattir til að búa betur. Hér þarf að hvetja bændur til þess að framleiða meiri og betri vöru á hagstæðara verði. Maður óttast að það eigi að breyta þessu og draga úr hvata til þess að framleiða meira. Það myndi einungis hagnast þeim samkeppnislöndum okkar þar sem veður og aðrar aðstæður eru hagstæðari til landbúnaðarframleiðslu.“

Fæðuöryggi er honum hugleikið. „Það var hlegið að okkur fyrir 20 árum þegar við töluðum um fæðuöryggi,“ segir hann. „Síðan kom fjármálahrunið og Covid – og þá sáum við að hver hugsar um sig. Hið sama blasir við nú síðustu daga og vikur þegar ófriður magnast í heiminum og aðfangakeðjur eru að slitna. Við verðum að horfast í augu við þennan veruleika og huga að fæðuöryggi okkar. Allar þjóðir verja landbúnaðinn sinn. Við verðum að gera það líka.“

Arnar segir þó mikilvægt að hafa það framtíðartakmark að bændur búi vel og ríkisstyrkir verði minnkaðir eftir því sem framleiðslan verði meiri og betri. „Við getum ekki sleppt styrkjunum en það versta fyrir landbúnaðinn er þegar bændur fara að búa á styrkjunum, framleiða það sem þeir fá styrk fyrir en ekki það sem engir styrkir fást út á. Ef kerfinu verður breytt þannig að bændur fá styrki fyrir að gera eitthvað annað en að framleiða búvörur, þá mun það enda illa. Það mun grafa undan íslenskum landbúnaði. Og það er einmitt sú leið sem til dæmis Evrópusambandið vill fara. Það vill veita bændum úti á jaðarsvæðum styrki til að gera ýmislegt annað en að framleiða landbúnaðarafurðir. Það dregur einungis úr framleiðslunni og leggur landbúnað á endanum í rúst hér á landi.“

### Samkeppni

En nú eru skrifaðar greinar þar sem kallað er eftir aukinni samkeppni við íslenskan landbúnað. Öðruvísi verði ekki hægt að lækka vöruverð hér og auka gæði og vöruframboð. Arnar segir skrif af því tagi vera á misskilningi byggð.

„Við búum hér í fámennislandi úti á hjara veraldar þar sem landbúnaður er erfiður. Við erum í harðri samkeppni við innflutt matvæli sem framleidd eru við miklu betri aðstæður. Ef ekki væri fyrir tollavarnir og stuðning við íslenskan landbúnað væri hann ekki til staðar. Hér þarf líka að horfa til annarra þátta svo sem samspils landbúnaðar við ferðamannaþjónustu. Það væri erfitt að halda úti ferðaþjónustu ef landið væri ekki í byggð nema í þéttbýlinu. Og almennt viljum við væntanlega halda landinu í byggð.“

Berglind bendir sömuleiðis á ójafna samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu og þeirrar innfluttu.

„Við framleiðum matvörur hér undir mjög ströngum reglum um heilnæmi og dýravelferð, reglum sem eru í mjög mörgum tilvikum strangari en gerist og gengur í samkeppnislöndum okkar.“

Arnar segir að gullhúðun reglugerða um notkun lyfja og dýravelferð geri það að verkum að íslenskur landbúnaður nýtur sérstöðu.

„Það er ekki sami kjúklingur sem þú kaupir út úr búð hér frá íslenskum bændum og svo frá mörgum löndum Evrópusambandsins. Það sama á við um mjólkina. Það er oft verið að bera saman epli og appelsínur þegar talað er um samkeppni við innfluttar landbúnaðarafurðir.“

### Velferðarreglur ekki alltaf á réttum forsendum

Aðbúnaður kúa hefur batnað mikið hérlendis á undanförnum árum vegna innleiðingar nýrra reglugerða þar um. Arnar segir að það sé þó ekki alltaf gert á réttum forsendum.

„Það var til dæmis talað um að allar kýr yrðu að hafa sinn bás til að liggja á en í nútímafjósi er það ekki þannig. Eitthvað hefur verið slakað á þessari kröfu. En ekkert tillit er hins vegar tekið til opinna svæða í fjósum. Að mínu mati skipta þau ekki minna máli. Í öllum fjósum sem ég hef byggt fyrir bændur á undanförnum árum er gert ráð fyrir stórum opnum svæðum fyrir kýr. Með því er komið í veg fyrir ójafnvægi í hjörðinni og bændur fá meira út úr gripunum. Í núverandi reglugerð er engin krafa um opin svæði.“

Arnar segir að það sé sömuleiðis skrýtið að gera kröfu um að íslenskar mjólkurkýr séu settar út á beit átta vikur á ári.

„Það kostar fullt af peningum. Enginn virðist velta því fyrir sér. Í Hollandi fá bændur enda greitt fyrir það að setja kýrnar út. Hér erum við sektuð fyrir að setja þær ekki út.“

Arnar segir að ásýnd landbúnaðarins þurfi vissulega að vera í lagi og það sé til dæmis hægt að hafa geldkýr og ungviði úti á beit til að uppfylla þarfir um sýnileika og áferð mjólkurframleiðslu.

„En það er alveg galið að hafa hámjólka kýr úti í íslensku sumarveðri sem getur verið með öllum hætti eins og við þekkjum. Velferð kúnna er miklu betur borgið inni í fjósi en úti í íslenska sumrinu. Þarna mætti huga betur að reglusetningu. Og mér þætti raunar rétt að nautgripadeild Bændasamtakanna mætti beita sér meira í þessari umræðu. Útivist kúa kostar okkur alveg svakalega peninga og bitnar þar að auki á velferð gripanna. Framleiðslan í kúnum minnkar um 10–20 prósent meðan á útivistinni stendur, auk þess sem ýmislegt annað getur gerst. Júgurbönd geta til dæmis slitnað sem veldur því að róbótinn finnur ekki spenana og fleira mætti nefna.“

### Bjartsýni þrátt fyrir allt

Þrátt fyrir óvissu um framtíð landbúnaðarkerfisins eru þau Arnar og Berglind bjartsýn. „Við höfum alltaf verið bjartsýn og það breytist ekkert,“ segir Arnar. „Ísland er land tækifæranna í landbúnaði. En það er mjög auðvelt að eyðileggja mikið með rangri pólitík.“

Um framtíð búsins segir Berglind að framtíðin sé björt og yngri sonurinn sé mjög áhugasamur um að taka við búrekstrinum þegar sá tími kemur.



# GESTAHÚS & GARÐHÚS

Öll húsin eru úr sérvalinni hægvaxta furu



Gestahús og garðhús Völundarhúsa eru bjálkahús með tvöfaldri nót og henta því vel fyrir íslenskar aðstæður.

Gestahúsin: 44mm bjálki, tvöfalt gler og gólf.

Garðhúsin: 34 mm bjálki, tvöfalt gler og gólf,

9,9m² garðhúsið er eina húsið án glugga og gólfs.

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda

**BJÁLKAHÚSIN** henta vel fyrir íslenskar aðstæður

völundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt







Nánari upplýsingar um **BJÁLKAHÚSIN** á heimasíðu og í síma **864 2400**

volundarhus.is

VH-26-09 · Mána hönnunarstofa






FINNUR EHF
VERKTAKAR - VÉLALEIGA








Myndir / Nigel B. Cook

# Hámarka heilsufar kúa með bættum þægindum



Elin Nolsöe Grethardsdóttir.

Dagana 23. og 24. febrúar sl. var árlega nautgriparæktarráðstefnan, Kvægkongres, haldin í Herning í Danmörku eins og fram hefur komið hér á síðum Bændablaðsins. Þar var saman kominn nokkur fjöldi manns með sameiginlegan áhuga á öllu því er viðkemur nautgriparækt, hvort sem það varðaði fóðrun, rekstur búa, heimsmarkaðsstöðu, velferð gripa, uppeldi, sjúkdóma – hægt var að finna fyrirlestra við allra hæfi. Undirrituð valdi fyrirlestra eftir áhugasviði og urðu því fyrirlestrar um fóðrun, mjaltir, sjúkdóma og velferð kúa og kálfa meðal annars fyrir valinu.

Nigel B. Cook, dýralæknir og fyrirlesari við háskólann í Wisconsins-Madison, var með fróðlegt erindi um hversu mikilvægt það er að hugsa um velferð gripa í fjósum og hvað við getum gert til að bæta þægindin.

Erlendar rannsóknir sýna að algengasta ástæða fyrir stuttri endingu kúa er nytin, næstalgengast er júgurheilbrigði, svo frjósemi, fótamein og slys – skapgerðin var óalgengasta ástæða þess að kúm væri lógað, annað en við þekkjum hérlendis þar sem skapgerðin er heldur ofar á listanum.

Erlendis er oft stefnt að því að kýr nái 5 mjaltaskeiðum eða að 20% endurnýjun eigi sér stað á þeim aldri. Þó er ekki hægt að setja samansemmerki á milli þess og heilsufars. Til eru bú þar sem velferðin er í hávegum höfð og framleiðslan er frábær, en endurnýjunarhlutfallið talsvert undir 20% árlega og til eru bú með hærra árlegu endurnýjunarhlutfalli en samt er velferðin og heilsufarið frábært. Þetta fer eftir bústjórn og áherslum á hverju búi fyrir sig.

Hvíld er lykilatriði fyrir því að kýr nái að lifa vel og lengi og haldi heilsu. Ef kýr mættu velja á milli þess að fá áttíma eða hvíldartíma, þá myndu þær velja hvíldina. Kýr þurfa að hvíla í a.m.k. 12 klst. á sólarhring, ef sá tími minnkar um tvo tíma, það er að segja að þær fá 10 klst. hvíld í stað 12 klst. hvíldar, þá sést það á auknum fótameinum og lægri nyt. Minnka þarf heildartímann sem fer í mjaltir eins og kostur er, best er ef hægt er að halda mjaltatímanum, með öllu, í að hámarki þremur klukkustundum á sólarhring.

Mikilvægt er að passa að básarnir sem kýrnar liggja í séu nógu breiðir, mjúkir og ekki mikið af óþarfa rörum og járni allt í kring. Fremst í básunum, framan við kýrnar, er stundum svokallaður „koddi", hann má ekki vera hærri en 10 cm. Nigel B. Cook vildi meina að þessi koddi væri sjaldnast notaður til að hvíla höfuðið á, oft er hann hærri en 10 cm og því til vandræða þegar kýrnar standa upp í básunum. Önnur myndin sýnir hvernig koddinn er fyrir kúnni þegar hún stendur upp í básnum. Á seinni myndinni sjáum við hvernig kýr eiga að geta staðið upp – með engin rör eða háa kodda fyrir framan sig.














Hart undirlag er líka til vandræða, sér í lagi fyrir þær kýr sem eiga við fótamein að stríða. Ef undirlagið er hart þá er mótstaðan mikil, en ef undirlagið er mjúkt, þá gefur það eftir og kýrnar eiga auðveldar með að standa upp og sömuleiðis að leggjast án þess að finna mikið til, sjá mynd.

Nigel B. Cook sýndi fram á rannsókn þar sem 141 bandarískt bú tók þátt, í rannsókninni var skoðað hversu margar klukkustundir á sólarhring kýrnar hvíldu og hvernig básar voru í fjósunum. Þar kom í ljós að í fjósum með vatnsmottum í básum hvíldu kýrnar að meðaltali í 9,7 klst/ sólarhring, en í fjósum með sandi í básunum hvíldu kýrnar í 11,7 klst/ sólarhring – sem er nokkurn veginn eins og best verður á kosið. Þrjár aðrar básategundir voru skoðaðar og þær voru allar á svipuðum stað, sjá mynd.

Nigel sýndi fram á fleiri rannsóknir með sömu niðurstöðum, þar sem kýr á vatnsmottum væru með áberandi verstu tilfellin af fótameini og sandurinn kæmi best út, þurrkuð mykja kom líka vel út hvað fótamein varðar, en frumutalan var stundum vandamál í þeim fjósum – sennilega vegna þess að mykjan var ekki nógu þurr.

Í lokin set ég inn tvær myndir úr fyrirlestrinum, önnur myndin sýnir mælingar á járnavirki í bás, eins og við viljum hafa það. Þetta er miðað við kýr sem eru um 680 kg þungar, líklega mætti lækka þessar tölur eitthvað ef miða á við meðalstærð íslenskra kúa, en BS-ritgerð Þorbjargar Helgu Konráðsdóttur frá árinu 2010 segir að kýrnar voru þá 429 kg að meðaltali, mögulega hefur sú tala eitthvað breyst á þeim 16 árum sem senn eru liðin.

Hin myndin sýnir hvernig útsýnið á að vera þegar við stöndum framan við bás og horfum á kúna. Ef járnavirkið er eins og myndin sýnir, þá tryggjum við okkur að kýrnar eigi auðvelt með að leggjast og standa upp. Einnig sjáum við að kýrin kemur hvergi við járnin, það segir okkur að básinn er nógu breiður.

*Höfundur er gæðaráðgjafi Auðhumlu svf.*











**„Ný yrki geta vissulega reynst vel í íslenskri ræktun, en vegna skorts á yrkjatilraunum myndast óvissuástand sem getur leitt til þess að bændur þurfa stundum að taka ákvarðanir með takmörkuðum upplýsingum.“**

# Framboð og val á sáðvöru vorið 2026



**Hafrún Huld Hlinadóttir.**

Sólin er farin að hækka á lofti og fyrstu merki vorsins farin að líta dagsins ljós. Á þessum tíma eru margir farnir að huga að vorverkunum og jarðræktarplönum sumarsins. Síðasta sumar var einstaklega gott sprettuár. Maímánuður var sá heitasti síðan mælingar hófust og þótt að júní hafi síðan tekið við með kuldatíð var restin af sumrinu hlý og haustið milt fram undir miðjan október. Margir bændur slógu einhver tún sín oftar en árin áður og var heymagn á landinu í hámarki. Ef bændur eru farnir að sjá fram á að þeir muni eiga miklar fyrningar í vor getur þetta verið kjörið tækifæri til að huga að endurræktun. Með nægum fyrningum er ekki þörf á jafn mikilli uppskeru á þessu ári, sem skapar svigrúm til að endurnýja eldri tún.

### Hvað ber að hafa í huga við ræktun?

Ef ákveðið er að fara í endurræktun er fyrsta skrefið að meta stöðu spildunnar. Þarf að hreinsa eða grafa nýja skurði til að minnka bleytu í spildunni? Þarf að minnka ójöfnur eða fara í einhverjar aðrar framkvæmdir til að bæta nýtingu og vinnsluhraða spildunnar? Gott er að taka jarðvegssýni og skoða efnainnihald og sýrustig jarðvegsins. Staða og tegund jarðvegsins hefur mikil áhrif á lifun sáðgresis og nýtingu áburðarefna. Sýrustig spildunnar hefur mikil áhrif á lifun ræktunarplantna. Kjörsýrustig fóðurjurta er yfirleitt á bilinu pH 5,5–7, þó misjafnt sé milli tegunda hversu vel þær þola lægra sýrustig. Lágt sýrustig eykur einnig líkurnar á að illgresi komist á skrið í nýræktinni og spilli fyrir ræktuninni. Ef að sýrustig spildu er lágt er kjörið að kalka við endurræktun þar sem þá er hægt að nota meira magn en við yfirborðsdreifingu.

### Sáðvöruframboð 2026

Í síðasta mánuði kynntu söluaðilar sáðvöruframboð sitt fyrir árið. RML tekur saman lista yfir sáðvöruframboð helstu söluaðila á Íslandi sem má finna á heimasíðu RML. Í skjalinu er hægt að sjá þau yrki sem eru í boði á markaðinum í ár ásamt verði söluaðila. Þar má einnig sjá umsagnir um yrkin úr nytjaplöntulista Íslands sem gefinn er út af Landbúnaðarháskóla Íslands. Í nytjaplöntulistanum er að finna upplýsingar um þau yrki sem hafa reynst best í ræktunartilraunum hérlendis. Auk þess eru þar skráð yrki sem hafa góða og langa reynslusögu í íslenskum aðstæðum, þrátt fyrir að hafa ekki verið prófuð í skipulögðum tilraunum. Mikilvægt er að kynna sér vel þau yrki sem á að rækta og afla upplýsinga um kosti þeirra og galla.

### Gat í yrkjatilraunum á Íslandi

Á hverju ári koma ný yrki á markaðinn. Nytjaplöntulistinn hefur hins vegar ekki verið uppfærður síðustu þrjú ár þar sem fáar yrkjatilraunir hafa farið fram á þessum árum. Af þeim sökum er talsvert af yrkjum á sölulistum sem hafa ekki verið í íslenskum tilraunum. Íslenska sumarið er stutt og vaxtarskilyrði geta verið erfið fyrir fóðurplöntur sem hafa gefið góða reynslu erlendis. Því er oft erfitt að yfirfara erlendar niðurstöður yfir á íslenskar aðstæður. Afar mikilvægt er því að skoða vel þær upplýsingar sem liggja fyrir um hvert yrki og meta hvaðan sú reynsla kemur. Einna helst er horft á niðurstöður frá norðurhluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands, þar sem vaxtarskilyrði þar eru líkust þeim íslensku. Sum yrki sem eru ekki á nytjaplöntulista hafa verið prófuð í einhverjum tilraunum hérlendis en hafa ekki fengið almennar umsagnir í nytjaplöntulistanum. Einnig hafa einhver yrki verið í sölu í nokkur ár og einhverjar upplýsingar fengist um þau í gegnum reynslu bænda. Önnur yrki hafa enga reynslu hérlendis og því ekki vitað hvernig þau bregðast við íslenskum vaxtarskilyrðum.

Ný yrki geta vissulega reynst vel í íslenskri ræktun, en vegna skorts á yrkjatilraunum myndast óvissuástand sem getur leitt til þess að bændur þurfa stundum að taka ákvarðanir með takmörkuðum upplýsingum.

### Hvað ber að hafa í huga við val á sáðvöru?

Framboð á sáðvöru er fjölbreytt og ýmsir möguleikar í boði. Val á plöntum þarf að taka mið af markmiðum ræktunarinnar. Hvort ætlunin er að auka uppskeru spildunnar, bæta fóðurgæði, endurrækta aftur á næstu árum eða velja tegundir sem hafa gott vetrarþol. Á nýju ræktunarlandi, eða á spildu sem hefur ekki verið unnin um nokkurt skeið, getur verið skynsamlegt að fara í grænfóður- eða kornrækt í eitt til þrjú ár áður en grasi er sáð í spilduna. Í grasrækt getur verið hagkvæmt að skjólsá grænfóðri með grasinu til að auka uppskeru fyrsta árið. Við skjólsáningu er hins vegar mikilvægt að draga ekki úr sáðmagni grastegunda svo að svörðurinn haldist þéttur árið eftir. Mikilvægt er að velja tegundir sem veita grasinu ekki of mikla samkeppni. Hafrar, bygg og einært rýgresi hafa verið vinsæl í skjólsáningu síðustu ár og almennt gefið góða uppskeru á endurræktunarárinu. Rýgresi getur þó veitt grasinu töluverða samkeppni þar sem það þéttir sig og getur haft áhrif á þéttleika grassins árið eftir. Hafrar og bygg veita grasinu hins vegar minni samkeppni, en hafa jafnframt lægra fóðurgildi en rýgresi. Rúgur er einnig farinn að vera algengari í skjólsáningu. Mikilvægt er þó að hafa í huga að rúgur er tvíær planta og getur því komið upp aftur árið eftir. Hann fer snemma af stað á vorin og getur nýst vel til vorbeitar. Hins vegar sprettur rúgur snemma úr sér og þarf því að slá hann tímanlega ef nýta á hann sem vetrarfóður á öðru ári.

Við val á grastegundum og yrkjum er mikilvægt að horfa til þeirra þátta sem hafa mest áhrif á lifun og endingu túna. Þar skipta vetraraðstæður miklu máli, svo sem svellamyndun og snjóþyngsli. Ef slíkar aðstæður eru algengar getur verið skynsamlegt að velja harðgerðari yrki fremur en þau sem skila mestri uppskeru. Einnig þarf að taka tillit til næringarástands jarðvegs og þess hvaða fóðurgæði stefnt er að.

Vallarfoxgras hefur lengi verið vinsælasta ræktunargrasið á Íslandi, enda hefur það marga kosti. Grasið er orkuríkt og lystugt og hefur nokkuð góða lifun við íslenskar aðstæður. Vallarfox-yrkin eru mörg en styrkleikar þeirra mismunandi. Því er mikilvægt að velja þau yrki sem best henta ræktunarmarkmiðum og þeim vaxtarskilyrðum sem fyrir hendi eru hverju sinni. Vallarfoxgras er jafnframt það fóðurgras sem hefur verið mest rannsakað hér á landi og má finna upplýsingar um öll helstu yrki þess í Nytjaplöntulista Íslands. Almennt má segja að meiri uppskera yrkisins fari saman við styttri líftíma og lægra vetrarþols. Því getur verið gott að blanda saman ólíkum yrkjum vallarfoxgrassins til að ná saman hærra uppskerumagni og lifun.

### Grasfræblöndur auka öryggi og endingu ræktunar

Einnig eru í boði fjölbreyttar grasfræblöndur þar sem mismunandi tegundum er blandað saman. Með samblöndun tegunda má nýta ólíka eiginleika til að auka öryggi í ræktun og lengja endingartíma túna. Uppskerumeiri tegundir og yrki skila meiri uppskeru fyrstu árin, en harðgerðari tegundir taka yfir þegar hinar fara að dala.

Við val á fóðurgrösum getur verið gagnlegt að skoða rit Landbúnaðarháskólans, „Spretta og fóðurgildi helstu túngrasa á Íslandi“. Ritið kom út í síðasta mánuði og fjallar um vöxt, þroskaferil og fóðurgildi sex algengustu fóðurgrasa á Íslandi. ritið er aðgengilegt á heimasíðu Landbúnaðarháskólans.

Skýr ræktunarmarkmið og upplýstar ákvarðanir er lykillinn að góðri ræktun.

Ræktun er bæði kostnaðarsöm og tímafrek og því mikilvægt að hún skili sem bestum árangri. Þótt veðurfar og aðrir ytri þættir geti haft áhrif á hversu vel ræktunin gengur, er val á réttu sáðgresi einn af lykilþáttunum til að tryggja árangur. Mikilvægt er að vera með skýr ræktunarmarkmið og góðar upplýsingar um stöðu jarðvegsspildunnar til að ná ræktunarmarkmiðum sínum. Jarðræktaráðgjafar RML bjóða bændum upp á aðstoð við val á sáðgresi eða gerð sáðvöruáætlunar. Einnig er sáðvörulisti RML aðgengilegur á heimasíðunni. Með því að nýta sér þessar leiðir er hægt að taka upplýstar ákvarðanir og tryggja að ræktunin nýtist sem best, bæði á þessu ári og á komandi árum.

*Höfundur er ráðunautur á rekstrar- og umhverfissviði RML.*



# Kæru deildarfundarfulltrúar



Mig langar að þakka ykkur innilega fyrir þá miklu vinnu og undirbúning sem þið unnuð í aðdraganda deildarfundar nautgripabænda sem haldinn var í Reykjavík í mars mánuði. Það er langt frá því sjálfgefið hversu vel þið rýnið málin og leggið ykkar af mörkum til að styrkja okkar sameiginlegu rödd.

Það er einmitt þessi samheldni og fagmennska sem skiptir sköpum á tímum þar sem áskoranirnar eru margar og mikilvægt að við nautgripabændur stöndum þétt saman. Þið hafið sýnt það í verki að grein okkar byggir á dugnaði, ábyrgð og skýrum vilja til að hafa áhrif.

Takk fyrir ykkar framlag – það skiptir sköpum.

*Með bestu kveðju, Sigurbjörg Ottesen*
*Formaður deildar nautgripabænda BÍ.*

## Bændasamtök Íslands:

# Fjölbreyttir hópar velkomnir

**Bændasamtök Íslands hafa á undanförnum árum lagt mikla áherslu á að opna dyr sínar fyrir fjölbreyttum hópum sem vilja fræðast um starfsemi samtakanna og íslenskan landbúnað.**

Reglulega taka samtökin á móti bæði innlendum og erlendum gestum, sem eiga það sameiginlegt að hafa áhuga á landbúnaði, matvælaframleiðslu og þróun greinarinnar.

Meðal þeirra hópa sem hafa heimsótt samtökin eru nemendur úr Listaháskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Heimsóknir þessara skólahópa hafa reynst afar gagnlegar, enda gefst nemendum tækifæri til að kynnast starfsemi samtakanna af fyrstu hendi, ræða við sérfræðinga og fá innsýn í áskoranir og tækifæri í íslenskum landbúnaði. Slík samskipti stuðla að auknum skilningi og skapa mikilvægan vettvang fyrir umræðu milli fræða og atvinnulífs.

Erlendir gestir eru einnig tíðir og koma víða að. Oft er um að ræða einstaklinga eða hópa sem starfa sjálfir við landbúnað eða tengdar greinar og vilja kynna sér íslenskar aðferðir, sjálfbærni og sérstöðu greinarinnar hér á landi. Þessar heimsóknir styrkja alþjóðleg tengsl og skapa tækifæri til þekkingarmiðlunar milli landa.

Bændasamtök Íslands líta á það sem mikilvægan hluta af hlutverki sínu að miðla þekkingu og efla samtal um landbúnað. Með því að taka á móti fjölbreyttum hópum stuðla samtökin að aukinni vitund um mikilvægi greinarinnar og efla tengsl við samfélagið í heild. /sbh

FALLEG OG NÁTTÚRULEG




info@utihusgogn.is

Útihúsgögn.is
Úti allt árið
ALVÖRU HANDSMÍÐUÐ TRÉHÚSGÖGN
STERK OG STÖÐUG GÆÐAVARA

- Heimili og sumarhús
- Bæjarfélög og opin svæði
- Gistiheimili og hótel

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ










ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN

Icevet
Dýraheilsa

LAMBOOST og SAFYGUT (áður FLORYBOOST) eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba og kiðlinga. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og er með íslenskum leiðbeiningum.



LamBOOST

Fæðubótarefni auðugt af næringarefnum sem er sérstaklega hannað með þarfir lítilla og veikburða lamba og kiðlinga í huga.

SafyGut fyrir lömb

Stuðlar að jafnvægi þarmaflórunnar þegar meltingartruflanir gera vart við sig.



*Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila www.dyraheilsa.is.*





**Húsin okkar**

Bambahús ræktunarhús byggð fyrir íslenskar aðstæður
Bambahús eru sterk og vönduð ræktunarhús hönnuð með íslenskt veðurfar í huga. Húsin eru stöðug, endingargóð og hafa reynst vel víða um land þar sem kröfur um styrk, einfaldleika og áreiðanleika eru miklar.
Hvert hús er 6,6 m² að stærð með góðri lofthæð og nýtanlegu ræktunarrými.
Byggingin heldur vel hita, þolir vind og veður og skapar skjólgott umhverfi fyrir ræktun frá vori langt fram á haust og allt árið með einföldum búnaði.

Bambahús nýtast jafnt í heimagörðum, hjá skólum og í markvissri ræktun þar sem gæði skipta máli.

*Nánari upplýsingar og myndir:*
www.bambahus.is

BAMBAHÚS
www.bambahus.is
bambahus@bambahus.is
s.862-5008/777-6161

**Eiginleikar**

- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og engin þörf eru á jarðfestu
- Bambahús þola vind og snjóþunga betur en flest önnur gróðurhús
- Bambahús koma með gróðurkerjum
- Bambahús nýtir fermetrapláss betur en önnur gróðurhús
- Bambahús henta betur fyrir hreyfihamlaða
- Bambahús er íslenskt hugvit og framleiðsla
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd
- Bambahús eru færanleg, hægt að færa þó það sé í fullri notkun

# Kynbótasýningar vorsins



Halla Eygló Sveinsdóttir.

Opnað verður á skráningar á kynbótasýningar þriðjudaginn 28. apríl. Skráning og greiðsla fer fram í gegnum heimasíðu RML www.rml.is en á forsíðunni er flýtihnappur sem skráð er í gegnum. Á forsíðu WorldFengs er einnig hægt að skrá hross til sýningar. Nánari leiðbeiningar varðandi skráningar er að finna á heimasíðu RML.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvaða sýningarstaðir eru í boði og lokaskráningardag á hverja sýningu en skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umsjónarmaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Til að fá aðstoð er hægt að hringja í síma 516-5000, eða senda tölvupóst á netföngin halla@rml.is og hross@rml.is. Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umsjónarmenn hrossa til að skrá tímanlega.

RML áskilur sér rétt til að fækka dögum á sýningum ef skráningar eru færri en búist er við og sameina sýningar ef þess gerist þörf. Sýning verður ekki haldin nema lágmarksfjöldi skráninga náist, sem eru 30 hross. Hér að neðan má sjá sýningaáætlun vorsins og hvenær eru síðustu skráningardagar.

Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðunni www.rml.is, þegar þær eru tilbúnar sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.



Móðir og afkvæmi. Mynd / Anna Guðrún Grétarsdóttir.

**Sköpulagsdómar – aukinn sveigjanleiki**

Á aðalfundi FEIF í febrúar var samþykkt tillaga um aukinn sveigjanleika varðandi sköpulagsdóma. Nú er valkvætt hvort hross sem eru sex vetra eða eldri mæti í sköpulagsdóm hafi þau áður hlotið sköpulagsdóm 5 vetra eða eldri, þannig að ef hross var sköpulagsdæmt í fyrra 5 vetra þá má láta þann dóm standa og hrossið þarf eingöngu að mæta í hæfileikadóm til að hljóta fullnaðardóm. Öll hross sem koma til dóms fjögurra og fimm vetra gömul þurfa að fara í sköpulagsdóm áður en þau fara í hæfileikadóm.

Þá hefur því einnig verið breytt að sköpulagsdómur og hæfileikadómur þurfa ekki lengur að fara fram á sömu sýningu til að hross hljóti fullnaðardóm. Hross sem hlýtur sköpulagsdóm að vori getur mætt síðar á árinu í hæfileikadóm og þar með hlotið fullnaðardóm. Aldrei er heimilt að mæta eingöngu með hross til hæfileikadóms án þess að fyrir liggi byggingardómur. Hafi hross verið byggingardæmt 4 vetra og kemur síðan aftur til dóms 6 vetra eða eldra þarf það að mæta aftur í byggingardóm.

Ef eigandi ákveður að skrá hross eingöngu í hæfileikadóm er það alltaf **nýjasti** sköpulagsdómur hrossins sem gildir inn í fullnaðardóm. Nánar má lesa um þessar breytingar á heimasíðu RML.

| Dags. | Staður | Loka skráningadagur |
|---|---|---|
| 18.5-21.5 | Rangárbakkar við Hellu, vika 1 | föstudagur 8. maí |
| 26.5-29.5 | Rangárbakkar við Hellu, vika 2 | föstudagur 15. maí |
| 01.6-05.6 | Rangárbakkar við Hellu, vika 3 | föstudagur 15. maí |
| 01.6-05.6 | Sörlastaðir, Hafnarfirði, vika 1 | föstudagur 15. maí |
| 01.6-05.6 | Hólar í Hjaltadal, vika 1 | föstudagur 15. maí |
| 08.6-11.6 | Rangárbakkar við Hellu, vika 4 | föstudagur 15. maí |
| 08.6-12.6 | Sörlastaðir, Hafnarfirði, vika 2 | föstudagur 15. maí |
| 08.6-12.6 | Mið-Fossar, Borgarfirði | föstudagur 15. maí |
| 08.6-12.6 | Akureyri | föstudagur 15. maí |
| 15.6-19.6 | Rangárbakkar við Hellu, vika 5 | föstudagur 15. maí |
| 15.6-19.6 | Víðidalur, Reykjavík | föstudagur 15. maí |
| 15.6-19.6 | Hólar í Hjaltadal, vika 2 | föstudagur 15. maí |
| 22.6-24.6 | Rangárbakkar við Hellu, vika 6 | föstudagur 15. maí |
| 22.6-24.6 | Hólar í Hjaltadal, vika 3 | föstudagur 15 maí |

**Sýningagjöld og fleira**

Verð fyrir fullnaðardóm er 46.100 kr. en fyrir sköpulagsdóm/hæfileikadóm 35.100 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkortum, ekki er hægt að greiða með millifærslu. Um leið og hrossið hefur verið skráð og greiðsla framkvæmd, birtist hrossið strax inni á viðkomandi sýningu. Ef það gerist ekki er rétt að kanna hvort eitthvað hafi farið úrskeiðis við skráninguna.

Endurgreiðslur á sýningagjöldum koma því aðeins til greina ef forföll eru tilkynnt með tölvupósti fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku á netfangið hross@rml.is. Endurgreiddar eru 27.660 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 21.060 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Þessar endurgreiðslur miðast við núverandi forsendur. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði.

*Endurgreiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 1. júlí. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássið. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu fyrir hrossið sem kom í staðinn.*




Af heimasíðu RML er auðvelt að skrá hross til sýningar.



**Dómarar á samræmingarnámskeiði í mars 2026.** Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir.

> Öll hross sem koma til dóms fjögurra og fimm vetra gömul þurfa að fara í sköpulagsdóm áður en þau fara í hæfileikadóm ...

**Viðbrögð vegna óveðurs**

RML hefur ákveðið að ef veður hamlar sýningarhaldi muni eftirfarandi viðbrögð verða viðhöfð:

- Ef sýning fellur alfarið niður eru sýningargjöld endurgreidd að fullu og RML tekur ekki neina ábyrgð á að koma þeim hrossum sem skráð voru, að á öðrum sýningum.
- Ef sýning er þegar hafin en fella þarf niður stakan dag vegna veðurs er sýningargjald endurgreitt fyrir þau hross sem skráð voru þann dag. RML ber ekki ábyrgð á að úthluta þessum hrossum öðrum plássum. Þar sem RML heimilar að skipta megi út skráðum hrossum getur verið að hross sé þegar fulldæmt en samkvæmt röðun á sýningunni hafi átt að sýna það á degi sem féll niður. Þá þarf knapi eða eigandi að viðkomandi hrossi að sýna fram á hvaða hrossi var skipt út. Ekki er endurgreitt fyrir hross sem þegar hefur hlotið dóm á sýningunni.

**Að lokum**

Minnum á eftirfarandi:

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggi fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA-greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt.
- Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann. Örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.

Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar og skráning liggi fyrir í WorldFeng. Hrossum sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði, verður án undantekninga vísað frá sýningu strax hjá mælingamanni. Sýningargjald er ekki endurgreitt í slíkum tilfellum.

Ef þess er nokkur kostur þá er fyrir alla aðila farsælast að skrá rétt hross á sýningu strax í upphafi því það einfaldar alla vinnu á sýningarstað. Munum því eftir að taka sýni og röntgenmyndir í tíma.

*Höfundur er ráðunautur í hrossarækt hjá RML.*









# Fagþing dönsku nautgriparæktarinnar 2026

## – þriðji hluti

Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com



**Kvægkongres 2026, árlegt og einkar áhugavert fagþing hinnar dönsku nautgriparæktar, var haldið í lok febrúar sl. og líkt og undanfarin ár voru þar flutt ótal erindi sem eiga mörg hver erindi við íslenska bændur og annað fagfólk í nautgriparækt.**

Fagþingið, sem er í senn bæði ársfundur félagasamtaka danskra nautgripabænda og fagfundur helsta vísindafólks í greininni, stóð í tvo daga og var skipt upp í meira en 10 málstofur með 67 erindum. Í síðustu tveimur Bændablöðum hefur verið fjallað um þetta fagþing og líkur hér umfjölluninni með því að grípa niður í nokkur áhugaverð erindi sem voru flutt í málstofunum um Heilbrigði og Velferð en þessar tvær málstofur voru með flest erindi fagþingsins að þessu sinni og efni beggja málstofa eðlilega nátengd.

### Sjálfvirk heltismæling!

Eitt af erindunum í þessum tveimur málstofum sneri að nýrri tækni en hún metur sjálfkrafa helti hjá kúm. Fyrir hinn almenna lesanda Bændablaðsins kann það að virka sem lítið mál ef kýr er hölt en tilfellið er að ef helti kemur upp þá minnkar mjólkurframleiðslan auk þess sem kúm með helti líður illa. Það er því til mikils að vinna að uppgötva snemma ef helti er að byrja að koma fram og bregðast við því. Hingað til hefur helti verið metin með sérstökum heltiskala, þar sem bóndi metur helti allra kúa á ákveðnum skala og bregst við séu kýr skráðar á efri hluta skalans. Gallinn við svona skráningarkerfi er að kýrnar breyta oft um gang þegar fólk er nálægt, flýta sér mögulega fram hjá viðkomandi og því fæst ekki alltaf rétt mynd af raunverulegri stöðu mála. Þetta á sérstaklega við um kýr sem eru að byrja að fá smá helti, þær geta í raun falið það fyrir bóndanum.

Með þessari nýju tækni, sem kallast Boviwalk, næst að útiloka þessi mannlegu áhrif og um það og tæknibúnaðinn sjálfan fjallaði einmitt erindi Sofie Skovsgaard og Rasmus Jensen. Kerfið virkar þannig að bóndinn setur upp myndavél á stað þar sem kýrnar sjást vel ofan frá og frá hlið, oftast á svæði þar sem er gangur. Kýrnar ganga svo inn í myndsvið myndavélarinnar og „fylgist“ svo hugbúnaður með skreflengd hverrar kýr. Ef skreflengdin mælist óeðlileg, fer númer kýrinnar á sérstakan viðvörunarlista sem bóndinn fær frá tölvukerfinu og getur þá brugðist við fyrr en ella og aukið hagkvæmni búreksturs síns. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig kerfið „fylgist“ með og nær að finna kýr sem eru haltar með því að búa til skrefamynstur fyrir göngulag hverrar kýr.



Ein af fjölmörgum afburðakúm kúabúsins Nørbæk. Myn / Niels Henrik Nørgaard



Boviwalk nær að „fylgjast“ með gangi kúa með notkun myndavélatækni og sérstaks hugbúnaðar. Mynd / Boviwalk.




### Kýrnar lengi lifi!

Annað áhugavert erindi var flutt af kúabóndanum Niels Henrik Nørgaard en hann er með 236 árskýr á búi sínu Nørbæk nærri Randers. Meðalnyt búsins er afar góð, 15.550 kg á árskúna og verðefni mjólkurinnar, þ.e. framleiðsla hverrar árskýr á fitu og próteini, eru 1.116 kg. Alls skila sér 97% mjólkur búsins í afurðastöð, en restin fer í kálfa og niðurhellingu ef hún telst ósöluhæf. Þegar meðalafurðir eru metnar er miðað við svokallaða 305 daga nyt, þ.e. hve miklar afurðir kýrnar skila á fyrstu 10 mánuðunum eftir burð og á búi hans eru það hvorki meira né minna en 51 kg af mjólk á dag á hverja kú! Fyrir ekki nema nokkrum árum þótti gott að vera með nokkrar kýr sem náðu slíkum afurðum en að vera með nærri 240 kýr og með slíkar afurðir er einstakt.

Eins og tölurnar gefa til kynna er um einkar gott kúabú að ræða. Niels leggur mikla áherslu á kynbætur og fór yfir það með áheyrendum á hvað hann leggur áherslu í sínu ræktunarstarfi en hann leggur mikið upp úr því að dæma alla gripi og er mjög kröfuharður þegar kemur að ásetningi. Þá leggur hann mikla áherslu á góða endingu kúnna og sagði beint samhengi vera á milli góðrar endingar og góðs útlitsdóms á búi sínu. Bændur þyrftu að vera með mjög ákveðið sæðingaskipulag og velja af kostgæfni hvaða nautasæði ætti að nota hverju sinni á hvern grip.

Þrotlaus ræktunarvinna hefur skilað búinu einstökum gripum og má sjá mynd af einni feikilega fallegri kú á meðfylgjandi mynd. En til stuðnings röksemdum sínum um mikilvægi góðs byggingadóms kúa tók hann dæmi um 5% elstu kýrnar á búinu, en meðaltal þeirra er mjög hátt þegar horft er til allra helstu byggingareiginleika. Þetta eru kýr sem eru í dag með 8-10 mjaltaskeið og nyt þeirra verið mjög stöðug en meðaltal æviafurða þeirra eru 129.000 kg af orkuleiðréttri mjólk. Af öðrum góðum gripum í fjósi Niels tók hann dæmi um eina kú á fjórða kálfi. 305 daga nyt hennar er nú 21.495 kg mjólkur og 1.443 kg af verðefnum. Með öðrum orðum hefur hún mjólkað að meðaltali um 70 lítrum mjólkur á hverjum degi í 305 daga. Gríðarlegur afurðagripur, svo ekki sé nú dýpra tekið í árinni.

Með þessar afurðamiklu kýr, og aðrar góðar í fjósinu, mætti halda að hann tæki ekki inn mikið af kvígum á hverju ári en svo er alls ekki, síðustu 12 mánuði var meðaltal fyrsta kálfs kúa í fjósi Niels 38%. Skýringin er ekki þörf búsins fyrir nýjar kýr til að viðhalda bústofninum vegna slátrunar heldur vegna lífdýrasölu. Búið er svo gott að það er mikil eftirspurn eftir gripum frá Niels og það fer því varla kýr í sláturhús frá honum, heldur eru þær seldar til lífs og síðustu 12 mánuði sagðist hann hafa selt 88 kýr til lífs.

Til fróðleiks má geta þess að kúabúið er á Instagram og má finna það þar með því að leita að: Hovgaardholstein.

### Herða smitvarnirnar

Eins og fram hefur komið í Bændablaðinu þá hafa á liðnum mánuðum komið upp smitandi sjúkdómar í kúahjörðum í Evrópu, bæði Blátunga, Gin og klaufaveiki og Húðþrimlaveiki auk þess sem nýtt afbrigði fuglaflensu í nautgripum hefur verið að greinast í Bandaríkjunum. Allt alvarlegir sjúkdómar sem miklu er til vinnandi að fá ekki inn á kúabú. En auk framangreindra sjúkdóma þá geta aðrir einnig borist inn á búin eins og t.d. smitandi júgurbólga eða skita svo dæmi sé tekið.

Dönsk kúabú eru í ákveðnum áhættuhópi þegar kemur að þessum sjúkdómum, þar sem dönsk kúabú eru stærst að jafnaði í Evrópu og því er smitþunginn mikill ef upp koma smit. Smitleiðirnar inn á búin eru margar en allra helst berast smit

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144



**Rannsóknir sýna að nýbærumjólk hefur mjög jákvæð áhrif á þrif og vöxt smákálfa.** Mynd /Jón Gunnþór Þorsteinsson, Syðra-Velli

með gripaflutningum, þjónustuaðilum og bílum þeirra eða fólki. Nú hafa þarlendir bændur og fagfólk tekið höndum saman og hleypt verkefninu CowSafe af stokkunum. Verkefnið er þróað af SEGES og er einskonar smitvarnargæðakerfi. Til þess að útskýra nánar út á hvað þetta kerfi gengur flutti Joey Johanne Ellis-Iversen erindi þar sem hún greindi frá því að þetta kerfi væri hannað til þess að minnka hættuna á að smitsjúkdómar berist inn á búin og á sama tíma að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist frá einu búi til annars.

CowSafe
Sundt kvæg – Sikker fremtid

CowSafe er sett upp sem stjórnunarkerfi með föstum verklagsreglum og vinnuferlum en kerfið byggir á áhættugreiningu, þar sem stærstu smitáhættur búsins eru greindar og síðan eru settar upp reglur og verklag til að minnka áhættuna. Á mörgum búum er t.d. unnið með að skipta búunum upp í hrein og óhrein svæði, þannig að hægt sé að stjórna betur og hindra mögulegar smitleiðir.

Kerfið virðist vera einkar handhægt en auk þess að það hjálpar bændum við að finna veikleika búa sinna, þá fá þeir sem taka þátt í verkefninu einnig ráðgjöf um hvernig megi bæta úr aðstæðum svo minnka megi líkur á smiti. Þá fá þátttakendur í verkefninu einnig aðgengi að fyrirlestrum og margskonar fróðleik.

Joey sagði að í raun væru smitvarnir fyrst og fremst heilbrigð skynsemi eins og að sinna gripum í hreinum vinnufötum, láta ekki þjónustufólk, dýralækna og ráðunauta koma inn á búin í eigin vinnufötum, láta ekki þjónustubifreiðar þvera gönguleiðir o.s.frv. En þó svo að bændur kæmust langt á heilbrigðri skynsemi þá gleymdist oft eitthvað og þar kæmi CowSafe kerfið til og myndi hjálpa þeim við síðustu atriðin.

Þessu efni til stuðnings var svo flutt annað erindi um smitvarnir en að þessu sinni voru það fulltrúar þjónustufyrirtækja kúabænda sem gerðu efninu skil. Yfirmaður mjólkursöfnunar frá afurðafélaginu Arla, frjótæknir frá Viking og sölustjóri LJA, sem selur m.a. allskonar búnað fyrir mykjuflutninga, fluttu þar afar gott erindi og sýndu myndir málum sínum til stuðnings og aðstæður þar sem smitvarnir kúabúa voru í sérflokki og hvar svo var alls ekki! Í stuttu máli sagt er víða pottur brotinn þegar kemur að smitvörnum á dönskum kúabúum og sum þeirra hreinlega mjög illa hönnuð þegar smitvarnir eru hafðar í huga. Þannig getur verið að mjólkurbíll verði að þvera gönguleið kúa á sumrin til þess að koma og sækja mjólk svo dæmi sé tekið. Ástæða er til þess að hvetja áhugafólk um þetta málefni að kynna sér erindi þremenninganna en það er númer 57 á erindalistanum (sjá hlekk neðst í þessari grein).

**Nýbærumjólk**

Nýbærumjólk er sú mjólk sem kemur frá kúnum við aðrar mjaltir og svo fram að u.þ.b. sjöttu mjöltum eða þar til mjólk kúnna er orðin venjuleg ef svo má að orði komast. Rannsóknir sýna að nýbærumjólk er næringarríkari en hefðbundin mjólk og inniheldur mikið magn af fitu, próteini og lífvirkum efnum. Þessi mjólk inniheldur þó mun minna magn af mótefnum en broddmjólkin sjálf, en styrkir aftur á móti þarmaflóru kálfsins og því hafa sjónir vísindafólks beinst að því að skoða áhrif nýbærumjólkur á heilbrigði kálfa.

Um þetta áhugaverða efni sneri erindi Terese Jarltoft, sem er smákálfasérfræðingur kynbótafyrirtækisins Viking, en í erindi hennar kom fram að kálfar sem einungis frá broddmjólk og svo mjólkurduft voru með mun fleiri skráða sjúkdóma en þeir sem fengu nýbærumjólk eftir broddmólkina. Með öðrum orðum þá yrðu kálfar sem fá nýbærumjólk síður veikir og ef þeir veikjast þá sýndu rannsóknir að þeir eru fljótari að ná sér en hinir sem ekki hafa fengið nýbærumjólk. Þegar leitað er skýringa á þessum áhrifum nýbærumjólkur þá er talið að hún felist í framangreindum áhrifum á þroska þarma kálfanna og að hún styrki ónæmiskerfi þarmanna. Þetta sjáist m.a. í rannsóknum á áti kálfa en þeir sem hafa fengið nýbærumjólk vaxa hraðar en hinir sem ekki fá hana og langtímaáhrif nýbærumjólkur á smákálfa er klárlega til staðar.

Það er því full ástæða til þess að hvetja kúabændur til þess að nýta nýbærumjólkina í kálfana, þeir launa þá vinnu með bættu heilbrigði og auknum vexti.

Með þessum orðum lýkur umfjölluninni um erindi þessa árs á hinu umfangsmikla danska fagþingi. Þar sem ótal fleiri erindi voru flutt á fagþinginu, sem eru mörg hver einnig ekki síður áhugaverð en þau sem hér hefur verið ritað um og í síðasta blaði. Er þeim lesendum sem hafa áhuga á að kynna sér meira efni frá fagþinginu bent á að afrit af glærum flestra erinda eru aðgengileg á vefslóðinni: www.kvaegkongres.dk/praesentationer












Erlendi hópurinn með skipuleggjandanum Miu í Nordby, nyrsta bænum á Samsö.

# Þegar fólkið tekur málin í sínar hendur



Hildur Þórðardóttir.

Á hamfaratímum leggjast allir sem vettlingi geta valdið á eitt til að hjálpa fólki í neyð og bjarga því sem bjargað verður. Án þess að fá borgaða krónu og dettur ekki einu sinni í hug að fara fram á greiðslu. Björgunarkerfi okkar Íslendinga eru þaulskipulögð og skilvirk og aðallega unnin í sjálfboðavinnu.

En hvað með á rósemdartímum? Hversu duglegir eru Íslendingar að taka höndum saman og bæta samfélög sín sjálfir?

Um síðustu aldamót voru hér 19 virk framfarafélög sem einhverjir muna kannski eftir. Mörg þeirra höfðu verið virk í áratugi, en einhvern veginn hafa þau öll lagst í dvala, aðaldrifkraftarnir kannski fallnir frá eða komnir á elliheimili.

Nú í mars fórum við nokkur úr *Landsbyggðin lifi* í heimsókn til eyjunnar Samsø í Danmörku. Ferðin var í tengslum við verkefnið okkar Koma, Dvelja, Búa í samvinnu við Finnland, Svíþjóð og Danmörku, sem gengur út á að kanna hvað þarf til að halda þorpum í byggð og laða að nýtt fólk. Nord+ styrkir heimsóknir hópsins til hvers lands og auk þess höldum við nokkrar vefmálstofur sem eru opnar öllum. Alls vorum við 14 erlendir gestir frá Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi.

Á Samsø búa 3.700 manns og þar eru 122 frjáls félagasamtök sem íbúar sjálfir hafa stofnað til að efla samstöðu, bæta umhverfið, koma á sameiginlegri aðstöðu o.fl. Við heimsóttum nokkur þessara félagasamtaka og fræddumst um starfsemi þeirra.

Eitt þeirra er Økologisk Samsø, framtak sem var stofnað til að auðvelda ungum bændum að byrja lífræna ræktun. Bóndi sem var að hætta með lífræna ræktun hafði áhyggjur af skorti á lífrænum vörum og ákvað að stofna félag um það. Þeim tókst að safna um milljón evra til að kaupa fyrstu jörðina, sem er leigð áfram til ungra eldhuga og skilyrðið er að rækta lífrænt.

Síðan hafa verið keyptar þrjár jarðir í viðbót og félagar byggja íbúðarhús á jörðinni ef ekkert er, eða lagfæra þau hús sem voru fyrir, allt í sjálfboðavinnu. Íbúðarhúsið er leigt ódýrt, en jörðin á markaðsverði. Nýir félagar geta alltaf keypt sig inn í félagið en fá engar arðgreiðslur og félagar fá ekki fjármagnið aftur nema félagið verði leyst upp og jarðirnar seldar. Þetta er hugsjónastarf, ekki leið til að græða.

Eitt kvöldið snæddum við kvöldmat í gamla vatnsgeyminum í Brundby. Geymirinn er ekki stór en þar tókst að koma fyrir 20 manns við borð. Íbúar Brundby höfðu breytt þessum gamla ónotaða vatnsgeymi í samkomustað fyrir þorpsbúa og fengið til þess styrki frá fyrirtækjum og sjóðum. Þar eru nú haldnir yfir 30 viðburðir á hverju ári, auk reglulegra samverustunda eins og til dæmis prjónakvöld. Félagar borga örlítil ársgjöld og fá á móti ódýrari aðgangsmiða á viðburði.

Þá má nefna íbúasamtök Toftebjerg sem voru stofnuð til að efla samstöðu íbúa í þorpinu. Á Samsø eru fjölmörg hús í eigu fólks sem býr annars staðar, til dæmis í Kaupmannahöfn, og kemur eingöngu í fríum. Því er mikilvægt að stofna formlegan félagsskap til að stuðla að framförum. Á stofnfundi samtakanna gerðu þau óskalista yfir allt sem væri gaman að hafa í bænum.

Á óskalistanum voru til dæmis hraðahindranir á veginn sem liggur í gegnum bæinn, því á sumrin margfaldast íbúafjöldi eyjunnar og umferðin eftir því. Menn keyra hratt og börn þorpsins í hættu. Á óskalistanum voru líka fuglahús, sameiginlegur verkfærabanki, moltuhaugur, áréttað að fella gömul hættuleg tré, sameiginlegar máltíðir og leið til að deila með öðrum ef fólk ræktar meira en það getur borðað. Flest af þessu öllu geta íbúar komið á sjálfir. Við borðuðum hádegismat í gróðurhúsi Ellu, aðalhvatakonu samtakanna.

Síðast en ekki síst má nefna kvikmyndahúsið, sem er elsta kvikmyndahús í Danmörku, stofnað árið 1937 af íbúum. Pálmabíóið, eins og það var nefnt, er staðsett í stærsta bænum, Tranebjerg, alfarið rekið í sjálfboðavinnu, með fréttabréf, kvikmyndaklúbb, stjórn sem ákveður og pantar myndirnar og góða bakhjarla. Á hverjum degi eru sýningar og jafnvel þrjár á sumrin. Þeir sem selja aðgangsmiða fá ókeypis inn á sýningar í staðinn og tækifæri til að hitta alla.

Öll þessi sjálfboðaliðastarfsemi er ekki síst möguleg vegna þess að á eyjunni er miðstöð fyrir sjálfboðaliða, mönnuð af launuðu starfsfólki þar sem hægt er að fá aðstoð og upplýsingar um til dæmis styrki fyrir hin ýmsu verkefni. Þar var líka hægt að fá upplýsingar um fólk með svipuð áhugamál og margt fleira. Slíkur stuðningur er ómetanlegur.

Samtökin Landsbyggðin lifi voru stofnuð árið 2001 sem Íslandsdeild samtakanna Hela Norden Ska Leva. Hvert Norðurlandanna hefur sambærileg samtök, hugsuð til að styðja landsbyggðina, sérstaklega grasrótarsamtök og framfarafélög og vera brú á milli þeirra og yfirvalda.

Sænsku samtökin eru sérlega öflug með nokkra starfsmenn, veita frjálsum félagasamtökum góða aðstoð, gefa opinber álit í landsbyggðarmálum og eru mikilvægur hlekkur á milli ráðamanna og landsbyggðarinnar. Í Finnlandi er einn starfsmaður yfir mörgum svæðastjórum sem aftur hafa yfirsjón með mörgum þorpum á landsbyggðinni og brúa bilið á milli fólksins og stjórnvalda. Allir launaðir.

Allt starf í Landsbyggðin lifi er hins vegar unnið í sjálfboðavinnu og ekki króna frá íslenskum yfirvöldum. Þegar framfarafélögin voru mörg hver orðin vanvirk og illa gekk að stofna ný, var opnað fyrir einstaklingsaðild að íslensku samtökunum. Allir velunnarar landsbyggðarinnar eru velkomnir og aðild kostar ekkert.

Það væri hins vegar óskandi að Landsbyggðin lifi yrði öflugt hagsmunaafl til að berjast fyrir hag landsbyggðarinnar. En á meðan yfirvöld hafa meiri áhuga á að kaupa vopn og taka þátt í útlenskum stríðum en að bæta hag eigin íbúa þýðir ekkert að sitja aðgerðarlaus og bíða. Við getum heldur ekki stólað á stórfyrirtæki sem eyðileggja meira en þau skila til samfélaganna. Við, fólkið, verðum að taka málin í eigin hendur og stuðla sjálf að framförum.

*Höfundur er formaður Landsbyggðin lifi.*



Ella í Toftebjerg bauð upp á hádegisverð í hlöðunni sinni. Þarna er óskalistinn, sem og verðlaunagripur sem íbúasamtökin fengu.



# (Ó)skipulag mótar líf okkar og umhverfi – en hvar eru skipulagsfræðingarnir?


Dr. Harpa Stefánsdóttir.

Hvernig við veljum að byggja upp og móta byggð á næstu misserum mun hafa langtímaáhrif á lífsgæði, sjálfbærni og öryggi. Það á ekki aðeins við um stefnumál í orði heldur um það hvernig þau birtast í raun – í byggðu umhverfi, innviðum og nýtingu lands. Á tímum þar sem samfélagið stendur frammi fyrir stórum skipulagstengdum áskorunum skiptir máli að ákvarðanir séu teknar á faglegum og upplýstum grunni. Skipulagsfræði er lykilgrein í þeirri vegferð.

**Hvers vegna er skipulagsfræði lykilgrein fyrir sjálfbæra þróun Íslands?**

Á bak við hverja ákvörðun um skipulag byggðar og lands ætti að liggja mat á valkostum, forgangsröðun og langtímahugsun. Góð skipulagsákvörðun getur bætt lífsgæði, en slæm ákvörðun getur haft neikvæð áhrif sem vara í kynslóðir.

Skipulagsfræði snýst um það hvernig við skipuleggjum byggðir, þróum innviði og nýtum landið á ábyrgan hátt til framtíðar og höfum þar með áhrif á samspil umhverfis, efnahags og samfélags. Skipulagsfræði er því lykilgrein þegar kemur að sjálfbærri þróun.

Sem dæmi getur vel ígrundað skipulag stutt við sjálfbærar samgöngur sem draga úr losun. Einnig getur það aukið aðgengi að þjónustu, bætt lýðheilsu, styrkt félagslega samheldni og dregið úr ójöfnuði.

Þéttleiki og dreifing byggðar og starfsemi geta til dæmis ýmist aukið eða dregið úr þörf fyrir bílferðir. Þetta hefur þannig bein áhrif á bæði umhverfi og lífsgæði.

Aðgengi að þjónustu, grænum svæðum og öruggum almenningsrýmum skiptir jafnframt verulegu máli fyrir heilsu og vellíðan. Skipulag hefur einnig mótandi áhrif á félagslega samsetningu og velferð. Markvisst framboð og dreifing fjölbreytts húsnæðis, aðlagað að ólíkum þörfum og efnahag heimila, getur stuðlað að félagslegri blöndun og jöfnu aðgengi að tækifærum.

Skipulag mótar jafnframt efnahagslega þróun, þar sem staðsetning atvinnu, innviða og þjónustu hefur bein áhrif á hagkvæmni og samkeppnishæfni. Á sama tíma þarf að taka mið af náttúruvá og áhrifum loftslagsbreytinga til að tryggja öryggi og seiglu byggðar.

Vönduð og upplýst ákvarðanataka í skipulagsmálum er því lykilatriði. Með vaxandi áskorunum, svo sem vegna loftslagsbreytinga, fólksfjölgun og auknum umsvifum ferðaþjónustu, eykst þörfin fyrir sérþekkingu á sviðinu.

**Hvað er skipulagsfræði?**

Skipulagsfræði er þverfagleg grein sem snýr að skipulagi, hönnun og stjórnun þróunar byggðar og landnýtingar með sjálfbærni að leiðarljósi. Hún byggir á heildarsýn þar sem horft er til langtímamarkmiða, samfélagslegrar virkni og lífsgæða. Skipulagsfræðingar vinna að því að meta þörf fyrir uppbyggingu, umfang hennar og áhrif á umhverfi og samfélag, og leggja þannig grunn að ábyrgri og hagkvæmri þróun til framtíðar.

Fræðigreinin á rætur að rekja til örra breytinga í iðnaðarborgum 19. aldar, einkum í Bretlandi, þegar þörf varð á markvissri stýringu vaxandi byggðar. Í upphafi var áherslan fyrst og fremst tæknileg og hönnunarleg, með tengsl við arkitektúr, verkfræði og landmælingar. Smám saman þróaðist greinin í átt að víðari nálgun þar sem tekið var mið af félagslegum og efnahagslegum þáttum. Meðal þeirra sem höfðu áhrif á þá þróun var Patrick Geddes, sem lagði áherslu á samspil hins byggða umhverfis og samfélagsins. Í dag byggir skipulagsfræði á fjölbreyttum þekkingargrunni og nýtir meðal annars aðferðir úr landafræði, félagsfræði, hagfræði og stjórnmálafræði. Rannsóknir gegna sífellt stærra hlutverki og mikilvægt er að ákvarðanir byggi á traustum vísindalegum grunni.

**Skortur á skipulagsfræðingum**

Á Íslandi er starfsheitið skipulagsfræðingur lögverndað og krefst því viðurkenndrar menntunar. Skipulagsfræðingafélag Íslands veitir faglega umsögn um menntun umsækjenda með hliðsjón af viðmiðum félagsins og alþjóðlegum kröfum. Skipulagsfræðingar starfa bæði hjá sveitarfélögum, opinberum stofnunum og í einkageiranum og koma að fjölbreyttum verkefnum sem snerta skipulagstengd málefni.

Fjöldi starfandi skipulagsfræðinga á Íslandi er enn lítill og þörfin fyrir sérfræðinga í greininni fer vaxandi. Menntaðir skipulagsfræðingar eiga því yfirleitt greiða leið inn á vinnumarkað.

*Höfundur er prófessor í skipulagsfræði við LbhÍ og námsbrautarstjóri MS námsbrautar í skipulagsfræði.*


VVV
VINNUVÉLAVIÐGERÐIR OG VIÐHALD
Sérhæfum okkur í suðuviðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðartækjum, vörubílum og vögnum.
Erum með þjónustubifreið sem getur leyst flestar viðgerðir á verkstað. Einnig er hægt að koma með tæki til okkar.



Suðuviðgerðir, breytingar og nýsmíði á vinnuvélum, landbúnaðartækjum, vörubílum og vögnum
Viðgerðir á öllum tegundum vagna fyrir vörubíla
Bjóðum upp á olíuskipti og ýmsa viðhaldsþjónustu fyrir vinnuvélar og landbúnaðartæki
Hafðu samband í síma 789-3511
eða vvvehf@vvvehf.is
www.vvvehf.is
VVV ehf
Tjarnabyggð
801 Selfoss

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum
Mælar á allar gerðir vagna
Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is
Vík verkstæði
Einhella 6,221 Hafnarfirði

U6 EV



TILVALINN FYRIR
Verktaka
Golfklúbba
Íþróttafélög
Bæjarfélög
Bændur
4.199.000,-
Án Vsk. 3.379.032,-
Afkastamikill og alrafmagnaður vinnubíll, sameinar frábæra aksturseiginleika og nýjustu tækni. Fjölhæfni, lítið viðhald og áreiðanleiki fyrir erfið verkefni, atvinnuþarfir og tómstundir. 110 km drægni. 800 kg dráttargeta. Götuskráður T3b.

U10 XL PRO HIGHLAND



4.599.000,-
Án Vsk. 3.708.870,-
Fullkomnasti vinnubílinn frá CFMoto. Hlaðin tækninýjungum. Þriggja sílindra 90 hestafla mótor, 29 tommu dekk. Alveg lokaður, miðstöð og loftkæling. Snertiskjár og margt, margt fleira
CFMOTO
Nánari upplýsingar á nitro.is
NITRO
Umboðsaðilar: **KS**, Sauðárkróki. **Suður England**, Selfossi. **Lyngás**, Hellu. **Bikevik**, Reykjanesbæ. **Landstólpi-AB**, Egilsstöðum.
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848

# Var þetta svona frábært í Finnlandi?



Erna Bjarnadóttir.

Árið 2003 gaf utanríkisráðuneytið út skýrsluna Íslenskur landbúnaður í alþjóðlegu umhverfi. Skýrslan var unnin af starfshópi sem myndaður var að frumkvæði þáverandi utanríkisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar. Hópnum var ætlað að fjalla um óvissuþætti varðandi stöðu íslensks landbúnaðar gagnvart Evrópusambandinu (ESB) og hugsanlegri aðild Íslands að því, svo og gagnvart stefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) og þróun alþjóðaviðræðingar almennt.

Undirrituð var einn af höfundum skýrslunnar, ásamt núverandi ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, Martin Eyjólfssyni, sem var ritari starfshópsins. Í undirbúningi skýrslunnar var aflað upplýsinga með markvissum hætti, meðal annars með vettvangsferðum til Finnlands og Austurríkis þar sem rætt var við stjórnvöld, sérfræðinga og hagsmunaaðila í landbúnaði.

Þótt skýrslan sé ríflega 20 ára gömul breytir það ekki því að þar var unnin ítarleg greining á áhrifum inngöngu Finnlands í Evrópusambandið. Sá tími sem síðan er liðinn breytir því ekki – þótt að sjálfsögðu hafi frekari aðlögun átt sér stað og sameiginleg landbúnaðarstefna ESB tekið breytingum á sama tíma.

Það eru ódýrar eftiráskýringar að halda því fram að Finnar og Svíar hafi „reynt þetta með góðum árangri“ og fengið sérlausnir fyrir sinn landbúnað.

Staða þessara ríkja var frá upphafi ólík. Finnar lögðu ríka áherslu á sérlausnir vegna norðlægs landbúnaðar og fengu heimildir til verulegs innanlandsstuðnings. Í þessum texta er notað hugtakið „norðlægur landbúnaður“ sem þýðing á hugtakinu northern aid.

Í Svíþjóð hafði landbúnaðarstefnunni hins vegar verið breytt í grundvallaratriðum skömmu áður en ákvörðun var tekin um að sækja um aðild að ESB. Dregið hafði verið úr bæði beinum stuðningi og innflutningsvernd. Stuðningur við landbúnað í þessum tveimur löndum var því fjarri því að vera sambærilegur. Svíar sóttust í minna mæli eftir sérlausnum og fengu að sama skapi minna svigrúm til slíkra aðgerða. Að draga þessi tvö tilvik saman undir eina jákvæða niðurstöðu er því varhugavert. Aðlögun að CAP er ekki mælikvarði á árangur. Hún segir lítið annað en að breytingar hafi orðið. Án frekari greiningar er ekkert hægt að segja um hvernig þær hafa komið við bændur eða samfélagið.



Við aðild Finnlands að Evrópusambandinu lá fyrir að breytingar yrðu á afurðaverði til bænda og starfsumhverfi landbúnaðarins. Kröfur finnskra bænda og stjórnvalda einar og sér bera það með sér. Mynd / Minna Autio-Unsplash

### Greining og stefnumótun lögðu grunninn að breyttu starfsumhverfi

Við aðild Finnlands að Evrópusambandinu lá fyrir að breytingar yrðu á afurðaverði til bænda og starfsumhverfi landbúnaðarins. Kröfur finnskra bænda og stjórnvalda einar og sér bera það með sér.

Reynslan var enda að afurðaverð til bænda lækkaði umtalsvert. Samið var um tímabundinn stuðning til að mæta þeirri breytingu. Sá stuðningur var ekki merki um styrkleika kerfisins, heldur viðbragð við fyrirséðum tekjusamdrætti.

Í aðildarsamningnum var jafnframt samið um sérstakt svigrúm til innanlandsstuðnings. Stuðningur samkvæmt 141. grein var tímabundin aðlögunarsérlausn fyrir suðurhluta landsins sem þurfti reglulega endurnýjun. Stuðningur samkvæmt 142. grein (northern aid eða norðlægur stuðningur) tók til norðlægra svæða og var varanlegra svigrúm vegna erfiðra framleiðsluskilyrða, þó áfram háður skilyrðum og eftirliti framkvæmdastjórnar ESB. Þessi ákvæði voru varnarviðbragð, ekki grunnur að sóknartækifærum eins og stundum er látið liggja að.

Auk þessa naut finnski landbúnaðurinn stuðnings innan sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB, þar á meðal harðbýlisstuðnings (LFA), sem var og er meðfjármagnaður af viðkomandi ríki á móti framlögum af sameiginlegu landbúnaðarstefnunni.

Þrátt fyrir þetta dróst framleiðsla á norðlægum svæðum saman eftir aðild og búum fækkaði verulega. Í Finnlandi dróst framleiðsla norðan 62. breiddargráðu saman um 20–30% og varð jafnframt sérhæfðari og fábreyttari.

### Raunveruleiki finnsks landbúnaðar við aðild að ESB

Í fyrrnefndri skýrslu er farið ítarlega yfir áhrif aðildar Finnlands að ESB á afurðaverð og tekjur bænda. Verð til bænda lækkaði: á eggjum um 70%, svínakjöti um 35%, nautakjöti um rúm 30% og mjólk um 13%. Í heildina var metið að verð á búfjárafurðum hefði lækkað um 40–45% að meðaltali. Verð á korni lækkaði um meira en 50%. Á sama tíma lækkaði verð til neytenda um 10–11%.

Í kafla 5.5.5. í fyrrnefndri skýrslu er að finna töflu með tekjuþróun í finnskum landbúnaði. Fyrstu fjögur árin eftir aðild, 1995–1998, dróst rekstrarafgangur í landbúnaðinum saman milli ára. Fyrsta árið um 12,4%, næsta 12,7 þá 3,6% og fjórða árið um 17,7%. Erfitt er að líta á þetta sem „góðan árangur“ eins og utanríkisráðherra gerir í aðsendri grein í Morgunblaðinu þann 2. apríl sl.

Það að landbúnaður sé enn stundaður í Finnlandi segir í sjálfu sér lítið um árangur. Mikilvægari spurningar eru aðrar: Hver hefði þróunin orðið utan ESB? Hvernig þróaðist afurðaverð og tekjur bænda? Hvaða áhrif hafði aðlögunin á fjölda búa og byggðir?

Umræða, eins og oft má sjá þessa dagana, um að „sjá samninginn“ áður en afstaða er tekin gefur til kynna að niðurstaðan ráðist fyrst og fremst af því sem kemur út úr viðræðum. Sú nálgun gengur hins vegar fram hjá eðli viðræðna.

### Stuðningur við íslenskan landbúnað og umræðan nú

Í samantektarkafla skýrslunnar frá 2003 kemur fram að skýrsluhöfundar telja að fyrir Ísland þýði möguleg ESB-aðild að: „Ólíklegt er að heimildir fáist til að auka heildarstuðning við búvöruframleiðsluna frá því sem nú er.“ Einnig segir: „Miðað við óbreytt stuðningskerfi hér á landi verður að telja að staða íslensks landbúnaðar væri verri innan ESB en utan þess.“

Stuðningur við íslenskan landbúnað hefur lítið breyst í grundvallaratriðum síðan þetta var, enn byggir hann að meginþunga til á tollvernd og greiðslum til bænda sem að stærstum hluta tengjast framleiðslu (hvort sem einhverjir kysu að hafa það með öðrum hætti). Þetta verður að hafa í huga þegar fjallað er um möguleg áhrif aðildar að Evrópusambandinu nú.

Þegar fjallað er um jafn viðkvæmt mál og framtíð landbúnaðar verður að gera þá kröfu að fullyrðingar og vangaveltur séu reistar á gögnum. Í þessu tilviki liggur fyrir skýrsla í sjálfu utanríkisráðuneytinu sem rétt væri að draga fram úr geymslum þess og setja umræðustjórum ráðherra þess fyrir að lesa.

*Höfundur er hagfræðingur.*



# Bók um Svein búfræðing



Bjarni Guðmundsson.



Svein Sveinsson má telja meðal helstu brautryðjenda í nýsköpun íslensks landbúnaðar á ofanverðri 19. öld, svo við voru þekkingar- og viðfangsefnasvið hans.

Maður er nefndur Sveinn Sveinsson (1849–1892), austfirskur. Svein má með réttu telja fyrsta íslenska búfræðinginn sem svo var almennt kallaður. Sem slíkur var hann mjög vel menntaður. Sveinn hafði numið í Noregi, Danmörku og raunar einnig í Skotlandi. Um árabil ferðaðist hann um sveitir sem ráðunautur og kenndi bændum nýja verkhætti við búskap – á sviði jarðyrkju og búfjárræktar, einnig á sviði mjólkurmeðferðar. Sérstaklega má nefna fjölda rækilegra fræðslugreina sem hann skrifaði um nýja búskaparhætti og búnaðarfræðslu, meðal annars kver um hvernig smíða skyldi ýmis búverkfæri sem til nýmæla töldust hérlendis.

Síðast en ekki síst barðist Sveinn fyrir stofnun búnaðarskóla á Hvanneyri. Lagði hann mikla vinnu í að laða samtök bænda í Suðuramtinu til samstöðu með stjórnvöldum um framtakið. Það tókst árið 1889 og varð Sveinn fyrsti skólastjóri Búnaðarskólans.

Sveinn var dyggilega studdur til náms og starfa af Jóni Sigurðssyni forseta sem leit á umbætur í landbúnaði og öðrum atvinnuvegum þjóðarinnar sem mikilvæga forsendu fyrir árangri í sjálfstæðisbaráttu hennar. Þá var Sveinn liðsmaður Tryggva Gunnarssonar og með Eyfirðingum stýrði hann stórum tímamóta ræktunarframkvæmdum í Staðarbyggðarmýrum.

Sveinn búfræðingur skilaði miklu verki á skammri starfsævi. Hann mætti mótlæti, einkum þegar kom að því að hrinda af stað og móta fyrstu starfsár Búnaðarskólans á Hvanneyri. Sveinn náði ekki að brautskrá fyrstu nemendur sína. Hann bugaðist undan byrði heimsins og féll frá með voveiflegum hætti aðeins 42 ára gamall.

Því miður hefur mikið og merkilegt frumkvöðlastarf Sveins búfræðings í þágu landbúnaðar og raunar sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar ekki hlotið þá athygli sem það verðskuldar. Hann mátti í ýmsu búa við takmarkaðan skilning svo sem títt er um marga þá sem boða nýja hætti.

Tómás Helgason frá Hnífsdal hafði tekið saman vænt gagnasafn um Svein búfræðing og vakið athygli á ævistarfi hans með ýmsum hætti. Undirritaður vann úr gagnasafni Tómásar og fleiri heimildum handrit að bók um Svein sem nú hefur verið gefin út í röð rita Landbúnaðarháskóla Íslands. Bókina, sem nefnist Í slóð Sveins búfræðings og fyrsta skólastjóra á Hvanneyri, er að finna á heimasíðu skólans (www.lbhi.is). Hana má líka finna í rithlöðu undirritaðs, sjá slóðina www.issuu.com/bjgudm Bókin er aðeins gefin út á rafrænu formi – enn sem komið er.

Í eftirmála bókarinnar segir: „Að verkinu loknu hef ég sannfærst um að rétt er það mat Tómásar Helgasonar frá Hnífsdal, að Sveinn Sveinsson búfræðingur hafi verið meðal allra merkustu brautryðjenda nútíma landbúnaðar hérlendis, þótt til þess gæfist honum aðeins hálf starfsævi. Þess vegna verðskuldar hann að saga hans sé sögð."

*Höfundur er fyrrverandi prófessor á Hvanneyri.*







**Melgerðismelar - Flugskýli, Eyjafjarðarsveit - auglýsing deiliskipulagstillögu**

Eyjafjarðarsveit

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 26.03.2026 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir flugskýli á Melgerðismelum, *skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
Í tillögunni felst að afmarkaðar eru fimm nýjar lóðir fyrir flugskýli, hver um sig 1.200 m² að stærð, auk einnar núverandi lóðar sem er 1.540 m².
Gert er ráð fyrir byggingarreitum, aðkomu og skilmálum fyrir uppbyggingu á svæðinu. Heimilt verður að reisa eitt flugskýli á hverri lóð, á einni hæð með millilofti, að hámarki 400 m² að grunnfleti og allt að 6,5 m á hæð.

Skipulagssvæðið nær yfir um 1,0 ha svæði sunnan núverandi flugskýlis, á milli lendingarstaðar og flugvallar fyrir minni flugvélar. Markmið deiliskipulagsins er að móta heildstæða umgjörð um uppbyggingu flugskýla á svæðinu með afmörkun lóða, skilgreiningu byggingarreita og aðkomu, ásamt skilmálum um mannvirki og landnýtingu.

Skipulagstillagan er aðgengileg á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 á heimasíðu sveitarfélagsins, www.esveit.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmer 1120/2025.
Hægt er að skila inn athugasemdum við skipulagstillöguna á Skipulagsgáttinni og er athugasemdafrestur til **15.05.2026.**
Frekari upplýsingar má nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar í tölvupósti á netfangið: sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar







# Orkan í auðlindum og fólki á Norðurlandi

Eimur, samstarf um orkutengda nýsköpun á Norðurlandi, fagnar 10 ára afmæli á þessu ári. Samstarfið var sett á laggirnar af Landsvirkjun, Eyþingi (forvera Sambands sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra sem nú er bakhjarl), Orkuveitu Húsavíkur og Norðurorku. Bakhjarlahópurinn stækkaði svo þegar umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra bættust við. Markmið Eims hefur frá upphafi verið að bæta nýtingu auðlinda á Norðurlandi með verðmætasköpun, sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi. Óhætt er að segja að Eimur hafi skilað sínu.



Dóra Björk Þrándardóttir.



Ottó Elíasson.

### Jarðvarmi og vatnsafl

Á Norðurlandi eru miklar og fjölbreyttar orkulindir. Landsvirkjun vinnur raforku annars vegar úr jarðvarma á Mývatnssvæði og hins vegar með vatnsafli í Blöndu og Laxá. Raforkuvinnslan og orkusækin atvinnustarfsemi, auk sjávarútvegs, landbúnaðar og ferðaþjónustu, er undirstaða þess kröftuga atvinnulífs sem byggst hefur upp á svæðinu. Þar ríkir engin stöðnun og til að mæta framsækni svæðisins mun Landsvirkjun auka orkuvinnslu þar á næstunni. Það verður gert með uppsetningu á svokallaðri toppvél á Þeistareykjum sem bætir nýtni þeirrar gufu sem hefur nú þegar verið aflað, auk þess sem áformað er að stækka stöðina sjálfa. Því eru horfur á umtalsverðri fjárfestingu í landshlutanum.

Eitt er að vinna orkuna og annað að koma henni til notenda. Áformað er að bæta afhendingaröryggi og afhendingu í landshlutanum með aðgerðum sem staðfestar voru með samkomulagi á milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, Rarik og Landsnets seint á síðasta ári. Þar má til dæmis nefna nýtt tengivirki á Bakka við Húsavík þar sem unnið er að uppbyggingu á grænum iðngörðum. Eimur rak um skeið verkefnastofu fyrir uppbyggingu iðngarðanna. Á Bakka er nú eitt best undirbúna svæði á landinu til að taka á móti nýrri atvinnustarfsemi. Þar mun eflaust byggjast upp öflugur iðnaður á næstu árum sem nýtir auðlindir og styrkleika svæðisins, en lágmarkar jafnframt umhverfisáhrif starfseminnar með áherslu á deilingu auðlindastrauma og fullnýtingu.

### Kísill og örþörungar

Jarðvarmasvæði Landsvirkjunar skila ekki eingöngu raforku því ýmsar hliðarafurðir vinnslunnar eru nú nýttar. Dæmi um það eru nýsköpunarfyrirtækin GeoSilica og MýSköpun. GeoSilica hyggst hreinsa kísil úr skiljuvatni Þeistareykjastöðvar en kísill er mjög verðmætt efni sem hægt er að nýta t.d. í fæðubótaefni sem og í fjölbreytta iðnaðarstarfsemi. MýSköpun er upprennandi fyrirtæki á sviði örþörungaræktar sem stefnir að því að byggja upp starfsemi á Þeistareykjum. Þessi verkefni auka fjölbreytni atvinnulífs á Norðurlandi og eru gott dæmi um bætta nýtingu auðlinda sem annars færu til spillis.

### Samvinna um iðnaðarlóðir

Starfsfólk Eims hefur unnið ötullega að markmiðum félagsins um bætta auðlindanýtingu. Bæði hefur félagið aflað styrkja til ýmissa verkefna og fengið þannig fjármagn til landshlutans, auk þess að styðja við mörg verkefni sem hafa náð fótfestu. Þá hafa þau stutt við sveitarfélög við undirbúning lóða og önnur tengd mál svo grípa megi tækifærin sem gefast með skömmum fyrirvara hafi fyrirtæki áhuga á að byggja upp starfsemi sína á þeim lóðum. Sveitarfélög ættu að sjá sér hag í að sameina krafta sína við þróun iðnaðarlóða til að nýta innviði á sem hagkvæmastan hátt og lágmarka umhverfisáhrif, til dæmis með samnýtingu mengunarvarnarbúnaðar og tækifærum til nýtingar á hliðarstraumum frá iðnaði. Slík hringrásarhugsun ætti að vera lykilstef í þróun atvinnustarfsemi.

### Nýsköpun og frumkvöðlastarf

Norðurland býr enn yfir miklum tækifærum til bættrar nýtingar auðlinda og frekari atvinnusköpunar hvort sem er á grunni jarðhita og raforku, eða hliðarafurða frá landbúnaði, sjávarútvegi eða öðrum iðnaði. Dæmin sanna að nýsköpun og frumkvöðlastarf lifir þar góðu lífi. TDK Foil á Akureyri framleiðir álþynnur sem nýttar eru í snjallsímana okkar og önnur rafeindatæki, Steinullarverksmiðjan á Sauðárkróki steinull í ýmsum formum til að einangra hús og híbýli, Sæplast á Dalvík plastker sem notuð eru í matvælaiðnaði beggja vegna Atlantshafsins og Vilko á Blönduósi þurrkar og vinnur matvæli í ýmsum myndum sem allir landsmenn þekkja. Vart þarf að minna á öflug fyrirtæki í sjávarútvegi og landbúnaði.

Á starfstíma Eims hefur mikil breyting orðið á orkutengdri starfsemi á Norðurlandi. Þrír stórnotendur hösluðu sér þar völl, kísilmálmverksmiðjan PCC BakkiSilicon og gagnaversfyrirtækin AtNorth og Borealis Data Center. Mikil fjárfesting hefur fylgt þessum aðilum og þau hafa verið mikilvæg stoð í atvinnulífi svæðisins. Þessi fjárfesting er afrakstur nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa á Norðurlandi.

Þótt margt hafi hér verið talið upp er upptalningin ekki tæmandi. Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur dæmi um afrakstur þeirrar bjartsýni og drifkrafts sem ríkt hefur í orkutengdri atvinnuuppbyggingu á Norðurlandi. Landsvirkjun ætlar að leggja sitt af mörkum áfram til að styðja við slíka uppbyggingu og við hlökkum til þeirrar framtíðar.

*Dóra Björk er nýsköpunarstjóri á deild viðskiptaþróunar hjá Landsvirkjun og Ottó er framkvæmdastjóri Eims.*




### *Bréf frá Slow Food á Íslandi, Beint frá býli, Samtökum smáframleiðenda matvæla og VOR - verndun og ræktun, til framboða í sveitarstjórnarkosningum 2026*

Kæru frambjóðendur, Slow Food á Íslandi, Beint frá býli, Samtök smáframleiðenda matvæla og samtökin VOR – verndun og ræktun senda hér með sameiginlegt erindi til allra framboða í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi 2026.
Í ljósi komandi kosninga óskum við eftir upplýsingum um stefnu ykkar í matartengdum málefnum og um innkaupastefnu þess sveitarfélags sem þið bjóðið fram í, sérstaklega hvað varðar matarinnkaup fyrir opinbera þjónustu.

Sveitarfélög á Íslandi eru meðal stærstu kaupenda matvæla á landinu. Þau bera meginábyrgð á matarinnkaupum fyrir leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, félagsþjónustu og aðra þjónustu við íbúa. Því hefur innkaupastefna sveitarfélaga veruleg áhrif – ekki einungis á lífsgæði og heilsu barna og annarra notenda mötuneyta, heldur einnig á:

· stöðu og þróun matvælaframleiðslu, þar á meðal smáframleiðslu og matarmenningar,
· sjálfbærni, matarsóun og kolefnisspor samfélagsins,
· aðgengi allra að hollum, góðum og hreinum mat,
· styrkingu nærsamfélags og atvinnulífs á svæðinu.

Meðvituð og ábyrg innkaupastefna er eitt öflugasta stjórntæki sveitarfélaga til að stuðla að bættri matarmenningu, heilbrigðari matarvenjum og sjálfbærari rekstri – og til að skapa skýrari hvata fyrir matvælaframleiðslu sem byggir á gæðum, gagnsæi og siðferðislegum grunni.

Við viljum því biðja ykkur um að svara eftirfarandi spurningum:

1. Mötuneyti og gæði matar
a) Hvaða markmið hefur framboðið varðandi gæði og heilnæmi matar í mötuneytum sveitarfélagsins?
b) Hvernig hyggst framboðið tryggja að börn, aldraðir og aðrir notendur þjónustunnar fái góðan, hollan og næringarríkan mat?

2. Innkaupakerfi og útboð
a) Hvaða afstöðu hefur framboðið til innkaupakerfa og opinberra útboða á matvælum?
b) Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að innkaup þróist svo sem m.t.t. sveigjanleika, gagnsæis, gæða og sjálfbærni?
c) Hvernig viljið þið ná þeim markmiðum?

3. Staðbundin og sjálfbær hráefni
a) Hvernig hyggst framboðið vinna að því að auka notkun á staðbundnu og sjálfbæru hráefni, þar á meðal lífrænt vottuðu, í mötuneytum sveitarfélagsins?
b) Telur framboðið mikilvægt að styðja við nálæg fyrirtæki og framleiðendur með skýrum markmiðum í innkaupastefnu – og hvernig hyggst framboðið tryggja að reglur og framkvæmd innkaupa styðji við þau markmið?

Til að efla upplýsta umræðu munum við birta opinberlega, samantekt á svörum framboðanna, og sýna þannig kjósendum stefnu og viðhorf ólíkra framboða til málefna, sem tengjast mat, matarinnkaupum og innkaupastefnu sveitarfélagsins, sem þau bjóða fram í.

Við þökkum ykkur kærlega fyrir að gefa ykkur tíma til að svara og hlökkum til samstarfs og samtals um hvernig megi stuðla að bættri matarmenningu og aukinni sjálfbærni innan sveitarfélaga landsins.
+
Okkur þætti vænt um að fá svör eigi síðar en 20. apríl 2026, senda má svör á slowfood@slowfood.is
Með vinsemd og virðingu,

F.h. Slow Food á Íslandi, Dóra Svavarsdóttir, formaður, f.h. Beint frá býli & Samtök smáframleiðenda matvæla,
Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri, f.h. VOR – verndun og ræktun, Elínborg Erla Ásgeirsdóttir, formaður.




FAGMENNSKA OG TRAUST Í FYRIRRÚMI

Það sem er innifalið í minni þjónustu:

- Ljósmyndun og drónamyndir, teknar af atvinnuljósmyndara
- Opin hús og einkasýningar, þar til eignin selst
- Les yfir öll gögn tengd kaupum á nýrri eign
- Aðstoð við verðmat og kaup á næstu eign
- Vandað verðmat, þar sem ég hef aðgang að öllum kaupsamningum úr þínu hverfi
- Frábær þjónusta

ÉG HELD UTAN UM ÞÍN FASTEIGNAVIÐSKIPTI OG FYLGI ÞÉR ALLA LEIÐ

ALLT eru fagmenn í öllu því sem viðkemur fasteignum og tökum við að okkur allt ferlið frá a-ö.

ALLT FASTEIGNASALA

560-5500 | allt@allt.is




Berðu saman verðin
áður en þú festir kaup annars staðar.
Það á eftir að koma þér skemmtilega á óvart!

Fast Parts ehf.
Sími: 788 8893
Email: pantanir@fastparts.is
www.shop.fastparts.is

FAST PARTS





TIL SÖLU

IÐNAÐARBIL / GEYMSLUR
LÆKJARVÖLLUM VIÐ AKUREYRI

Verð
45,2 fm að norðan 17,9 m
45,2 fm að sunnan 19,0 m
Hægt er að fá milli loft í bilinn

FS fasteignir
Fasteignasala
FSFASTEIGNIR.IS

Friðrik Sigþórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími: 694 4220
Fridrik@fsfasteignir.is

Svala Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími: 663 5260
Svala@fsfasteignir.is





Gilhagi í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, en þar fæddist Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur þann 18. apríl 1926. Fremst rennur Svartá en Gljúfurá fellur í gljúfrum sínum ofan úr Gilhagadal og í Svartá. Myndin er skjáskot af þrívíddarlíkani. Mynd / Loftmyndir ehf.

Sagnaþáttur:

# Draugabani



**Kristján B. Jónasson**
kbjonasson@gmail.com

Um þessar mundir er öld liðin frá því að Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur fæddist í Gilhaga í mynni Svartárdals í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði en þar kom hann í heiminn 18. apríl 1926. Indriði samdi á ferli sínum þær tvær sögur sem helst koma upp í huga fólks þegar talið berst að þeim miklu breytingum sem urðu á íslensku samfélagi um miðja tuttugustu öld þegar fólk fluttist úr dreifbýlinu í þéttbýlið og heilu sveitirnar fóru í eyði á örfáum árum: 79 af stöðinni og Land og synir. Að auki var hann áratugum saman einn helsti fjölmiðlamaður landsins, ritstjóri Tímans, dálkahöfundur í dagblöðum og tíður gestur í viðtalsþáttum, enda með skoðanir á mörgu og umdeildur eftir því.

Indriði vann einnig að framleiðslu kvikmynda og heimildamynda og starfaði árum saman að því að stofna sjónvarpsstöðina Stöð 3 sem á endanum komst í loftið þótt hún lifði stutt. Hann hamaðist gegn því ógagni sem hann taldi að Íslendingum stafaði af sænskum menningaráhrifum og ræktaði sinn sérstaka stíl í framkomu og klæðaburði, ók um á hvítum Dogde kagga með rauðum leðursætum og sást vart án þess að vera í jakkafötum með þverslaufu. Í æsku ólst hann hins vegar upp við önnur kjör.

### Dalaskáldin

Foreldrar Indriða, Þorsteinn Magnússon og Anna Jósepsdóttir, gengu í hjónaband í Gilhaga 1925 og árið eftir fæddist Indriði á sama stað. Þorsteinn faðir hans hafði sjálfur fæðst þar á bænum árið 1885, einn níu barna þeirra Magnúsar Jónssonar bónda og Helgu Indriðadóttur ljósmóður, en að auki átti Þorsteinn tvö systkini samfeðra.

Gilhagi var stórbýli á þeirra tíma mælikvarða og naut þar heiðalandanna í næsta nágrenni og Gilhagadalsins þar sem hægt var að hafa fé í seli og standa yfir lagprúðum hjörðum á sumrin þegar fært var frá. Ólst Þorsteinn upp við að hirða um fé og um tíma var í félagi með honum Símon Dalaskáld, en hann var löngum heimilisfastur í Gilhaga og bar þar beinin. Á sextugasta aldursári sínu gaf Þorsteinn út bókina Dalaskáld um Símon þar sem hann rekur minningar sínar um vin sinn og gerir um leið grein fyrir ýmsu sem hann hefur eftir öðrum um hann sem og rituðum heimildum um skáldið. Þar veltir hann líka vöngum yfir hve mjög hann sakni þess sauðfjárbúskapar sem hann ólst upp við þegar fé var ræktað fyrst og fremst til framleiðslu á mjólkurvörum og harmar þennan kjötiðnað sem sauðfjárræktin hafi breyst í.

### Frá einum bæ til annars

Helga, móðir Þorsteins, var ljósmóðir í Lýtingsstaðahreppi sem á þessum árum var fjölmenn sveit. Hún drukknaði sviplega í Svartá þegar hún kom aftur til baka úr vitjun á fögrum vordegi 1905, beint fram undan Gilhaga, að heimilisfólki aðsjáandi. Eftir sviplegt fráfall hennar bjó Magnús enn á jörðinni með aðstoð barna sinna uns þau tóku við búinu til skiptis. Þannig var Þorsteinn talinn fyrir búinu í eitt ár, en einhverra hluta vegna fór hann að heiman en kom svo aftur og var vinnumaður eða húsmaður hjá systrum sínum og mági sem þá bjuggu í Gilhaga.

Eftir það hófst ferð hans og eiginkonu hans, Önnu Jósepsdóttur, um Skagafjörð, frá einni jörð til annarrar. Með í för voru Indriði litli og hálfbróðir hans, Arnaldur Jónsson, sonur Önnu, sem var sjö árum eldri en Indriði. Frá fæðingarári Indriða og fram til þess að fjölskyldan fluttist til Akureyrar 1939 bjuggu þau á níu bæjum í vestanverðum Skagafirði, fyrst í Lýtingsstaðahreppi, en síðan úti í Staðar- og Seyluhreppi.

Þeir sem hafa einhverja nasasjón af kjörum og ævi þeirra sem ekki áttu sjálfir jarðnæði á síðari öldum þekkja vel þetta sífellda rutl sem var á fólki í þeirri stöðu. Jarðeigendur, sem hvort heldur er gátu búið fjarri eða nær, fengu fólk til að manna jarðir sínar gegn afgjaldi og til að viðhalda og byggja upp hús og garða en byggðu því svo út á næstu eða þarnæstu fardögum til að rýma fyrir einhverjum öðrum, tilefnið þurfti oft ekki að vera merkilegt.

Þorsteinn og Anna, foreldrar Indriða, eignuðust aldrei eigið jarðnæði en til að stunda búskap var eina leiðin að semja sig að því sem jarðeigendurnir kusu í það og það skiptið. Fyrir vikið var oft staldrað stutt við á hverjum stað.

### Lausn á ljótu máli

Sumarið 1934 fór að bera á undarlegum atburðum á bænum Grófargili í Seyluhreppi í Skagafirði. Þar bjuggu þá ung hjón, Helgi Jónsson og Kristín Jónsdóttir. Hjá þeim í heimili hafði verið gömul kona sem veiktist og var hún í kjölfarið flutt á sjúkrahúsið á Sauðárkróki þar sem hún lést. Eitthvað varð eftir af dótinu hennar á bænum. Þegar ungu hjónin voru við heyskap á engjum síðla sumars 1934 var dót gömlu konunnar fært úr bænum og út á hlað þar sem það lá þegar hjónin komu aftur heim úr heyskapnum.

Þetta þótti meira en lítið undarlegt. Á næstunni bar fleira slíkt við. Farið var í bæinn og ýmislegt hreyft eða það eyðilagt, helst í skjóli myrkurs eða ef enginn var heima. Þetta spurðist út og var farið að tala um að draugagangur hefði komið upp á Grófargili. Lætin mögnuðust síðan. Byrjað var að eiga við ýmislegt í bænum eða í útihúsum jafnvel um miðjan dag og að því kom einn daginn að bóndi þóttist verða var við að einhver var í bænum, reyndi að króa þessa veru af en hún komst þá út um loftglugga á bænum og hvarf síðan ofan í gilið sem bærinn er kenndur við.

Gerðar voru tilraunir til að hafa uppi á draugnum en þær báru ekki árangur og áfram hélt ágangurinn. Steininn þótti taka úr þegar ungt barn hjónanna var tekið úr vöggu og sett á gólfið í baðstofunni. Var hjónunum mjög brugðið og varð úr að þau fóru af jörðinni vorið 1935 og leit ekki út fyrir að aðrir vildu taka við ábúðinni.

Jarðeigendurnir hugsuðu nú ráð sitt. Varð úr að þeir sömdu við Þorstein Magnússon, föður Indriða G., um að hann fengi jörðina til ábúðar með vildarkjörum ef honum tækist að kveða niður draugaganginn. Sagt var að hann hefði fengið munnlegt leyfi sýslumanns, Sigurðar Sigurðssonar á Sauðárkróki, til að skjóta á drauginn, en honum var þó bannað að miða hátt. Mun Þorsteinn hafa haft vopn til reiðu í þessu skyni.

Spurðist þetta út um héraðið. Þorsteinn var um sína daga þekktur hagyrðingur í Skagafirði og margar vísur hans urðu fleygar. Orti hann háðsvísu um drauginn og þann ófögnuð sem af honum væri sem víða fór og má vera að hún hafi borist „draugnum“ til eyrna.

### Land og synir

Á meðan Þorsteinn Magnússon og Anna Jósepsdóttir bjuggu með sonum sínum Indriða og Arnaldi á Grófargili árið 1935 til 1937 bar aldrei á draugagangi, en Þorsteinn var honum þó viðbúinn, kominn með munnlegt skotleyfi á drauginn.

Þegar Indriði svo settist niður á síðari hluta sjötta áratugar 20. aldar til að skrifa skáldsöguna Land og syni notaði hann þennan stað sem grundvöll að staðfræði sögunnar. Áin sem rennur neðan við bæinn, gilið, engin og vegurinn sem liggur neðan við bæinn fengu samastað í textanum og inn í þetta landslag smíðaði Indriði söguna um feðgana Ólaf og Einar sem horfa upp á drauminn um gott líf í sveitum landsins renna úr höndum sér. Eftir að Ólafur gamli deyr ákveður sonurinn Einar að snúa baki við sveitinni og þeim mögru kostum sem landbúnaðurinn býr honum og hefja nýtt líf í þéttbýlinu. Hann drepur því bústofninn, gerir upp skuldir búsins við Kaupfélagið og selur nábúa sínum jörðina. Það flækir reyndar málin að í millitíðinni hefur Einar hafið ástarsamband við dóttur nágrannans, Margréti Tómasdóttur, og hún leggur hart að honum að verða eftir, að hætta við allt og fara að búa, en jafnvel aðdráttarafl hennar og yndisleiki stöðvar Einar ekki. „Þegar maður fer þá verður maður að fara allur,“ segir hann. Það eru engir skreppitúrar í sveitina um helgar. Á milli borgar og sveitar liggur líkt og múr og maður velur annað hvort eða.

Hinir sönnu draugar voru því ekki þeir sem gerðu fólki glettur og færðu koppa og kirnur úr stað, heldur þeir sem færðu samfélagið til og andspænis þeim draugagangi dugði ekki að hafa byssuleyfi. Þau Þorsteinn og Anna fóru frá Grófargili vorið 1937 og í húsmennsku í Varmahlíð, sem er raunar rétt handan við túnhornið á Grófargili. Árið 1939 hættu þau búskap endanlega, fluttu til Akureyrar og hófu nýtt líf á mölinni.



# Vísnahornið

Í síðasta þætti birti ég vísu um mun á Húnvetningum og Þingeyingum. **Óskar í Meðalheimi á Ásum** orti svar fyrir hönd Húnvetninga:

*Þingeyinga mesta mein*
*er montið sem þeir bera.*
*Það er betra í þeirri grein*
*að þykjast en að vera.*

Það er við hæfi að kímniskáldið Káinn leiði lesendur á brautir komandi sólskinsstunda vorsins:

*Þegar vetur víkur frá*
*og veðrið fer að hlýna,*
*þá er fögur sjón að sjá*
*sólina okkar skína.*

Trúlega hefur enginn fjósamaður í veröldinni orðið jafn ódauðlegur og **Káinn** varð með sínum kveðskap:

*Eg heyrði kýrnar hjala*
*um hljóða aftanstund;*
*og held þær hafi verið*
*að halda „kvenfélagsfund.“*

*Því allar ræddu´ í einu*
*og engin þagað gat,*
*þær töluðu´ um allt og alla, –*
*og oftast þó um mat.*

*„Við erum fullar og feitar,*
*og fóðrið brestur ei:*
*Mais og malaðir hafrar*
*og mikið og kjarngott hey.“*

*„Mig varðar jú ekkert um það*
*og ekki´ er það „buisness“ mitt.*
*En heyrðu hérna, Skjalda!*
*hvenær er talið þitt?*

*„Kominn er kveldmatartími, –*
*hvað skulum við nú fá?“*
*„Jú, þarna kemur nú K.N. –*
*og kemur með andskotans strá!“*

Um Jón Sigmar slátrara orti **K.N.:**

*Þegar ævin endar hér,*
*öllum þrautseigari,*
*sína hinstu ferð hann fer*
*með fáein naut í „cari“.*

Ekki síður magnað kímniskáld var **Hjálmar Freysteinsson** læknir frá Vagnbrekku í Mývatnssveit. Hann fer á kostum í árshátíðarbrag sínum:

*Gerist vetrar veður blíð,*
*verður margur galinn,*
*allir heimta árshátíð,*
*ærnar, kýr og smalinn.*

*Af því verða útgjöld stór*
*sem undir þarf að rísa,*
*buxur, vesti, brók og skór*
*borgað er með Visa.*

*Verulega er veislan fín*
*og veislustjórinn natinn,*
*hani, krummi, hundur, svín*
*hafðir eru í matinn.*

*Kátur margur maður er,*
*magnast glens og söngur,*
*einn ég veit sem ætlar sér*
*aftur að fara í göngur.*

*Er á borðum eðalvín*
*og ekki vantar bjórinn,*
*galar, krunkar, geltir, hrín*
*guðdómlega kórinn.*

*Hér er í boði hámenning,*
*heldur fátt til vansa,*
*þegar allt er komið í kring*
*kyssast menn og dansa.*

*Margur karlinn klökkur bað*
*af kellu hrifinn sinni:*
*„Leyf mér nú að lúta að*
*látúnshálsgjörð þinni.“*

*Ansar konan „asninn þinn“,*
*er með geðið snúið,*
*„jæja þá í þetta sinn.“*
*Þá er kvæðið búið.*

Alveg kostuleg limru-endurvinnsla **Hjálmars Freysteinssonar** á þekktustu vísu **Kristjáns fjallaskálds:**

*Á eyðisandi einn um nótt ég sveima,*
*erindinu löngu búinn að gleyma.*
*Norðurlandið týnt,*
*telja má einsýnt*
*að nú á ég hvergi nokkurs staðar heima.*

*Umsjón: Magnús Halldórsson*
*mhalldorsson0610@gmail.com*





Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur
og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur












VERKVAL EHF.
Bjóðum upp á eftirtalda þjónustu:
- Holræsahreinsun/lagnahreinsun
- Rotþróarhreinsun
- Götu- og gangstéttasópun
- Lagnamyndun
- Stíflulosun

Hægt er að hafa samband við Verkval ehf.
í síma: 892-3762
eða senda póst á netfangið: verkval@verkval.is

## Frumkvöðlastarf:

# Blær – íslenskur góðgerladrykkur

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



**Fjórar metnaðarfullar stúlkur á lokaári í Menntaskólanum við Sund hafa unnið að því að koma nýjum íslenskum heilsudrykk á markað. Drykkurinn, sem er sá fyrsti sinnar tegundar hérlendis, verður í boði fyrir gesti og gangandi í Smáralind á morgun, föstudaginn 17. apríl.**

Þær Hafdís Lilja Jónsdóttir, Tekla Ósk Bjarnadóttir, Rebekka Lind Kristinsdóttir og Sólný Helga Sigurðardóttir hafa undanfarið unnið að þróun drykkjarins sem hluta af lokaverkefni sínu í Menntaskólanum við Sund. Verkefnið er unnið undir merkjum Ungra frumkvöðla á Íslandi (JA Iceland), en samtökin hafa það að markmiði að efla tengsl menntunar og atvinnulífs.

Að sögn stúlknanna er um nýjung að ræða á íslenskum markaði, en þær hafa lagt mikla áherslu á að skapa heilnæman valkost sem svarar vaxandi eftirspurn neytenda eftir nýstárlegum heilsugjöfum í fljótandi formi.



Tekla Ósk Bjarnadóttir, Rebekka Lind Kristinsdóttir, Hafdís Lilja Jónsdóttir og Sólný Helga Sigurðardóttir í heimsókn hjá Ölgerðinni, en samstarf þeirra skilaði kolsýrða góðgerladrykknum Blæ. Myndir / Aðsendar

> „Það er ógeðslega vandræðalegt að vera eitthvað stífluð, en enginn þorir að tala um það ...

### Fyrirtækjarekstur á skólatíma

„Við erum að sjálfsögðu í þessu ferli með það fyrir augum að ná sem lengst,“ segja þær stöllur, Hafdís, Tekla og Rebekka, sem litu við á kontór Bændablaðsins á dögunum. Undirbúningur verkefnisins hófst í janúar og þær, ásamt fjórðu stúlkunni, Sólnýju, hafa unnið ötullega síðastliðna mánuði.

„Þetta er samkeppni á vegum JA þar sem menntaskólanemendur fá tækifæri til að stofna fyrirtæki sem svo keppa um fyrstu sætin. Ætli það séu ekki um 150 fyrirtæki sem hafa skapast núna síðan í janúar, en meginatriðið er að stofna eitthvað nýtt, vera frumkvöðull. Sumir nemendur kjósa að vinna sjálfstætt, gera skartgripi og þess háttar, en aðrir eins og við, reynum að komast í samstarf við stór fyrirtæki. Við erum til dæmis í samstarfi við Ölgerðina,“ segir Hafdís.

„Við erum allar á hagfræði/stærðfræðilínu í skólanum og lærum þar að reka fyrirtæki og allt sem því við kemur. Þetta er séráfangi í skólanum sem er í boði í sumum öðrum skólum líka, líkt og Kvennó,“ segja þær. „Maður lærir allt frá samningagerð og að því að bara senda tölvupóst – það er varla að maður kynni að senda eða svara tölvupóstum,“ segir Tekla. Þegar ég opnaði tölvupóstinn minn áttaði ég mig á því að þar voru örugglega 4000 póstar sem ég hafði ekki sinnt að svara af því ég er aldrei að nota þennan miðil! En nú kann ég það,“ segir hún hlæjandi.

### Þarmaflóran þarf að virka

„Við hófum sem sagt undirbúningsvinnuna í janúar, þá hugmyndavinnu og eitthvað svona skemmtilegt, en okkur langaði að stuðla einhvern veginn að betri líðan í samfélaginu. Við ákváðum, vegna þess að við þekktumst lítið fyrir, að skrifa niður vandamál sem við höfum verið að díla við, en þá kom í ljós að við höfum allar verið að díla við einhvers konar magavandamál. Við komum þá með hugmyndir að því hvernig hægt væri að finna lausn á því og þá datt okkur góðgerladrykkurinn í hug. Svo höfðum við samband við Ölgerðina og vorum þar í samkeppni við fleiri um að komast í samvinnu við þá. Og þau völdu okkur og nú er kominn Blær.“

„Blær er kolsýrður heilsudrykkur sem inniheldur góðgerla og acacitrefjar,“ segir Rebekka, en trefjarnar virka eins og fæða fyrir góðgerlana þannig þú ert í rauninni að fá bara betri virkni úr góðgerlunum. Einnig skortir fólk oft trefjar – það er minna talað um það í samfélaginu, allir vilja alltaf vera að taka inn prótein, en til að þarmaflóran virki vel þarf trefjar.“

### Vandræðalegt að vera stífluð

„Þetta er eiginlega vitundarvakning um magavandamál,“ segir Hafdís. „Það er ógeðslega vandræðalegt að vera eitthvað stífluð,“ segir Tekla, en enginn þorir að tala um það. Krakkar í dag eru undir svo miklu álagi vegna samfélagsmiðla, það er svo mikil pressa að líta fullkomlega út og svo eru til dæmis, allavega stelpur oft ekki að borða nógu vel eða nógu hollt, eru undir stressi í félagslífinu og að standa sig vel í skólanum og maginn er ekki að höndla þetta allt. Við höfum allar upplifað þetta en því miður talar fólk lítið um þetta því þetta er svo mikið feimnismál og vandræðalegt að vera illt í maganum og geta ekki kúkað. Við viljum að fólk spái aðeins í þetta vandamál með opnum huga og við verðum með fræðslu þegar við kynnum drykkinn núna 17. apríl í Smáralindinni, smá söluræðu, kynnum þetta fyrir fólki. Ég hef sjálf verið að taka inn góðgerla undanfarið sem ég var ekkert að gera áður, bara þegar við byrjuðum á þessu ferli, tek eitt LGG á dag og finn hellings mun, sem er fáránlegt.“




Blær er mjög hressandi drykkur auk þess að vera stútfullur af góðgerlum, C og D vítamíni.

„Líka, ef þarmaflóran er ekki góð verður húðin slæm og hárið sem í framhaldi hefur áhrif á andlega líðan þannig þetta er keðjuverkun sem hefur áhrif á svo mikið,“ segir Rebekka. „Við erum líka með D- og C-vítamín í drykknum því það er svo mikið af Íslendingum sem skortir D-vítamín og C-vítamínið er svo jákvætt fyrir ónæmiskerfið.“

### Góðgerladrykkurinn Blær

„Við ákváðum líka að hafa ekki koffín í honum,“ heldur Hafdís áfram, „það eru svo margir koffíndrykkir á markaðnum en enginn koffínlaus kolsýrður góðgerladrykkur. Okkur fannst heldur ekkert passa að blanda saman góðgerlum og koffíni, vítamínin gefa smá orku ... og svo er ótrúlega frískandi að fá sér smá Blæ,“ segja þær brosandi. „Það er ástaraldin- og lime-bragð af honum, rosa ferskt og maður hressist við hann. Margir vilja líka sleppa koffíni. Við fengum okkur allar Blæ einn morguninn og leið rosa vel, svaka hressar!“

Þegar kom að því að hanna útlit á umbúðum drykkjarins komu stelpurnar með nokkrar hugmyndir en Ölgerðin sá um lokaútfærsluna sem kom mjög skemmtilega út. Ferlið allt, eins og við má búast á slíkri vegferð, hefur verið margbreytilegt. Mikið álag sumar vikurnar á meðan aðra daga gekk allt auðveldar. „Eins og þegar við vorum í keppni um samstarfið við Ölgerðina vorum við undir miklu stressi. Við höfðum innan við viku til undirbúnings og vildum gera glærukynninguna flotta af því að við vorum ákveðnar í að vinna! Læra kynninguna okkar utanbókar og þess háttar.“

### Það þarf bara að „keep going“!

Samvinnan hefur gert stelpurnar nánari og þær hafa lært mikið af bæði mistökum, velgengni, verkferli og samskiptum yfirhöfuð. „Við lærum ótrúlega mikið af þessu. Meðal annars það að vera óhræddar við að hafa samband við fólk því það eru flestir til í að veita aðstoð. Versta sem maður heyrir er nei – og við erum auðvitað búnar að fá fullt af neitunum, en miklu fleiri já,“ segja þær. „Það er ótrúlega góð æfing að fá nei og leita annað þar til jáið kemur því það þarf ekkert að gefast upp. Þó maður fái nei þá þarf bara að „keep going“,“ segir Tekla hressilega.

Þær ákváðu strax í upphafi að hver og ein myndi sinna vissu hlutverki. Hafdís er framkvæmdastjóri, Tekla er markaðsstjóri og ritari, Rebekka er framleiðslustjóri og hönnuður og Sólný fjármálastjóri. „Við settum okkur strax í hlutverkin og það held ég að hafi orðið til þess að auðvelda ferlið,“ segir Hafdís.

## Alþjóðlegt afl í þágu ungra frumkvöðla

Junior Achievement (JA) eru ein stærstu og elstu félagasamtök heims sem hafa það að markmiði að undirbúa ungt fólk fyrir framtíðina og auka færni þeirra til atvinnuþátttöku og atvinnusköpunar með því að stuðla að aukinni nýsköpunar-, frumkvöðla- og viðskiptamennt í skólum. Samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum árið 1919 og starfa nú í yfir 100 löndum þar sem þau ná til milljóna nemenda ár hvert. Starfsemin hefur hlotið mikla alþjóðlega viðurkenningu, en samtökin voru meðal annars tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels árin 2022 og 2023 fyrir framlag sitt til efnahagslegrar valdeflingar ungmenna.

Á Íslandi eru samtökin rekin undir nafninu Ungir frumkvöðlar og hafa verið starfrækt síðan 2002. Þekktasta verkefni þeirra hérlendis er Fyrirtækjasmiðjan, þar sem framhaldsskólanemar fá tækifæri til að stofna og reka eigið fyrirtæki auk þess að vinna að viðskiptahugmynd sem miðar að því að efla skilning þeirra á fyrirtækjarekstri. Fyrirtækjasmiðjan er eins eða tveggja anna námskeið, fyrir 16–21 árs nemendur undir handleiðslu mentora úr atvinnulífinu.

Með þátttöku öðlast nemendur dýrmæta reynslu í viðskiptaáætlun, markaðssetningu og vöruþróun, sem lýkur jafnan með hinni árlegu vörumessu þar sem afrakstur vetrarins er kynntur almenningi. Á uppskeruhátíð sem haldin er í apríl ár hvert velur dómnefnd sigurvegara í ýmsum flokkum. Það fyrirtæki sem hlýtur titilinn „fyrirtæki ársins“ tekur þátt í Evrópukeppni ungra frumkvöðla - GEN_E




**Falleg, björt og vel skipulögð 4 herbergja íbúð á 2. hæð við Hjaltabakka 14, 109 Reykjavík.** 105,1 m². Byggingarár 1968. Skjólsælar suðursvalir. Í kjallara á besta stað er 14 fm. geymsla sem fylgir íbúð. Hjólageymsla í sameign. Sameiginleg bílastæði við húsið. Snyrtileg sameign og góðir grannar.Leiksvæði í garði á milli húsa. Húsið gert upp að utan og nýir gluggar 2020-2021. Stutt í alla helstu þjónustu og samgöngur, skóla og leikskóla, góðar gönguleiðir og fallega náttúru.

**Nánari upplýsingar hjá Styrmi Þór Sævarssyni, LF-fasteignasölu: styrmir@lf-fasteignasala.is, s. 846-6568.**



**Þær eru góðar saman og eiga framtíðina fyrir sér, fyrirtækjaeigendurnir Hafdís Lilja Jónsdóttir, Tekla Ósk Bjarnadóttir, Sólný Helga Sigurðardóttir og Rebekka Lind Kristinsdóttir.**

Hver og einn sinnir sínu og ber ábyrgð. Samskiptin á milli okkar eru líka auðveld, við tölum saman og deilum út verkefnumm auk þess að vera með tékklista í tölvunum okkar.“

### Hugarfarið skiptir öllu

Stelpurnar segjast eiga það sameiginlegt að hafa frá upphafi viljað ná sem lengst. „Við vorum allar með sama hugarfarið, við ætlum að láta hlutina ganga og við ætlum að vinna keppnina. Hugarfarið skiptir öllu máli. Við til dæmis manifestuðum að við ætluðum að komast í samstarf með Ölgerðinni og það tókst! Þetta hefur verið ótrúlega skemmtilegt ferli þar sem við höfum lært heilan helling á mörgum sviðum, líka að vinna saman í teymi. Mjög góð lífsreynsla að vera átján ára og stofna okkar eigið fyrirtæki,“ segja þær brosandi.

Þær segja nemendur Menntaskólans við Sund hafa tekið keppninni mjög alvarlega yfir árin og haft gaman af enda mikil stemning í skólanum vegna hennar. Í fyrra hlutu nemendur fyrsta sætið fyrir framleiðslu á hundaleikfanginu Urra, gerðu úr notuðum tennisboltum og fiskineti, húðuðu með íslensku fiskroði.

Að auki fengu MS-ingar fern önnur verðlaun af þeim þrettán sem þá voru veitt.

„Þetta er frábær lokaáfangi, maður lærir svo rosalega margt á þessu öllu saman. Rekstur, bókhald, samskipti, skrif tölvupósta og bara allt. Skrá fyrirtækið inn sem fyrirtæki ... þetta er ótrúlega krefjandi en að sama skapi ótrúlega skemmtilegt og það er mjög vel að þessu staðið í skólanum.

Til dæmis fengum við að æfa okkur um daginn, þá settu allir nemendur í áfanganum upp sölubása í skólanum og við buðum 10. bekkingum í heimsókn. Æfðum söluræðuna okkar og kynninguna bara almennt, sem undirbjó okkur rosa mikið fyrir kynninguna sem verður haldin í Smáralindinni. Við erum mjög spenntar að sjá hvernig fólki líst á drykkinn okkar, fræðsluna og hvernig verður tekið á móti okkur.“

### Stærsta nýsköpunarkeppnin

Næstu vikur eiga svo líklega eftir að taka pínulítið á taugarnar, en eftir Vörumessuna í Smáralindinni, dagana 17.–18. apríl verða viðtöl við dómara keppninnar í Arion banka þann 27. apríl. Í framhaldi af því fá keppendur að vita hvort þeir komist áfram en uppskeruhátíðin verður haldin daginn eftir, þann 8. apríl í Arion banka á milli klukkan 13–16:30 þar sem um fjórtán verðlaun verða veitt og Fyrirtæki ársins valið. Vinningshafar hljóta fría ferð, uppihald og þátttökurétt en sá hópur ferðast svo til Lettlands og keppa fyrir Íslands hönd í stærstu nýsköpunarkeppni Evrópu dagana 7.–10. júlí.

### Kinnroðalaus framtíð í kortunum

Stelpurnar eru bjartsýnar á framhaldið. „Þetta hefur gengið mjög vel,“ segir Hafdís. „Við héldum forsölu og seldum 558 Blæ-dósir í forsölunni á fjórum dögum. Við ákváðum að auglýsa söluna á samfélagsmiðlunum okkar, (blaer.heilsudrykkur á Instagram, TikTok og Facebook) og þetta rauk út.

Vonandi fáum við fyrstu verðlaun fyrir þetta en það eru annars mörg verðlaun sem eru veitt og gaman að hljóta einhver. Við erum ógeðslega spenntar að sjá hvað verður, kannski vill Ölgerðin halda samstarfinu áfram ef salan gengur vel. Allavega er mikil eftirspurn eftir Blæ, enda eini drykkurinn af þessari gerð sem framleiddur er á Íslandi! “

Þá er ekki annað en að mæta í Smáralindina þann 17. apríl á milli klukkan 11–18, fá að smakka á heilsubætandi góðgerladrykk og hlusta kinnroðalaust á mikilvæga fræðslu.





Stakahnúkslón er afskekkt vatn staðsett á hálendinu í nálægð við eldfjallagilið Eldgjá.
Vatnið er staðsett nærri fjallstoppnum Stakahnúki (hæð um 792–810 m) á Suðurlandi og tengist oft hrjóstrugu og villtu landslagi Skaftárhrepps.
**Tilboð sendist á veidifelag.skaft@gmail.com fyrir 20. apríl 2026.**
Réttur áskilinn til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.
Nánari upplýsingar í s. 865-7432 (Pétur) eða s. 615-4508 (Sigurður)







**Stífluþjónusta Sævars** *Selfossi*
**Sími: 861 1919**
*stifla.selfoss@gmail.com*
**Stíflulosun úr lögnum**
**Myndun lagna**
**Rótarskurður o.fl.**
***Yfir 20 ára reynsla***



## Uppspuni í Ásahreppi:

# Samkeppni um hönnun lopapeysu fyrir kvenbændur

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



**Árið 2026 er alþjóðlegt ár kvenbóndans en af því tilefni hefur Uppspuni í Ásahreppi efnt til samkeppni meðal áhugasamra prjónara og hönnuða. Markmiðið er að hanna íslenska lopapeysu til heiðurs konum í bændastétt landsins.**

Hulda Brynjólfsdóttir í Uppspuna fer fyrir verkefninu. „Vegna ársins 2026, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa tileinkað „KVENBÆNDUM“ heimsins fannst okkur tilvalið að láta bera meira á okkur kvenbændum með því að gera eitthvað af þessu tilefni. Það lá beinast við að láta hanna lopapeysu úr íslenskri ull, því hvað hafa ekki kvenbændur gert mest af í gegnum tíðina? Jú, fyrir utan að rækta og hirða skepnur til sveita, þá held ég að það sé að vinna ull og prjóna úr henni og þannig halda hita á íslensku þjóðinni. Þannig að þetta er bæði gert fyrir íslensku ullina og bændurna,“ segir Hulda.

### Allir geta tekið þátt

*Geta allir verið með eða er einhver sérstakur markhópur?*

„Já, já, allir geta verið með og við höfum einnig auglýst þetta á erlendum samfélagssíðum, þannig að það eru ekki bara Íslendingar sem mega taka þátt. En peysan á að vera fyrir kvenbændur, bæði á Íslandi og úti um allan heim. Svo að allir sem eru að prjóna eða hanna lopapeysur eru hvattir til að taka upp prjónana og skila inn í keppnina. Það er mikill áhugi og verðlaunin eiga eftir að verða vegleg,“ segir Hulda.



Hulda Brynjólfsdóttir í Uppspuna í Ásahreppi. Mynd / Aðsend

### Reglur keppninnar

Nokkrar reglur fylgja keppninni en peysan verður að vera íslensk lopapeysa, hún á að vera fyrir konur og hún skal unnin úr íslenskri ull. Garn frá Uppspuna er æskilegt en er ekki skylda en íslensk framleiðsla og íslensk ull er skilyrði.

Upplýsingum um prjónara skal skilað með peysunni og drögum að uppskriftinni í lokuðu umslagi, þar sem nafnleynd verður fyrir dómarana, til Huldu Brynjólfsdóttur í Uppspuna fyrir 1. júní 2026. Uppskriftin þarf ekki að vera fullunnin og það má sömuleiðis fá frekari upplýsingar hjá Huldu á netfanginu huldauppspuni@gmail.com.

Tvær peysur munu hljóta vegleg verðlaun; besta peysan og frumlegasta peysan. Farið verður yfir peysurnar og úrslit kynnt 20. júní næstkomandi. Hlutleysis verður gætt til hins ítrasta og dómarar eru ekki tengdir Uppspuna og fá þeir ekki að vita hver á hvaða peysu.

### Mjög spennt

Hulda segist eiga von á góðri þátttöku í keppninni enda sé hún orðin mjög spennt. „Ó, já, ég er mjög spennt en nú þegar hefur fólk sýnt þessu mikinn áhuga og nokkrir búnir að tilkynna að þeir ætli að taka þátt. Það verður hátíð 20. júní því við ætlum að hafa daginn skemmtilegan og bjóða t.d. styrktaraðilum og þátttakendum ásamt öðrum áhugasömum að koma og vera viðstödd verðlaunaafhendinguna og gera þessu svolítið hátt undir höfði,“ segir Hulda.


Skiptibílar

Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 500.000 króna innborgun* í nýlegan og öruggan bíl. Aðeins er tekinn 1 bíll uppí hvern nýlegan notaðan bíl. Þinn gamli þarf að vera með fulla skoðun og í ökufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl uppí má alltaf ræða aðra díla.*

*Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að hafna bílum.



500.000 uppítökuverð ...sem innborgun í nýrri bíl

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl




BMW 2 225XE IPERFORMANCE
Árg. 2018
4x4
Ekinn 144 þ.km.
Bensín/rafmagn/Plug-in
Sjálfskiptur
**Verð 2.250.000 kr.**




FORD RANGER WILDTRACK
Árg. 2020
4x4
Dísel
Ekinn 107 þ.km.
Sjálfskiptur
**Verð 7.390.000 kr.**

Sjáið fleiri bíla í smáauglýsingum aftast í blaðinu

Meira úrval á notadir.benni.is



Bílabúð Benna Notaðir bílar
Krókhálsi 9
110, Reykjavík
590 2035

Opnunartímar
Virkadaga kl. 9-17
Laugardag kl. 12-16

Bílabúð Benna Notaðir bílar







## Bændablaðið kemur næst út 30. apríl

**Blóm mánaðarins:**

# Klassísk blómfegurð stofuhindar



Ingólfur Guðnason.

Litir og form garðblóma heilla ræktendur en vinsældirnar eru hverfular, nýjar tegundir og yrki koma og fara og sjást stundum ekki aftur fyrr en löngu síðar og erfitt er að sjá fyrir um hvað veldur. Aðrar tegundir hafa haldið sínum virðulega sessi sem glæsilegar garðplöntur í íslenskum görðum. Ein þeirra er garðahortensía, hindarblóm eða stofuhind (Hydrangea macrophylla) sem ættuð er frá Japan og Kóreu. Hún hefur verið reynd hér á landi í heila öld hjá áhugasömu garðræktarfólki en í Evrópu tóku Hollendingar hana til ræktunar skömmu fyrir 1800. Vissulega hefur vegur hennar ekki verið samfelld sigurganga hjá okkur en þeir eru þó margir garðeigendurnir sem geta varla hugsað sér sumarið án þess að hafa nokkra fulltrúa þeirrar tegundar á besta stað í blómakeri eða í uppáhaldsblómabeðinu þar sem er bjart, hlýtt og skjólsælt. Þekktust er hún þó sem inniblóm.

### Plönturnar fara að sjást í blómaverslunum bráðlega

Plöntunum er fjölgað með græðlingum og eru seldar með þroskuðum blómbrumum í garðplöntustöðvum á vorin og fram á sumar. Þær eru ræktaðar í tiltölulega stórum pottum því þær verða stórvaxnar og ræturnar þurfa talsvert rými. Allir sem reynt hafa að rækta stofuhind þekkja að hún þarf mikla og reglulega vökvun, sérstaklega á blómgunartímanum. Laufblöðin eru líka stór og taka til sín mikið af vatni. Þá er gott að hafa pottinn í stærra lagi. Koma þarf því þannig fyrir að umframvatn standi ekki uppi í pottinum eftir vökvun því ræturnar þurfa líka á súrefni að halda. Það er sem sagt líka hægt að vökva plönturnar of mikið, þótt þær séu þekktar fyrir drykkjuskap.

### Sýrustig jarðvegs hefur áhrif á blómlitinn

Algengasti blómliturinn er ljósblár en þau eru einnig til bleik, hvít og rauð. Súr jarðvegur hvetur til myndunar bláa litarins. Notast má við áburð og mold sem ætluð er plöntum sem kjósa súran jarðveg eins og lyngrósir frá vori og fram eftir sumri. Á sama hátt skerpir basískur og kalkríkur jarðvegur með háu sýrustigi lit bleikra eða hárauðra yrkja eins og algengt er í gróðurmold sem ætluð er pottaplöntum. Ef til vill þarf þá að gefa dálítið auka kalk í jarðveginn til að hækka sýrustigið. Hvít blóm halda sínum lit óháð sýrustigi en geta tekið á sig daufbleikan lit með tímanum. Blómin, sem standa mörg saman, mynda glæsileg kúlulaga form sem geta orðið stór og fjöldamörg á eldri plöntum.



Mynd / Guðríður Helgadóttir

### Stofuhind launar dekrið

Hér erum við með tegund sem gerir kröfur til síns ræktanda. Við þurfum að sætta okkur við að hafa hana í stórum blómapotti því tegundin er ekki fyllilega kuldaþolin. Jöfn og mikil vökvun á blómgunartíma, birta, skjól, dauf áburðarlausn öðru hvoru og loftríkur jarðvegur fær hana til að njóta sín vel og sýnir hún þá allar sínar bestu hliðar með löngum blómgunartíma. Vegna þess hve kulvís tegundin er þarf að bíða með að setja hana út í garð þar til öll frosthætta er liðin hjá. Það borgar sig líka að líta til með henni og færa hana á skjólbesta stað í illviðrum.

### Vetrarumhirða – blómmyndun

Þegar blómgunartíminn er liðinn að áliðnu sumri er rétt að fjarlægja visin blómin. Þá fer plantan að huga að því að búa sig undir vetrardvala. Að hausti hefur hún hlaðið á sig blómbrumum á enda nýju sprotanna, sem skila enn meira blómskrúði næsta vor. Plönturnar ætti því ekki að klippa niður nema sem nemur hugsanlegu vetrarkali. Langar og brothættar greinar má hins vegar stytta nokkuð.

Hér á landi er ekki hægt að treysta því að stofuhind yfirvetri í garðinum en að áliðnu sumri eru plönturnar færðar inn í svalan gróðurskála þar sem þeim ætti að líða vel þar til vorar á ný, eða jafnvel á svalan stað án birtu meðan á dvalartímanum stendur. Gömul og virðuleg stofuhind ræktuð við bestu aðstæður getur orðið mannhæðarhá. Að vori er hægt að færa plöntuna út í vel valinn stað í garðinum en þá er gott að muna að henni líkar illa kuldi og vosbúð.

---

*Höfundur er kennari við Garðyrkjuskóla FSu Reykjum.*

## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

RANGÁRÞING EYSTRA

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:*

**Sámsstaðabakki – Nýtt deiliskipulag**

Deiliskipulagstillagan tekur til 16,4 ha svæðis sem gerir ráð fyrir fimm landbúnaðarspildum. Spildurnar eru um 2,5 - 3,4 ha að stærð. Byggingarmagn fer frá 400 m$^2$ upp í 1.000 m$^2$ eftir stærð lóðarinnar. Hámarkshæð húsa er allt að 6 m frá botnplötu og þakhalli 0-60 gráður.

*Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að aðalskipulagsbreytingu og nýtt deiliskipulagi:*

**Móbakki - nýtt deiliskipulag**

Tillagan tekur til þriggja byggingarreita úr landi Móbakka, L238089. Á L2 er gert ráð fyrir allt að 500 m$^2$ íbúðarhúsi, á L2 er gert ráð fyrir fimm 60 m$^2$ gestahúsum fyrir allt að 20 gesti en á L1 er gert ráð fyrir 2.000 m$^2$ reiðhöll og hestaspítala. Hámarks bygginga er 6,5 m en 8,0 m á hestaspítalanum.

**Móbakki – aðalskipulagsbreyting**

Með aðalskipulagslýsingunni er verið að afmarka nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) með heimild til fastrar búsetu. Auk þess verður skilgreind samfélagsþjónusta fyrir dýraspítala og verslunar- og þjónustusvæði fyrir gistingu.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli.
Umsagnar- og athugasemdarfrestur auglýsingarinnar er frá **13. apríl til og með 25. maí 2026.**

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
**Þóra Björg Ragnarsdóttir**
**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra**












Matarkrókurinn:

# Þrýstipottur og nautarif



**Hafliði Halldórsson**
haflidi@icelandiclamb.is





Þrýstipottur er afar handhægt tæki sem að mínu viti á heima í öllum eldhúsum og voru ansi víða til hér einu sinni. Með þrýstipotti má elda hratt bita sem annars þurfa afar langan eldunartíma, tryggja góða niðurstöðu og spara tíma og bætir nýtingu á hráefnum og eykur notkunarmöguleika á seigum kjötbitum. Tímasparnaður er oft miðaður við helmingun hefðbundins suðutíma, en getur verið enn meiri.

Tæknin er einföld, potturinn er með öryggisloki, þéttlokaður með hráefnum og vökva s.s. kjötsoði eða vatni, potturinn hitnar í allt að 120 °C og þá myndast háþrýstingur sem flýtir fyrir eldun. Eldun á kjöti í þrýstipotti gefur mjúka, bragðgóða bita, auk þess gefur aðferðin okkur hratt soð eða sósugrunn og er oft notuð við soðgerð þegar bein og grænmeti er soðið í pottinum. Best er að nota aðferðina á þá bita sem eru seigir og þurfa langa eldun eins og t.d. nautarif, skankar og fleiri slíkir bitar. Ekki fyrir bita eins og lundir, hryggvöðva eða aðra bita sem við flest eldum minna. Varist að fylla þrýstipott aldrei meira en að tveimur þriðju þar sem gufan þarf ákveðið rými. Á pottinum er ventill sem stýrir því hversu mikil gufa kemst út og hefur alla jafna þrjár stillingar sem er mikilvægt að skilja og fylgja samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Í lok eldunartíma þarf að gæta þess að opna ekki pottinn fyrr en hann hefur kólnað nóg og þrýstingurinn hefur slaknað. Það má líka færa pottinn (lokaðan) í vaskinn og kæla í vatni til að flýta hér fyrir. Þrýstipotta má finna í ýmsum góðum verslunum, t.d. hjá vinsælli búð í Garðabæ sem er best þekkt af sölu húsgagna.

Ef við hugum svo að praktíkinni þá keypti ég flott nautarif á Matarmarkaði Íslands fyrir skemmstu, beint frá bónda auðvitað, og þegar heim var komið gat ég haft rifin strax í kvöldmat þar sem eldunartíminn var innan við tvær klst. í heildina þar sem ég notaði þrýstipottinn. En hefði tekið mig minnst 4–6 tíma með hefðbundinni aðferð í ofninum á lágum hita. Ég læt þessa einföldu uppskrift frá sunnudegi í mars fljóta hér með.

***Nautarif elduð í þrýstipotti***

- ***1,5 kg nautarif***
- ***salt***
- ***pipar***
- ***matarolía***
- ***½ hvítlaukur, skorinn í tvennt***
- ***1 laukur***
- ***2 lárviðarlauf***
- ***1 msk. timjan þurrkað***
- ***1 msk. kóríanderfræ***
- ***3 dl rauðvín (má sleppa)***
- ***1 l nautasoð (má nota vatn)***
- ***3 msk. eplaedik***

Byrjið á að salta nautarifin ríkulega og brúna í 180 °C heitum ofni í 30 mínútur. Hitið þrýstipottinn án loks, skerið laukinn í sneiðar og svitið í pottinum með hvítlauk, olíu og öllu kryddinu. Bætið öllum vökvanum í pottinn ásamt nautarifjum, lokið pottinum og náið upp suðu/þrýsingi og lækkið svo hitann. Sjóðið í 60 mínútur, slökkvið svo undir og hleypið gufu út með ventlinum, kælið pottinn, opnið varlega og fjarlægið rifin, sigtið soðið í annan pott og sjóðið niður fyrir sósu.

Ef þið eigið ekki þrýstipott þá mæli ég með eftirfarandi, allt ferlið er það sama nema að þið setjið allt í ofnfast mót og lokið með álpappír, eða ofnpott með loki og eldið í ofninum á 90 °C í 6 klst. eða á 120 °C í 4 klst.

***Rauðvínssósa með soja og hunangi***

- ***Soðið úr pottinum, um 1 lítri***
- ***½ dl sojasósa***
- ***2 msk. hunang***
- ***rauðvínsedik***

Sjóðið soðið niður eftir smekk og smakkið til með sojasósu, hunangi og ediki. Markmiðið er að hún verði þykk og bragðmikil með ögn af súrsætum keim.

***Ristaðir kartöflubátar***

- ***3 bökunarkartöflur***
- ***matarolía***
- ***salt***

Skerið kartöflur í báta og leggið í kalt vatn. Takið víðan pott og sjóðið upp á vatni og saltið ríkulega, forsjóðið kartöflurnar þar til þær eru næstum eldaðar í gegn. Sigtið og látið á ofnskúffu, penslið með olíu og ristið í ofni á 180 °C í 20 mínútur.

***Rauðkálssalat***

- ***rauðkál***
- ***gulrætur***
- ***blaðlaukur, hvíti hlutinn***
- ***rauðvínsedik***
- ***salt***
- ***matarolía***

Svona salat má gera án nákvæmrar uppskriftar eða hlutfalla af grænmeti, skerið grænmetið í þunnar sneiðar. Ágætt viðmið er að hafa um 1 lítra af skornu grænmeti sem þið bætið 1 dl af ediki og 2 msk. af matarolíu við og saltið eftir smekk. Best að fái að standa á borði í 15 mínútur áður en þið berið fram. Tilvalið að gera í magni og geyma í kæli í 2–3 vikur.

## KROSSGÁTA



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 262 | SÖNGLEIKUR | TUNGUMÁL | ÍSKUR | DROLL | ■ | STUTTNEFNI | ÞEYSAST | FYRIRFERÐ | TÁKN | ■ |
| | | | | SLAKUR | | | | | | | | | | EINDREGINN |
| | | | | HÝÐI | | | | | HÁLFAPI | | | | | |
| | | | | EKKI NOKKRU | | | | | FJÖRGAST / MÁLMUR | | | | | |
| | | | | Í RÖÐ / SLÓR | | | ÞUSA / KRAFTI | | | | | | SVIÐ | |
| ■ | | MÆÐI | ÁLKA / BLÖSKRI | | | | | AFKVÆMI | | ÁRI / ALLT Í LAGI | | | | |
| FLÆÐA | | | | | AFKIMI / GNEISTA | | | | | | ERFÐAVÍSIR / STÖÐUGT | | | |
| SVIPTUR | | | | | | LASLEIKI / ÓHEFT | | | | | | TVEIR EINS / TVEIR EINS | | |
| RÓMVERSK TALA | | | ÚTDEILT / ÞJÓTA | | | | | | NAFN / TVENND | | | | | BRÆÐI |
| ■ | | EGGJAR / ÞÓNOKKRA | | | | | EMJAN | FLÍK / UMGERÐA | | | | | FRÁBÆR | |
| SPILDA | | | | LENGJA / LÖMUN | | | | | | STAÐALGILDI | | ÖFUG RÖÐ / ÓKJÖR | | |
| TORTRYGGJA | | | | | | FYRIRVARI / ÖFUG RÖÐ | | | | | | | | |
| SKIMA | | | VÖRUBIRGÐIR / TVEIR EINS | | | | | | FAGURGALI / TVEIR EINS | | | | | |
| SUNDFÆRI | | | | | LIPUR | | | | | | STEFNA | | | |
| GÆLUNAFN | | | | | | TÆPLEGA | | | | | | | | ■ |

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 261 | HÁVAÐI | RANGLA | STAFUR | FLANDRA | ■ | HEIÐUR | FÁSINNA | RJÁL | REIÐUR | ■ |
| | | | | DÍVAN | S | V | E | F | N | S | Ó | F | I | TUNGUMÁL |
| | | | | HRÓP | K | A | L | L | ILLVILJI | Ó | V | I | L | D |
| | | | | ÁVINNA | A | F | L | A | HÆLA / STARFA | M | I | K | L | A |
| | | | | TVEIR EINS / ÁTT | R | R | NÓTA / INNHORN | K | V | I | T | T | U | N |
| ■ | K | LÍKAMSPARTUR | HALLI / BURT | S | K | A | K | K | I | HRIFSAÐI | DUGUR | Í RÖÐ / SPAÐI | R | S |
| UPPHAF | A | L | F | A | BYLUR | SKORTIR / ENDAST | V | A | N | T | A | R | ÞRAUT | K |
| SLUNGINN | F | Æ | R | HVERSU / GNAUÐA | H | V | E | GLÓSA / KÚFAÐUR | N | Ó | T | E | R | A |
| SINNASKIPTI | F | R | Á | H | V | A | R | F | GLEYPA / BLETTIR | K | O | K | A | STAÐNA |
| TVEIR EINS | I | I | ATHAFNASAMUR / NAFNGIFT | V | I | R | K | U | R | FJAS / FLÖKTI | R | A | U | S |
| ■ | S | HLIÐ / TÖFRAORÐ | S | Í | Ð | A | KEPPNI / HRATT | L | E | I | K | NUGGA / LALL | N | Ú |
| ÞÝÐA | T | Á | K | N | A | FLETIR / FUGL | H | L | I | Ð | A | R | MÁNUÐUR | R |
| ELDSNEYTI | O | L | Í | A | NAFN / ÁTT | G | A | U | T | I | SMÁBITI / ÖFUG RÖÐ | Ö | G | N |
| UMMERKI | F | Ö | R | NÆSTUM | N | Æ | R | R | I | SINDRA | G | L | Ó | A |
| ÓNOTAST | A | G | N | Ú | A | S | T | AFTURKALLA | R | I | F | T | A | ■ |

www.bbl.is

# HUGARÍÞRÓTTIR

## 23 slagir í einu spili

**Undankeppni Íslandsmótsins fór fram á dögunum í Fjölbrautaskólanum í Ármúla og vann Infocapital mótið með fáheyrðum yfirburðum. 28 sveitir víða af landinu börðust um 12 sæti í úrslitum.**



Björn Þorláksson.

Í öðru sæti endaði sveit Doktorsins og í þriðja sæti var sveit Karls Sigurhjartarsonar. Fjórar landsbyggðasveitir komust í úrslit sem hlýtur að vera lesendum Bændablaðsins ánægjuefni.

Spilaðar voru 12 umferðir eftir Monrad kerfi og tókst mótið vel í hvívetna undir styrkri leiðsögn Matthíasar Imsland, framkvæmdastjóra Bridgesambands Íslands.

Í spili dagsins úr mótinu gekk mikið á. Fimm pör fengu að spila 5 spaða doblaða og unnu sinn samning án vandkvæða. Fjögur pör melduðu 6 spaða yfir 6 tíglum og gáfu aðeins út 100 eftir dobl sem er lítið þegar hálfslemma í hina áttina á hættunni er í boði. 13 pör fengu 3 eða 4 grönd með sterku spilin. 9 pör spiluðu draumasamninginn, 6 tígla, sem gaf 407 stig í butler. Eitt par meldaði 6 grönd yfir 6 spaða fórn andstæðinganna og fékk úr hjartaás sem gaf spilið!

Þeir sem nota Tartan eða sagnvenju sem Íslendingar kalla Jón og Símon, þar sem hálitarsögn lofar einnig láglit, voru með forskot. Þar sem suður gat vakið á 2 spöðum fór alla jafna vel hjá NS.



Aðalsteinn Jörgensen, fyrrum heimsmeistari í bridds, átti gott mót með makker sínum, Birki Jóni Jónssyni, í sveit InfoCapital í undankeppni Íslandsmótsins í bridds. Hlynur Garðarsson í andstöðunni. Mynd/BÞ




19 impar runnu til í þessu eina spili í einni viðureigninni milli SFG og Akureyrar-apóteks. 1370 plús 650 – ekki á hverjum degi sem spilaguðirnir útdeila hendi þar sem 11 slagir eru í aðra áttina og 12 í hina!

Sagnir þar sem Gunnlaugur Karlsson-Kjartan Ingvarsson sátu NS voru þannig að Gunnlaugur opnaði á tveimur spöðum, dobl, 4 spaðar hjá Kjartani. Eftir annað dobl vesturs meldaði Kjartan 5 spaða og eftir einn eitt doblið dóu sagnir út.

*Umsjón: Björn Þorláksson,*
*bjornthorlaksson@gmail.com*

## Risinn Reykjavíkurskákmótið



Gauti Páll Jónsson.

Opna Reykjavíkurskákmótið fór fram í Hörpu dagana 25.–31. mars. Mótið er að öllum líkindum stærsta alþjóðlega skákmót í heimi, þar sem teflt er í einum flokki, sem ekki er skipt eftir stigum. Íraninn Amin Tabatabaei vann glæsilegan sigur með átta vinninga úr níu skákum, og það eftir að hafa unnið sjö fyrstu. Vignir Vatnar stóð sig best Íslendinga. Í stað hefðbundinnar frásagnar um mótið ætla ég að tæpa dálítið á fyrirkomulagi og hvernig það getur komið út hjá hinum ýmsu skákmönnum.

Sé skákmaður með of fá skákstig miðað við styrkleika, þá er Reykjavíkurskákmótið líklega besta skákmót sem hægt er að velja. Stig Kínverjans Liu Bei voru fyrir mót 1963 en eftir mót var árangur hans upp á 2480. Þessu fylgdi áfangi að alþjóðlegum meistaratitli! Hann er einfaldlega mjög sterkur skákmaður og hélt dampi gegn miklu stigahærri. Þá verður mótið frábært.



Amin Tabatabaei, sigurvegari mótsins.

Hvernig er mótið fyrir skákmann í framför, sem er kannski u.þ.b. 100 stigum sterkari en stigin segja? Ég tek Guðrúnu Fanneyju Briem sem dæmi, unga landsliðskonu með 1993 stig, en hefur oft sýnt styrkleika upp á allavega 2100. Mótið hennar var eiginlega að öllu leyti þannig að hún vann skákmenn 300 stigum lægri en hún sjálf, og tapaði gegn skákmönnum 300 stigum hærri en hún sjálf. Hvernig er þetta gott mót fyrir Guðrúnu? Jú, kannski þarf einfaldlega að ætlast til þess að hún taki punkta af mönnum 300 stigum hærri eins fljótt í mótinu og hægt er, en gangi það ekki eftir, verður niðurstaðan svekkjandi, nánast tilgangslítil. Markús Orri Óskarsson (2049 stig) er í svipuðum sporum og Guðrún en náði þó vinningum gegn stigahærri mönnum. Eftir sigur gegn alþjóðlegum meistara og jafntefli gegn öðrum, parast hann samt sem áður í sjöttu og áttundu umferð gegn skákmönnum tæpum 300 stigum lægri. Þannig að jafnvel þó allt gangi upp þarf að vinna sig aftur inn í mótið.

Niðurstaðan er að mótið er frábært fyrir suma og gott fyrir marga ef allt gengur upp. Ef illa gengur er hins vegar mjög erfitt að vinna sig aftur upp. Það breytir því ekki að mótið er stórskemmtilegt, og kannski er óþarfi að breyta fyrirkomulaginu ef önnur smærri alþjóðleg mót bætast við flóruna meðan risinn Reykjavík Open stendur eftir í óbreyttri mynd.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

*Umsjón: Gauti Páll Jónsson*
*gauti.pj@hotmail.com*



Erfinginn:

## Guðmundur Fróði

**Nafn:** Guðmundur Fróði Sverrisson.

**Aldur:** 7 ára.

**Stjörnumerki:** Tvíburi

**Búseta:** Ég bý á Núpi 3, V-Eyjafjöllum.

**Skemmtilegast í skólanum:** Að fá frið.

**Áhugamál:** Að spila á trommur, LEGO og tölvur.

**Tómstundaiðkun:** Kannski seinna.

**Uppáhaldsdýrið:** Panda.

**Uppáhaldsmatur:** Spagettí.

**Uppáhaldslag:** Það bera sig allir vel með Helga Björns.

**Uppáhaldslitur:** Blár.

**Uppáhaldsmynd:** Star Wars.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég lék mér í risastórum pappakassa þegar ég var pínulítill.

**Hvað ertu ánægð/ánægður með í fari þínu:** Að ég hef ADHD og einhverfingu.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Að fæðast.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Bara Guðmundur Fróði eins og ég hef alltaf verið.



**Viltu taka þátt? Hafðu samband.**
**sigrunpeturs@bondi.is**

# SUDOKUÞRAUTIR

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 5 | | | 6 | | | 8 |
| | | 6 | | 5 | 7 | 9 | | 4 |
| | 8 | 2 | | 3 | | | | 7 |
| | 7 | 1 | | 8 | | | 4 | |
| | | | 4 | | | 2 | 7 | 6 |
| 9 | | | 6 | | | | 8 | |
| 5 | 4 | | 7 | 1 | 3 | | | |
| 2 | | | 9 | | | 4 | 3 | |
| 3 | | 8 | | | 4 | 7 | 9 | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | | | | |
| 1 | | 4 | 9 | | | | | |
| | | | | 6 | | 3 | 9 | 5 |
| 9 | 2 | | | 4 | | | | |
| | | 6 | 2 | | | | 8 | |
| | | | | 5 | 3 | | 6 | 9 |
| | 4 | 9 | | | 5 | | | 1 |
| | | | | | 6 | | | |
| | | 7 | | | 8 | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | 3 | | 6 | |
| | 4 | | | 8 | | | | 7 |
| | | 8 | | | 6 | | 9 | 2 |
| | | | | | 7 | 6 | 5 | 1 |
| | | | | | 9 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | | |
| 7 | 8 | 5 | 3 | | | 1 | | |
| 4 | | | | | | | | |
| | | | | | 1 | 2 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 5 | | | | 8 | 1 |
| | 5 | | | 7 | | | | |
| 7 | | | | | 6 | | | |
| 2 | | 4 | | | | | 3 | |
| | | | | | | | | |
| 8 | 6 | | 1 | | | | | 2 |
| | | | 2 | | 5 | | | 3 |
| | | 1 | | 3 | | 6 | | |
| | | | 6 | | 8 | | | 9 |

**Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

# Stjörnuspá

**Vatnsberinn** mun finna fyrir óvæntri spennu í kringum sig á næstunni. Framtíðarsýn hans skerpist og ný tækifæri í peningamálum gætu komið upp, en varfærni er nauðsynleg. Í ástarmálum þarf hann að vera með athygli auk þess að vera viðbúinn krefjandi fjölskyldu. Velgengni fylgir litlum skrefum, ekki stórum stökkum. Happatölur 37, 3, 99.

**Fiskurinn** er í góðu jafnvægi og má horfa bjartsýnn fram á veginn. Peningamál þróast hægt en vel. Ástin blómstrar sem aldrei fyrr, fjölskyldubönd styrkjast og gleði fylgir samveru, en nú verður erfiðum kafla senn lokið. Heppni mun einnig leika aðeins við fiskinn en hann má ekki gleyma að deila henni með öðrum. Happatölur 65, 22, 1.

**Hrúturinn** stendur frammi fyrir breytingum sem krefjast hugrekkis. Framtíðarsýn er skýr en ákvarðanir þurfa að vera ígrundaðar. Peningamál gætu sveiflast. Í málum hjartans þarf hann að sýna þolinmæði og vita að fjölskyldan styður hann, þó hann taki ekki alltaf eftir því. Heppni fylgir áræðni. Happatölur 43, 4, 65.

**Nautið** þarf að halda ró sinni og einbeita sér að langtímamarkmiðum með það í huga að þó peningamálin séu stöðug krefjist þau skipulags svo bætist megi í sekkinn. Ástarlífið fær nýjan neista ef nautið leggur sig fram við að opna hjarta sitt auk þess sem fjölskyldan kallar á meiri nærveru. Happatölur 8, 18, 91.

**Tvíburarnir** finna fyrir mikilli orku og hugmyndaflugi – „aldrei þessu vant“. Í þetta skipti mun þó framtíðarsýn þeirra opna fyrir jákvæðari sýn þar sem gamlar hömlur eru fjarlægðar. Ástarmálin eru í algleymingi, létt og skemmtileg – og flýtur tvíburinn um á skýi og nýtur jákvæðni og léttleika um þessar mundir. Happatölur 12, 27, 88.

**Krabbinn** þarf að hlúa að tilfinningum sínum og setja mörk. Bæði virða annarra en allra helst þekkja sjálfan sig nógu vel til að láta ekki bjóða sér hvað sem er. Tilfinningamálin þarfnast hreinskilni á alla vegu en framtíðin býður upp á stöðugleika ef innsæinu er treyst. Fjölskyldan er lykill krabbans að vellíðan, öryggi og ró. Einhverja varfærni þarf að sýna í peningamálum. Happatölur 6, 14, 70.

**Ljónið** skín skært, a.m.k. skærar en fyrir hálfu ári og má með ró og festu mynda sér framtíðarsýn – bæði stóra og metnaðarfulla. Peningamál geta batnað ef ljónið skammtar sér vikupening og setur sjálft sig í smá aðhald. Þetta kemur allt með sumrinu ef ljónið heldur vel um sjálft sig og deilir ró sinni og jafnvægi með sínum nánustu. Happatölur 9, 33, 72.

**Meyjan** þarf að sleppa fullkomnunaráráttunni og treysta flæðinu. Framtíðarsýn skýrist þegar hún slakar á auk þess sem peningamálin eru í einkar góðum farvegi. Ástarlífið krefst opins hugar því sjaldan er sopið kálið þó í ausuna sé komið. Fjölskyldan heldur utan um meyjuna þegar þess þarf, þannig í raun þarf hún engar áhyggjur að hafa. Happatölur 5, 16, 84.

**Vogin** leitar jafnvægis á öllum sviðum lífsins. Á sviði mennta og atvinnu býður framtíðin upp á sátt ef hún tekur skýrar ákvarðanir, en vogin þarf að leggja svolítið á sig til þess að ná þeim markmiðum sem hún vill helst. Peningamálin glæðast með sumrinu og í mál hjartans bætist einnig ansi mikil glóð. Happatölur 11, 24, 66.

**Sporðdrekinn** upplifir djúpar breytingar og umbreytingu á sjálfum sér þá helst. Framtíðarsýnin hans krefst hugrekkis sem hann taldi sig hafa, en er nú óviss um og ekki bætir úr skák að peningamálin verða nú óstöðug um tíma. Í ástinni er tími hreinsunar og nýs upphafs. Ræða þarf málin af ýtrustu hreinskilni og með öll spil á borði. Happatölur 2, 19, 77.

**Bogmaðurinn** horfir fram á spennandi ævintýri, en hann mun skyndilega átta sig á því að lífið er fullt af möguleikum. Peningamálin munu batna ef teknar eru áhættusamar en vel ígrundaðar ákvarðanir með bjartsýnina að vopni. Ástin í lífi bogmannsins er undir sama hatti, þar má taka ákvarðanir, en útkoman verður einungis til heilla – frjáls og skemmtileg. Happatölur 7, 21, 90.

**Steingeitin** vinnur markvisst að markmiðum sínum með stöðuga og raunhæfa framtíðarsýn að leiðarljósi. Peningamálin eru í góðum farvegi og verða henni á einhvern hátt til gleði. Nánasta fjölskylda krefst tíma hennar – ekki skal hún vera spör á hann þótt síður sé, en þó setja mörk, sér í haginn. Happatölur 10, 28, 54.

## Tíska:

# Hámóðins með hækkandi sól

**Það er skemmtilegt þegar sólin tekur að skína og ekki síst þegar hægt er að busla í vatni baðaður hlýjum geislum hennar. Öllu fremur finnst flestum skemmtilegust aðdáun annarra en eins og einhverjar hetjur hafa uppgötvað koma leiftrandi efni í sundfatnaði þar sterkt inn.**



*Nýtísku sundbolur úr gljáandi „cloque“-efni.*
Mynd+texti frá árinu1936/Timarit.is



**Árið 1982 frumsýndi hin síunga Jane Fonda (þá 45 ára) fyrsta eróbikkvídeó sitt – sem varð gríðarvinsælt og kom henni samstundis á toppinn – en hún var ein þeirra sem setti tóninn þegar kom að metallitum og efnislitlum fatnaði.**

Gljá-sundföt í ætt metal-glansbrjálæðis níunda áratugarins koma lesendum líklegast fyrst í huga. Árið 1982 frumsýndi hin síunga Jane Fonda (þá 45 ára) fyrsta eróbikkvídeó sitt – sem varð gríðarvinsælt og kom henni samstundis á toppinn – en hún var ein þeirra sem setti tóninn þegar kom að metallitum og efnislitlum fatnaði. Metallitar smápjötlur urðu aðalmálið á methraða og ýttu undir notkun á hinum ýmsu glansandi efnum á borð við lycra og spandex, sem virkuðu jafn vel á laugarbakkanum og í ræktinni.

Málmgljáinn þótti draga fram vöðvatóna og sólarbrúnku, en á þessum tíma snérist tíska mikið um að sýna sterkan og tónaðan líkama enda engin skömm því að dást að olíusmurðum búkum (oftast stæltum) klæddum slíkum fatnaði.



**Kraftajötunn íklæddur glitrandi smáskýlu undir merkjum Iron Tanks.**

### Nauðsynlegt í sviðsljósinu

Sem áhugavert innskot má taka fram að hér á árum áður voru keppnisbúningar í vaxtarræktargreinum kvenna (bodybuilding) oft einfaldir og einlitir. Áherslan var eingöngu á vöðvamassa og línur, hvers kyns glit eða málmáhrif þóttu truflandi fyrir dómara.

Innleiðing bikinífitness, árið 2010, lagði hins vegar meiri áherslu á fegurð og heildarútlit þar sem málmlituð spandexefni þóttu endurkasta sviðsljósinu betur en hefðbundin efni og hjálpa dómurum að sjá vöðva- og uppbyggingu líkamans betur.

Að þessu sögðu gætu flestir áætlað að glansefnin, þá ekki síst þau málmlitu, væru ávöxtur þessa skemmtilega tímabils. Það kemur því nokkuð á óvart að fyrstu auglýsingar glansandi sundfatnaðar gleðja lesendur á árunum fyrir seinni heimsstyrjöldina.

### Ekkert pláss fyrir sundboli úr prjónlesi

Í grein Morgunblaðsins árið 1936, með titlinum *„Tískuklæðnaður kvenna við baðströndina“*, kemur fram að upplagt sé að gleðja sig við sjóinn og sólina þá sjaldan hún sést, og ekki síst að koma sér úr bæjarryki Reykjavíkurborgar. Lesendum er bent á að allrasmartast sé að *„baða sig í sól og sjó suður í Skerjafirði sem er að verða fjölsóttur baðstaður Reykvíkinga.“*

Eitthvað þurfi þó að huga að útlitinu og þó helst klæðaburðinum eins og kemur fram í greininni.

*„Prjónaði ullarbolurinn er nú ekki lengur aðal sund-klæðnaðurinn, þó hentugur sje. Tískukóngarnir hafa spreytt sig á að búa til sundföt og sund-boli úr alskonar „cloque“-efnum og prjónasilki. Við birtum hjer mynd af einum þessháttar nýtísku sundbol úr gljáandi „lastexcloque“-efni. Hann mun vera full dýrmætur, til þess að hætta honum út í saltar bylgjur hafsins, en hinsvegar er hann ljómandi fallegur þegar glitrar á hann í sólskininu.“*



**Bleik glansbrók frá versluninni Chubbies.**

**Blá glansbrók frá versluninni Topspot Apparel.**



Árið áður í annarri grein Morgunblaðsins, þá um efnisstranga, kemur lýsing á þessu gljáefni:

*„Margskonar „cloque“-efni, ofin gull- og silfurþráðum, sjást mikið. Af efnum eru hin nýju, spönsku „cloque“-efni mest í tísku og allavega efni ofin gull- og silfurþráðum.“*

Af þessu má draga að leiftrandi metallitar sundflíkur hafi verið móðins alllengi.

### Verður þú metalmanneskja í sumar?

Ef hugað er að sumarmánuðum ársins í ár, er ekki úr vegi að grafa gamlan sundfatnað, og fylgja nýjustu tískustraumum. Þær alhörðustu hafa nú þegar keypt sér ... metallitað og efnislítið bikiní, enda hæg heimantökin í verslunum á borð við MONY BODY á Grensásveginum þar sem hámóðins tíska ræður ríkjum.

Reyndar hafa sambærilegar sundbuxur á karlpeninginn ekki enn litið dagsins ljós í verslunum hérlendis en þær má finna á erlendum vefsíðum. Þeir allra hörðustu geta leitað á vefsíðum vöðvafjallanna þar sem hægt er að kaupa sér glitrandi smáskýlu í metallit. */sp*



## Leikfélag Keflavíkur:

# We will Rock you

**Leikfélag Keflavíkur frumsýndi söngleikinn We Will Rock You í byrjun síðasta mánaðar við öflugar undirtektir og vilja leikhúsgestir meina að sjaldan hafi sést viðlíkur kraftur á sviði.**



Myndir / Davíð Örn Óskarsson.

Verkið sem fjallar um frelsi, sjálfsmynd, uppreisn og mátt tónlistar er skrifað af hinum breska Ben Elton í samstarfi við gítarleikarann Brian May og trommarann Roger Taylor úr Queen. Ben, sem margir kannast við sem einn höfunda Black Adder, hefur m.a. leikstýrt stórum sýningum yfir árin, auk þess að snúa sjálfur á svið í West End árið 2023. Þar lék hann og leikstýrði hann sinni eigin sýningu, hinni einu og sönnu We Will Rock You og tókst þar á við hlutverk „Rebel Leader“ (áður þekktum sem Pop).

Söngleikurinn We Will Rock You er í senn óður til tónlistar Queen og dystópísk framtíðarsýn. Sagan gerist á plánetunni iPlanet, sem áður hét Jörðin, þar sem alræðisfyrirtækið Globalsoft ræður ríkjum. Í þessum heimi er öllu stýrt; ungmenni klæðast eins, hugsa eins og hlusta á tölvugerða popptónlist. Lifandi tónlist og hljóðfæri hafa verið bönnuð og gleymd.

Aðalpersónurnar, Galileo og Scaramouche, eru utangarðsfólk sem finna ekki samhljóm í þeim einsleita veruleika sem lífið er orðið. Þau sameinast því hópi uppreisnarseggja, svokallaðra „Bóhema“, í leit að týndum vísbendingum um fortíðina – sérstaklega goðsagnakennda „rokkið“. Boðskapur verksins snýst um einstaklingsfrelsið, sköpunargleðina og mikilvægi þess að týna ekki menningararfinum í tæknivæddum heimi. Verkið er í íslenskri þýðingu Jóhanns Axels Andersen, sem hefur fengið lof fyrir að fanga hinn alþekkta beitta breska húmor. Meðlimir leikfélagsins uppfærðu textann þó aðeins og staðfærðu og útkoman ekkert annað en snilld.

Leikstjórn er í höndum Kristínar Leu Sigríðardóttur, tónlistarstjóri er Sigurður Smári Hansson og danshöfundur Helga Ásta Ólafsdóttir.

Sýningar verða dagana 16., 17., 22., 23. og 26. apríl kl. 20 og nú er um að gera að reyna að ná sér í miða á tix.is.

(Varað er við notkun strobe-lýsingar í sýningunni.) */sp*

# Vísnagáta

Viðurinn vill mig eiga
vegina geri ég deiga
sumir kalla mig seiga
svo vil ég músina feiga.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar. Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 20. apríl. Lausnarorð síðustu gátu var **sandur.**

**Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson**
**gudbjorn.sigurmundsson@mk.is**

www.velaval.is - Alltaf opið

VÉLAVAL

- Sendum um land allt -

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 m/vsk. - texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.

**Jesús sagði:**
„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."
Matt. 28.20
biblian.is



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.
VÍR OG LYKKJUR EHF
772-3200




## Hársnyrtistofan Topphár

**Dverghöfða 27, 110 Reykjavík**

**Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin**

**Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum**

**Engar tímapantanir bara mæta!**

## Lok
### á heita potta



**Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 1 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.**



**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**

## Heitir Pottar



**Sex manna heitir pottar með einn legubekk og fimm sætum.**

**Fjöldi vatns- og loft nuddstúta. Ljós inni í pottum og að utan og með wifi tengingu. Lok, trappa og sía fylgir.**

**Verð kr. 850.000**

**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**



Slöngubátar fyrir alhliða veiði. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 8



Ástjörn, sumarbúðir fyrir 6-12 ára og 13-15 ára. Strákar og stelpur í öllum flokkum. Verð rúmlega kr. 11.000 pr. /sólarhring. Systkinaafsláttur. Ástjörn er nálægt Ásbyrgi og Hljóðaklettum á Norð-Austurlandi. Bátar og leiksvæði. Upplýsingar í s. 462-3980 - astjorn.is - facebook, instagram, youtube.



Solis smágrafa með húsi og bachoe. Tvær skóflur, ekin 18 t. Verð kr. 4.520.000 +vsk. Verð kr. 5.600.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 772-7872 eða 892-1524.

**ÞAK- OG HÚSAMÁLUN**

Vantar þig fagmenn í verkið? Við bjóðum upp á vandaða þjónustu í málningar og múrvinnu. Hafðu samband í s. 777-2346 (Davíð) eða á info@thakoghusamalun.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is




Steinullarbíllinn. Blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Minnkaðu hitatap lækkaðu kyndikostnaðinn. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann 577-4444.



Notaður klaufskurðarbás til sölu, upplýsingar í s. 892-0517.



Til sölu Massey Ferguson 8690. Árgerð 2011. Notuð 7.900 vinnustundir. Vélin er 375 hestöfl (búið er að "mappa" hana og þá eithvað meira afl og Adblu út). Henni hefur verið vel við haldið og er í góðu standi. Til dæmis: búið að fóðra upp frammhásinguna, skipta um alla skynjara tengt Comon rail kerfi, ný vatnsdæla, nýtt ökumannssæti, nýlega sett framm PTO í hana. Framdekk 600/65R34. Afturdekk 710/75R45. Ótrúlega lipur vél sem fer mjög vel með ökumanninn. Verð kr. 12.000.000 +vsk. Nánari uppl. í S. 892-0459.



Til sölu Nissan Note árg. 2014. Beinskiptur. Keyrður 82.000 km. Einstaklega vel með farinn bíll. Einn eigandi frá upphafi. Engin skipti. Uppl. í s. 892-4254. Verð kr. 1.200.000.



Sólarsella 600w Tvíglerja 23% nýtni Verð kr. 39.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Gróðurhús fyrir matjurtarækt, liggjandi yfir beði eða standandi. Dúkurinn er úr ljósgrænu pe. plasti með styrkingarþræði og sterkum rennilásum. Eigum einnig mjög falleg fuglahús til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Básamottur. Drenmottur. Gúmmíhellur. Plast girðingarstaurar. Plast prófílar í fjárhús, fjós og hesthús. Jarðvegsgrindur fyrir plön, gerði og garða. Gervigras. Útileiktæki og heildarlausnir. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Plöntuflutningabíll til sölu. Bíll með lyftaratækum plönturekkum fyrir 1.370 HIKO -plöntubakka. Heildarverð kr. 1.900.000. Sjá nánar á www.soffiafraenka.is. Skoða öll tilboð/ ath. að taka tveggja öxla kerru uppí.



Til sölu John Deere 6120 M, árgerð 2021. Ekinn 1.165 tíma. Verð kr. 14.400.000 +vsk. S. 864-9723 Óskar.



Til sölu Kia Soul Dísil árgerð 2017. Ekinn 129.000 km. Sjálfskiptur. Vetrar- og sumardekk fylgja. Þjónustubók. Verð kr. 1.290.000. Upplýsingar í s. 866-3855.



Til sölu Hyundai i20 árgerð 2014. Kúpling farin. Selst á kr 100.000. Upplýsingar gefur Márus s. 861-2613.



Til sölu Can-Am outlander 500, módel 2024, 2ja manna, ekin á milli 2 og 3.000 km. Með hjólunum fylgja tveir kuldagallar og tveir hjálmar. Verð kr. 1.700.000 m/vsk. Upplýsingar í s. 698-0075 eða litluleyndarmalin@gmail.com



Óska eftir Remington 550 1. 22 caliber riffil. Ástand aukaatriði því mig vantar varahlut. Verðhugmyndir 10 til 25þúsund eftir ástandi. Er með viðeigandi leyfi. Vinsamlegast hringið í Sveinbjörn í s. 898-7411. Eða netfang: svennig62@gmail.com



Óska eftir Cherokee fyrir lítið - 6cyl eða 8cyl. Má vera gamall, illa farinn osfrv., en gangfær. Vinsamlega hafðu samband við Þröst s. 769-0990.



Ford 350 King Ranch árgerð 2008. Ekinn 232.000 km. Fallegur, góður og vel með farinn bíll. Gott viðhald og ýmislegt búið að endurnýja. Góð sumardekk og negld vetrardekk. Verð kr. 2.800.000. Uppl. í s. 863-6895 og harmony@inharmony.is



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.
**Verð aðeins kr. 260.000**

**GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550**



Til sölu Bens Unimog árgerð 1982 ekinn8.900 km. Ásett verð kr. 4.900.000. Erum opin fyrir tilboðum. Upplýsingar í s. 894-5414 eða gardar1@simnet.is



Er með 11 fm smáhús til sölu, fullbúið með rafmagni án töflu til að halda rafmagns möguleikum opnum. Vínyl Parket, mdf plötur, panill í lofti og gerefti um glugga og hurð. S. 863-3777. Netfang: kriffihr1@gmail.com



Subaru legacy outback, árgerð 2014 aðeins, ekinn 114.500 km. Sumar og nagladekk fylgja. Afar vel með farinn. Er í Kópavogi. Verð kr. 1.990.000. Uppl. í s. 862-8896 Ingi







Gámafleti: Breyttu aðstöðugám í aðstöðuvagn. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Dodge Ram 3500 Larame árgerð 2017 til sölu. 6.7L Cummins dísil, ssk. Dekurbíll, einn eigandi frá upphafi.Get sent lista með aukabúnaði. Verð kr. 7.900.000 (Ekki virðisaukabíll) S. 897-2256.



Vel útbúinn John Deere 6630 í góðu lagi, til sölu. Árgerð 2009, notuð 8.960 tíma, 6 cyl. 140 hö. Vélin er með stiglausa - autopower skiptingu, með framhjólabremsum og 50km. ökuhraða. Fjaðrandi framhásing, og fjaðrandi hús . Fram PTO og framlyfta. Dekk 480/70R28 og 520/70R38 . Vélin er á Kálfafelli V-Skaft. Verð kr. 6.300.000 +vsk. Snjóplógurinn líka til sölu á kr. 550.000 +vsk. Upplýsingar í s. 822-8612.









New Holland T5.120 , 117 hö. Árgerð 2022, til sölu. Notuð aðeins 1.350 tíma, eins og ný og í topp lagi. Fjaðrandi hús, 3 vökvaúrtakspör, fín ámoksturstæki. Girkassi 16 x 16. 40 km. ökuhraði. Dekk 480/65R24 og 600/65R34 mjög fín. Vélin er á Kálfafelli,V-Skaft. Verð kr. 11.400.000 +vsk. Upplýsingar í s. 848-9872 - Björn.



Til sölu Lely Welger RPC245 tornado rúllusamstæða. Árgerð 2016, fyrst notuð 2017. Búið að rúlla 11.500 rúllur. 25 nýbrýndir hnífar. Upplýsingar í s. 866-1201.



Til sölu gámagrind fyrir 20 feta gám. Þarfnast aðhlynningar. Tilboð óskast. S. 893-6975.



Til sölu vélavagn. 40 tonna. breidd 275 cm. Þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast. S. 893-6975.



Til sölu Toyota Hilux árgerð 2006 beinskiptur, ekinn 233.000 km. Verð kr. 1.600.000. Uppl. í s. 864-2484.



Toyota Landcrusier VX 3.0. Árgerð 1997. Ekinn 432.000 km. Nýskoðaður. Staðsettur á Egilsstöðum. Verð kr. 650.000. Upplýsingar á netfangi: magnhildurbb@gmail.com



Mitsubishi pajero árgerð 2007 ekinn 322.000 km. Tveir eigendur frá upphafi. Ný skoðaður. Verð kr. 1.390.000. S. 849-5037.




Sporthýsi hentar hjólafólki og öðru útivistarfólki, með flutnings og gistingarlausn í einu. Verð kr. 1.609.000 +vsk. Verð kr. 1.995.000 m/vsk. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang:jhh@hak.is




Gámatjakkar,nýjung á Íslandi. Nú þarftu ekki lengur að hringja á kranabíl til að flytja gám. Lyftigeta 4.500 kg. á hvern tjakk. Upplýsingar á Bergvagnar.is eða í s.897-6871.



Lítill en afkastamikill kurlari sem tekur allt að 8 cm. sverar greinar. 6,5 hp. bensínmótor, 100 kg. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.



Rampar fyrir Frysti/Kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Hnífatætarar í stærðum frá 95–250 cm. Þessi er 150 cm. breiður. Aflþörf um 30–50 hp. Verð kr 365.000 + vsk. Nýtt blað á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is – S. 555-6520.




Skiptibíll: Til sölu KGM Rexton, 4x4, dísil, árgerð 2025, sjálfskiptur, ekinn 33.000 km. Verð kr. 8.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Traktorsdrifnar rafstöðvar ( Argo-Watt ) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Til sölu weckman ws 130 sturtuvagn, mjög lítið notaður, verð kr. 1.800.000 +vsk. Uppl í s. 864-2484.



Dísilhitarar til ísetningar með öllum aukahlutum. 5kw 12 0g 24 volt. Öll þjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Girðingarstaurar úr járni, 1.800 mm langir. Gataðir fyrir net og heitgalvaniseraðir, 3 mm. Staurarnir eru Y laga og extra sterkir, þar sem flaugin eru þrjú. Fáum takmarkað magn, verð kr. 1.178 +vsk. Erum að taka niður pantanir. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is www.hak.is




Trússkerrur. Eigum fjórar mismunandi tegundir/stærðir á lager verð frá kr. 548.500 +vsk. og kr. 680.000 m/vsk. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Dísil hitari 5kw 12,24 og 220v með 4l eldsneytisgeymi. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Girðingastaurar úr 4 mm. heitgalf stáli. L: 180 cm. Gataðir fyrir festingu á neti. Stærð: 40 mm. x 40 mm. Til á lager Verð kr. 1.280 +vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. www.hak.is - netfang: hak@hak.is




Einangraðir cargovagnar fást frá 3 og upp í 6 metra langir, nýtist sem verkstæði, kaffistofa, flutningsvagn, endalausir möguleikar. Eigum vagna á lager í ýmsum útfærslum. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díesel vélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3,Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.


KGM
Gæði á sterkum grunni
Ríkulega búinn
alvöru jeppi
KGM Rexton Adventure dísel, verð 12.890.000 kr.
Tilboðsverð 10.890.000 kr. - Örfáir jeppar eftir.
Byggður á grind
8 þrepa sjálfskipting
Sjálfstæð fjöðrun
202 hestöfl
Með háu og lágu drifi
Milli kassi með læsingu
Vökvafylltir mótorpúðar
Allt að 3.500 kg. dráttargeta
Skannaðu QR kóðann
fyrir nánari upplýsingar
Kolefnisjafnaður
5 ÁRA
Ábyrgð
4x4
benni.is
Reykjavík
Krókháls 9
S: 590 2000
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum í fimmtíu ár
Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði.



**Schäffer 23e.**
Árgerð 2022. Notkun 1.499 klst.
Euro rammi og taðgreip 120cm.
Verð kr. 7.000.000 +vsk.



**Case Puma**
200 CXV. Árgerð 2020.
Notkun 4.100 klst.
Frambúnaður og aflúttak.
Verð kr. 16.800.000 +vsk.



**Deutz Fahr 6150.**
Árgerð 2015. Notkun 3.200 klst.
Alltaf geymd inni á veturnar.
Verð kr. 7.300.000 +vsk.



**Claas Arion 460.**
Árgerð 2015. Notkun 7.500 klst.
Ámoksturtæki og skófla. Nýsmurð.
Verð kr. 7.600.000 +vsk.



**JCB 536-60 AGS.**
Árgerð 2018. Notkun 5.800 vst.
Gafflar og Skófla. Vél í toppstandi.
Verð kr. 7.200.000- án/vsk.



**Manitou MLT 625-75H.**
Árgerð 2021. Notkun 5.500 klst.
Snúningsgafflar.
Verð 6.700.000 +vsk



**JCB 538-60AGS.**
Árgerð 2020. Notkun 2.600 vst.
Gafflar og skófla.
Verð kr. 8.900.000- án/vsk.

VÉLFANG

**www.velfang.is**
**velfang@velfang.is**
**Gylfaflöt 32, Reykjavík**
**Óseyri 8, Akureyri**
**Sími: 580-8200**




Sennilega sterkustu vélakerrurnar á markaðnum, stærðir frá 300x150 cm upp í 480x180 cm. Verð frá kr. 1.050.000 +vsk. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm. rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.




Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2", 3", 4". Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m. dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tilheyrandi flóðum í kjallara ofl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka ofl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg. og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Claas Arion 550 C-matic - árgerð 2022, 3.200 vinnust. Fjaðrandi framhásing, frammbúnaður PTO, ámoksturstæki, tvöföldun að aftan getur fylgt. Vel með farinn, verð kr. 15.500.000 +vsk. Uppl í s. 868-6113.



Allt fyrir vökvakerfin (glussa). Rexroth stimpildælur og lokar á lager ásamt nánast öllum öðrum búnaði. Rexroth-Danfoss-Parker-Eaton/Charlynn-Valmet-SAI-Staffa-Intermot, Linde, Poclain og fl. Viðgerðarþjónusta. Flytjum inn og þjónustum Scanreco fjarstýringar. Vökvatæki ehf. Búðahellu 4X, 221 Hafnarfirði. S. 861-4401. vt@vokvataeki.is www.vokvataeki.is



Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Dren og básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmíhellur, útileiktæki, járnrimlagirðingar, gervigras . Heildarlausnir á leik og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Til afhendingar strax Hardox 450 -8mm botn og 5mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53gr. halla, seglyfirbreiðsla. Eigum einnig kraftmikla 24V vibratora fyrir vagna og vörubíla. Eigum von á einangruðum malbiksvögnum. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.




Midi fjölnota vagn Er frábær vagn sem hentar vel fyrir flutninga, geymslu, fjórhjólið, sleðann eða útileguna. Stærð 320x150x150 cm. 750 kg heildarþyngd og krefst ekki skráningar. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



For Sale: Unique Commercial Property – Wąsosz, Poland (Lower Silesia)Price: €360,000 Charming 850 m² former mill with banquet hall and guest rooms, just 40 min from Wrocław and 1 hr from Poznań. Located by a main road, near rivers and scenic nature – perfect for a guesthouse, hotel, or tourism business.Fully fenced 1,252 m² plot with option to expand to 1,744 m².vContact Jadwiga Lorek: +48 665 069 300/ jadwiga.lorek.contact@gmail.com




Með Margfleta-vagninum geturðu verið með mörg verkefni í gangi samtímis, einfalt að leggja fletunum frá sér. Frábær lausn með endalausum möguleikum. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Skiptibíll: Til sölu Renault Koleos, 4x4, dísil, árgerð 2020, ekinn 70.000 km. Verð kr. 4.890.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang-hak@hak.is




Einangraður aðstöðuvagn/flutningsvagn með eldhúskrók og klósetti. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8.000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Vindrafstöð 600w 12 eða 24v Verð kr. 59.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.




Gámatjakkar og Gámafleti. Nú þarftu ekki lengur að hringja á kranabíl til að flytja gám. Lyftigeta 4.500 kg. á hvern tjakk. Upplýsingar á bergvagnar.is eða í s. 897-6871.



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstæð verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is




Skiptibíll: Til sölu Hyundai i30, bensín, árgerð 2025, sjálfskiptur, ekinn 23.000 km. Verð kr. 4.190.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.

## Einkamál

Hæ vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

## Húsnæði

Fjögurra manna fjölskylda óskar eftir húsi til kaups í dreifbýli, helst á Suðurlandinu. Enginn búskapur. husisveit@outlook.com

## Óska eftir

Skoða og kaupi: Vínilplötur, frímerki, gömul póstkort, og allskyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Ég kaupi góðar ritvélar og hirði lúin eintök til að forða frá glötun. Astvaldur@bondi.is s. 822-5269.

Sturtuvagn óskast til kaups á Vestfjörðum eða í nágrenni. Þarf að geta borið 12 til 16 tonn. Guðmundur s. 894-9409.

Óska eftir verkfærum og tækjum til úrsmíða, vantar sérstaklega lítinn rennibekk einnig gömul úr. Uppl í s. 837-4757 eða sigornisl@gmail.com

Kaupi vínylplötur, CD diska, frímerki, gömul póstkort, mynt og seðla. Safna allskyns tónlistarefn. Óli s. 784-2410.

## Til leigu

Til leigu 27 fermetra bílskúr í Hafnarfirði. Hiti og rafmagn innifalið í leiguverði. Heitt og kalt vatn og aðgangur að salerni. Bílskúrshurð 240x259. Uppls. í s. 665-1247.

## Til sölu

Vantar nýjan eiganda að vefstólnum mínum. Góð íslensk smíði. Ýmsir fylgihlutir fylgja, hægt að setja upp trissu eða gagnbindingu, rakgrind, vefskeiðar, sköft, hesputré, spólurokkur o.fl. Upplýsingar í s. 898-2157.

## Þjónusta

Húseigendur og húsfélög . Nú er tími fyrir húsfélög og fasteignaeigendur til að huga að utanhúss viðgerðum fyrir sumarið 2026 og láta gera ástandsskýrslu og kostnaðaráætlun. Í framhaldi af því er nauðsynlegt að gera útboðsgögn og bjóða verkið út. Síðan þegar verkið fer af stað þarf að hafa eftirlit á framkvæmdum. Byggingaráð ehf. getur gert tilboð í ofangreint. Sendið fyrirspurn á magnus@byggingarad.is

limtrevirnet.is

# HVAÐ VILT ÞÚ BYGGJA?

Steinullareiningar eru frábært byggingarefni fyrir skemmur, geymslur og fjós



- Steinullareiningar henta í útveggi, þök og milliveggi.
- Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar fyrir byggingafulltrúa.
- Fljótleg uppsetning með stöðluðum lausnum.

**Hafðu samband og kynntu þér úrvalið.**

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Netfang: byggingar@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2024 · ÍSLENSKT · Framúrskarandi fyrirtæki 2024 · SBcert

# MASSEY FERGUSON


MF 8S Xtra er einn sparneytnasti, áreiðanlegasti & fjölhæfasti kosturinn í 200–300 hestafla flokknum.


Dyna-VT: stiglaus hraðastýring með mikilli eldsneytisnýtni.


Rúmgóður stjórnklefi með stórum gluggum sem veitir 360° útsýni og hentar fjölbreyttum verkefnum.

**Allt að 5.238.000 kr. sparnaður á 5.000 vinnustundum***

*Samanburður við dráttarvélar í sama aflflokki, reiknað út frá meðaltalsniðurstöðum DLG PowerMix í 12 prófunarlotum sem framkvæmdar voru með MF 8S Xtra. 265 Dyna E-Power (DLG prófunarskýrsla 7581). Eldsneytisverð: 279.70 kr/l, eðlisþyngd eldsneytis: 833 g/l; ISO-afl: 195 kW.




BÚVÉLAR

Hagstæð lánakjör í boði! Hafðu samband.

**GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is**

## XWOLF

*Fyrir þá sem fara lengra*

## MF 8S Xtra

*Fleiri hektarar á hverja áfyllingu. Meiri hagnaður allt árið.*

**SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0080 | www.buvelar.is**



LONCIN X


Mælaborðið sýnir helstu upplýsingar bæði skýrt og í lit. Bluetooth-tenging innbyggð.


Geymsluhólf að framan sem heldur síma og öðrum nauðsynjum þurrum og innan handar.


Þægilegt farþegasæti sem gerir ferðina þægilega og veitir gott útsýni í allar áttir.

AFLVÉLAR

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2025

2025 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri